**allt**

**SIGRÚN GUNNARSDÓTTIR**

*Börn náttúrunnar með basar*

bílar jól tíska ferðir

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**BRÁÐUM KOMA...**

**SMÁRALIND OG NÁGRENNI**

Gjafir, föt og sitthvað fleira

**SÉRBLAÐ FYLGIR FRÉTTABLAÐINU**






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. desember 2005 — 334. tölublað — 5. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

**Menningarpáfar í hanaslag**

Eiríkur Guðmundsson slær til baka



**MENNING 36**



**Flogið gegnum lífið**

Kvartett Sigurðar Flosasonar heldur tónleika í tilefni af fimmtíu ára dánarafmæli djassistans Charlie Parker.

**TÍMAMÓT 24**

**Breyttir tímar**

Ellert B. Schram spyr sig hvort Sylvía Nótt sé leiðinleg eða hann að verða gamall.

**UPP ÚR EINS MANNS HLJÓÐI 12**

**Íhugar að hætta að spila**

Páll Einarsson segist vera að íhuga að hætta leika knattspyrnu eftir harkalega gagnrýni Atla Eðvaldssonar.



**ÍÞRÓTTIR 58**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÞAÐ MÁ BÚAST** við stormi suðvestanlands í dag og víða um land í kvöld. Rigning og slydda með kvöldinu víða á landinu í dag.

# Kárahnjúkamótmæli kostuðu 20 milljónir

**Ríkislögreglustjóraembættið fær 38 milljónir aukalega vegna mótmælanna á Kárahnjúkum og til að reka starfsemi fjögurra sérsveitarmanna á Akureyri til reynslu í eitt ár. Lögreglumenn vöktuðu vinnusvæðið í um þrjár vikur í sumar.**

**FJÁRLÖG** Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita 38 milljónum króna á fjáraukalögum til ríkislögreglustjóraembættisins. Rúmur helmingur fjárveitingarinnar, tuttugu milljónir króna, er vegna sólarhringsvaktar embættisins vegna mótmæla umhverfisverndarsinna á Kárahnjúkum í sumar.

Sólarhringsvaktin var viðhöfð við vinnusvæði álversframkvæmda á Austfjörðum til að afstýra skemmdarverkum, eins og það heitir í rökstuðningi með fjáraukalögunum, og koma í veg fyrir að vinna yrði stöðvuð með ólögmætum aðgerðum, að mati lögreglunnar.

Jón Bjartmarz, starfsmaður Ríkislögreglustjóraembættisins, segir að embættið hafi verið með menn á vakt frá miðjum júlí þar til mótmælendur fóru suður kringum 10. ágúst. Vaktinni hafi þá verið hætt.

Ríkislögreglustjóraembættið fær fjárveitinguna og gerir síðan upp við þau embætti sem voru með menn á staðnum.

Veittar eru fimmtán milljónir króna til að fjármagna starfsemi fjögurra sérsveitarmanna á Akureyri sem heyra undir embætti ríkislögreglustjóra og undir daglegri stjórn sýslumannsins þar eða í því umdæmi sem þeir eru hverju sinni. Það er liður í að efla löggæslu fyrir norðan og er til reynslu í eitt ár til byrja með.

Þá er loks þriggja milljóna króna aukaframlag vegna kostnaðar við ferð fulltrúa kennslanefndar ríkislögreglustjóra til Taílands í kjölfar náttúruhamfaranna í Suðaustur-Asíu í janúar á þessu ári. Ferðin var farin að beiðni Norðmanna og í samráði við forsætisráðuneytið. Heildarkostnaður við hana nam rúmum þremur milljónum króna.

**- ghs**



**MÓTMÆLIN VIÐ KÁRAHNJÚKA** Gert er ráð fyrir 38 milljónum króna í fjáraukalögum til Ríkislögreglustjóraembættins. Rúmur helmingur er vegna aukinnar löggæslu Ríkislögreglustjóra við Kárahnjúka í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HH




**ÖRYRKJAR OG ELDRI BORGARAR FYRIR UTAN ALÞINGI** Fjölmenni var á Austurvelli í gær og mörg kröfuspjöld á lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalag Íslands:

# Krefja stjórnvöld um bætt kjör

**BARÁTTUMÁL** Um hundrað manns lögðu af stað frá Hallgrímskirkju klukkan hálf fimm í gær með kröfuspjöld á lofti og í takt við undirleik Skólahljómsveitar Kópavogs.

Fljótlega flykktust mun fleiri í kröfugönguna, sem lauk á Austurvelli. Áætla má að rúmlega þúsund manns hafi verið þar um klukkan fimm. Landssamband eldri borgara og Öryrkjabandalag Íslands efndu þar til fundar um kjaramál. Fyrst var þó staldrað við fyrir utan Alþingishúsið og þingmönnum og ráðherrum fengnar jólagjafir og orð í eyra.

Ólafur Ólafsson, formaður Landssambands eldri borgara, afhenti þá forseta Alþingis undirskriftalista með áskorun til stjórnvalda.

Á fundinum hélt Ólafur ávarp ásamt Margréti Margeirsdóttur, formanni Félags eldri borgara, og Sigursteini Mássyni, formanni Öryrkjabandalagsins.

Steindór Andersen kvað rímur að ræðuhöldum loknum og Aðalheiður Sigurjónsdóttir flutti leikatriði. Þá tók við tónleikahald og léku Gísli Helgason, Brynhildur Ólafsdóttir og hljómsveitin Sér á báti fyrir fundargesti, sem fengu að vökna þó nokkuð en rigningin lét á sér kræla í gær. **- jse /** **sjá síðu 4**



**VIÐ UMRÆÐUR Á ALÞINGI** Pétur Blöndal ræðir við ráðherrana Valgerði Sverrisdóttur, Árna Mathiesen og Guðna Ágústsson. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Allt samkvæmt áætlun:

## Þingið í jólafrí

**STJÓRNMÁL** Þinghaldi á Alþingi var frestað á áttunda tímanum í gærkvöldi til 17. janúar.

Sólveig Pétursdóttir, forseti þingsins, þakkaði samstarf og lipurt verklag við að ljúka þingstörfum á tilsettum tíma. Hún bað þingmenn að taka bruna í rafmagnstöflu þingsins í vikunni sem tákn um að þingmenn skyldu ekki vinna fram á nótt eins og gert hafði verið kvöldið áður en bilunin varð.

Margrét Frímannsdóttir þakkaði forseta og starfsmönnum þingsins lipurð og þolinmæði fyrir hönd þingmanna. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra las upp forsetabréf um frestun þinghalds og óskaði landsmönnum gleðilegra hátíðar. **- jh**

Eystrasaltsríkin:

## Stéttabarátta ekki jákvæð

**VINNUMARKAÐUR** Nýfrjálshyggjan blómstrar í Eystrasaltsríkjunum og almennt þykir ekki jákvætt að vera í stéttarfélagi. Verkalýðshreyfingin er þar að auki mjög veik. Fæst íslensku fyrirtækjanna sem eru þar með starfsemi hafa gert kjarasamninga við sitt fólk.

Kjör fólks í Eystrasaltsríkjunum eru mun lægri en tíðkast hér á landi og ætla forystumenn í verkalýðshreyfingunni því að hafa frumkvæði að samstarfi við íslensk fyrirtæki á þessu svæði. Stefnt er að því að bæta kjör í þessum löndum til samræmis við það sem gerist á Norðurlöndum, byggja upp verkalýðsfélög og gera kjarasamninga.

**- ghs/** **sjá síðu 12 í Fréttablaðið Laugardagur sem fylgir Fréttablaðinu í dag.**








## SPURNING DAGSINS

*Arnar, vilja Akureyringar ekki lengur búa á Akureyri?*

„Jú, jú, en sveitasælan heillar suma.“

Sífellt fleiri Akureyringar kjósa að búa í nágrannasveitarfélögum bæjarins. Arnar Guðmundsson er fasteignasali á Akureyri.

Bandaríkjamenn viðurkenna að hafa hindrað starf fulltrúa Rauða krossins:

# Fengu ekki að hitta alla fanga

**BANDARÍKIN, AP** Háttsettur embættismaður í bandaríska utanríkisráðuneytinu hefur staðfest að fulltrúum Rauða krossins hafi ekki verið veittur aðgangur að öllum þeim föngum sem eru í haldi Bandaríkjamanna, grunaðir um aðild að hryðjuverkum. Frá þessu greindi forseti Alþjóða Rauða krossins (ICRC) í gær.

John B. Bellinger III, lögfræðiráðgjafi utanríkisráðuneytisins í Washington, var spurður að því í höfuðstöðvum Rauða krossins í Genf hvort fulltrúar samtakanna hefðu fengið að vitja allra slíkra fanga sem væru í haldi Bandaríkjamanna. Bellinger svaraði því neitandi en neitaði að skýra svar sitt nánar.



**JAKOB KELLENBERGER** Forseti Alþjóða Rauða krossins á blaðamannafundi í Genf í gær. MYND/AP

Jakob Kellenberger, forseti Alþjóða Rauða krossins, sagði að hann hefði í meira en tvö ár þrýst á háttsetta fulltrúa Bandaríkjastjórnar að ganga úr skugga um að fulltrúar samtakanna fengju aðgang að öllum þeim stöðum þar sem Bandaríkjamenn héldu meintum hryðjverkamönnum föngnum. Meðal skilgreindra verkefna ICRC samkvæmt Genfarsáttmálunum er að hafa eftirlit með því hvaða meðferð stríðsfangar sæta. „Við höldum áfram viðræðum við þá um að fá aðgang að öllum þeim sem handteknir hafa verið í nafni hins svokallaða stríðs gegn hryðjuverkum, án landfræðilegra takmarkana,“ sagði Kellenberger. **- aa**

Ericsson í kreppunni:

## Konunum var fyrst sagt upp

**SVÍÞJÓÐ** Kvenkyns stjórnendur voru fyrst látnir fara frá fjarskiptafyrirtækinu Ericsson þegar harðnaði á dalnum fyrir nokkrum árum. Ericsson hélt þá eftir karlmönnum þar sem þeir voru frekar taldir þora að taka erfiðar ákvarðanir. Þetta kom fram í sjónvarpsviðtali við Anette Silvergran, fyrrverandi stjórnanda hjá Ericsson.

„Þegar Ericsson stækkaði voru margir hækkaðir í tign og þá fengu konur tækifæri. Þegar erfiðleikarnir hófust hélt yfirstjórnin sig við það venjubundna og trygga og lét konurnar fara,“ sagði hún. ■



**FYRIR RÆÐUNA** Ahmadinejad og Abdullah, konungur Sádi-Arabíu.

Ummæli Ahmadinejad:

## Gagnrýnd úr öllum áttum

**TEHERAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, varpaði þeirri skoðun fram á leiðtogafundi íslamskra ríkja í Mekka í Sádi-Arabíu í fyrradag að sakbitnar Evrópuþjóðir ættu frekar að láta gyðinga hafa landsvæði í eigin álfu undir ríki sitt en að koma vandanum yfir á Mið-Austurlönd.

Bandaríkjamenn, Rússar, Evrópuþjóðir og vitaskuld Ísraelar hafa gagnrýnt ummælin harðlega. Sádi-Arabar reiddust jafnframt orðum Ahmadinejad mjög en Mekkafundurinn var meðal annars haldinn til að bæta ímynd íslamskra ríkja í heiminum. Allt virðist það nú unnið fyrir gýg. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Stjórnendur sagðir leggja fólk í einelti

**Hluti starfsmanna Landmælinga Íslands segist hafa orðið fyrir einelti af hendi stjórnenda stofnunarinnar. Svört skýrsla tveggja sálfræðinga á samskiptum yfirmanna og undirmanna er í höndum umhverfisráðherra.**

**ATVINNUMÁL** Niðurstöður úttektar tveggja sálfræðinga á samskiptum yfirmanna og undirmanna Landmælinga Íslands eru áfellisdómur yfir stjórnendunum, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur aflað sér. Hluti starfsmanna stofnunarinnar segist hafa mátt þola einelti af hálfu yfirmanna.

Starfsmenn hafa verið mjög óánægðir með framkomu stjórnenda síðustu misserin.

Í vor var tekið upp nýtt skipurit stofnunarinnar og sviðum fækkað úr fjórum í tvö. Við það fækkaði sviðsstjórum en fimm öðrum millistjórnendum var bætt við í staðinn.



**MAGNÚS GUÐMUNDSSON** Forstjóri Landmælinga Íslands ætlar ekki að tjá sig um málið og segist ekki hafa séð niðurstöðu skýrslunnar.

Átta starfsmenn hafa sagt upp störfum sínum hjá Landmælingum Íslands á þessu ári en 35 störfuðu hjá stofnuninni.

Þessi starfsmannaflótti átti síðan sinn þátt í því að stéttarfélög starfsfólks Landmælinga, Félag íslenskra náttúrufræðinga og Útgarður, gengust fyrir því að fengnir voru tveir viðurkenndir sálfræðingar til að gera úttekt á samskiptum stjórnenda og starfsmanna. Náði úttektin bæði til þeirra starfsmanna sem voru hættir og hinna sem enn voru að störfum. Niðurstaðan var svo kynnt á tveimur fundum nú nýverið með núverandi og fyrrverandi starfsmönnum.



**LANDMÆLINGAR Á HORNSTRÖNDUM** Átta starfsmenn hafa sagt upp störfum sínum hjá Landmælingum Íslands á þessu ári en 35 unnu hjá stofnuninni. Hér eru starfsmenn við landmælingar í fyrrasumar, þyrlan TF-SIF í baksýn.

Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur aflað sér er skýrsla sálfræðinganna svört. Í henni bera sumir starfsmenn að þeir hafi orðið fyrir einelti yfirmanna. Stéttarfélögin grundvölluðu beiðni sína um úttekt sálfræðinganna meðal annars á reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað og lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en í þeim segir að stéttarfélag skuli sjá til þess að vinnuverndsé til staðar á vinnustað.

Stéttarfélögin hafa sent niðurstöður úttektarinnar til Sigríðar Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra en Landmælingar heyra undir ráðuneytið. Er þeim óskum beint til ráðherrans að hún láti kanna þátt viðkomandi yfirmanna í þeirri stöðu sem upp hafi komið hjá Landmælingum. Stéttarfélögin ætla að óska viðbragða ráðherra innan tveggja vikna frá því að niðurstöður bárust henni í hendur.

„Ég ætla ekki að tjá mig um málið,“ var það eina sem Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga, hafði að segja við Fréttablaðið þegar haft var samband við hann í Stokkhólmi þar sem hann er nú staddur. Spurður um hvort hann hefði séð niðurstöður skýrslu sálfræðinganna kvað hann svo ekki vera. Sér hefði ekki verið afhent hún. Ekki náðist í Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra, sem er í Kanada.

**jss@frettabladid.is**

**TILFELLI AF HETTUSÓTT 2005**

| Mánuður | Fjöldi |
|---|---|
| maí | 1 |
| júní | 3 |
| júlí | 11 |
| ágúst | 13 |
| sept. | 16 |
| okt. | 10 |
| nóv. | 19 |

Hettusóttartilvikum fjölgar:

## Hvatt til bólusetningar

**LANDLÆKNIR** Hettusóttartilfellum fjölgaði verulega í nóvember, samkvæmt Farsóttarfréttum Landlæknisembættisins. Nítján greindust með hettusótt í mánuðinum.

Í Farsóttafréttum fyrr á þessu ári var fjallað um hettusótt sem greinst hafði hér á landi á árinu 2005. Talið var að faraldurinn hefði náð hámarki í júlí og ágúst og myndi dvína seinni hluta ársins. Nú hefur hins vegar komið í ljós að svo er ekki. Þeir einstaklingar sem einkum sýkjast eru þeir sem fæddir eru á árunum 1981 til og með 1985 en það eru þeir sem misstu af MMR-bólusetningunni sem hófst hjá átján mánaða gömlum börnum á árinu 1989 og hjá níu ára gömlum börnum 1994.

Sóttvarnalæknir hvetur fólk sem fæddist á árunum 1981 til og með 1985 að láta bólusetja sig.

Fólk getur leitað til næstu heilsugæslustöðvar og verður bólusetningin þeim að kostnaðarlausu. Aukaverkanir af bólusetningunni eru sagðar óverulegar.

**- jss**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Kviknaði í stól** Eldsupptök í húsbruna á Ísafirði sem var manni að bana á áttu sér stað í taukæddum stól í stofu. Maðurinn fannst í stofunni þar skammt frá. Réttarkrufning hefur farið fram og í ljós kom að maðurinn lést af völdum reyks sem myndaðist í eldsvoðanum.


**Tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2006**






Kristín Marja Baldursdóttir

Saga um drauma og þrár, óvænta hamingju, óbærilega sorg og miklar ástríður.

Við óskum Kristínu Marju til hamingju með tilnefninguna.

Edda
edda.is


Lögmaður Jóns Ólafssonar vísar röksemdum Hannesar Hólmsteins á bug:

# Kallar eftir ávítum og sekt

**DÓMSMÁL** Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður Jóns Ólafssonar athafnamanns, fer fram á að héraðsdómur ávíti Hannes Hólmstein Gissurarson prófessor og Heimi Örn Herbertsson lögmann hans og ákveði þeim réttarfarssekt. Þetta gerir hún í greinargerð sem hún lagði fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Hannes freistar þess að fá endurupptekna aðfararheimild héraðsdóms vegna meiðyrðamáls sem hann tapaði í Bretlandi.

Sigríður Rut segir í greinargerðinni að Hannes og lögmaður hans hafi með aðilaskýrslu sem þeir lögðu fyrir dóminn farið langt út fyrir heimildir sem um slíkar skýrslur gildi. Hún segir í skjalinu að finna málflutning „auk þess sem skjalið inniheldur áframhaldandi refsiverð meiðyrði, rógburð og brigsl í garð varnaraðila og dreifingu ærumeiðinga“.



**SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR** Sigríður Rut er lögmaður Jóns Ólafssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigríður Rut bendir á að Íslendingar séu aðilar að Luganosamningnum og framvinda málsins því háð ákvæðum hans og óheimilt að fjalla efnislega um breska dóminn.

Í greinargerðinni er því mótmælt að falist geti sönnunarfærsla um sannleiksgildi orða í að leggja fyrir dóminn sams konar ummæli annarra. Þá er bent á að hér hafi menn verið dæmdir fyrir meiðyrði þrátt fyrir fyrirvara á borð við að „atburðir hafi yfir sér „þann brag“ að vera refsiverðir og/eða siðlausir í huga þess sem viðhefur meiðyrðin“. Þar vísar hún til sigurs Jóns í meiðyrðamáli á hendur Davíð Oddssyni, þá forsætisráðherra, frá því í júní 2004. Málið verður tekið fyrir í janúar.

**- óká**

# Vodafone live!

Hringitónar Fréttir og Íþróttir Leikir Skemmtun

# GÓÐA SKEMMTUN

*Komdu í spennandi heim afþreyingar og upplýsinga*



Vodafone live! SÍMI
**19.900 kr.**
NOKIA 6101

Vodafone live! SÍMI
**16.900 kr.**
MOTOROLA v360v

Vodafone live! SÍMI
**26.900 kr.**
NOKIA 6230i

*Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.*

og vodafone

Heyrumst!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30004 12/2005

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 9.12.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,02 | 64,32 |
| Sterlingspund | GBP | 111,97 | 112,51 |
| Evra | EUR | 74,43 | 75,85 |
| Dönsk króna | DKK | 10,12 | 10,18 |
| Norsk króna | NOK | 9,52 | 9,57 |
| Sænsk króna | SEK | 8,017 | 8,063 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5338 | 0,537 |
| | SDR | 91,21 | 92,75 |

*Gengisvísitala krónunnar*
106,55

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mannréttindavaktin um meint leynifangelsi CIA í Evrópu:

# Pólland helsta miðstöðin

**PÓLLAND, AP** Pólland var aðalmiðstöð leynifangelsa CIA í Evrópu, þar sem meintir hryðjuverkamenn voru hafðir í haldi á laun. Þetta fullyrti talsmaður Mannréttindavaktarinnar (Human Rights Watch) í gær. Talsmenn pólskra stjórnvalda halda hins vegar fast við að hafa hvergi komið við sögu.

Marc Garlasco, reyndur hernaðarmálasérfræðingur Mannréttindavaktarinnar, tjáði pólska dagblaðinu Gazeta Wyborcza að samtökin hefðu undir höndum gögn sem staðfestu það sem þau segðu um hlut Póllands í málinu. Gögnin sýndu einnig að Rúmenía hefði þjónað sem eins konar skiptistöð fyrir leynilega fangaflutninga CIA.

„Í Póllandi voru aðalyfirheyrslustöðvarnar og Rúmenía var meira eins og skiptistöð,“ hefur blaðið eftir Garlasco. „Þetta er það sem heimildarmenn okkar innan CIA tjá okkur og það sem við lesum út úr gögnum sem við höfum komist yfir.“

Fyrr í vikunni fullyrti Aleksander Kwasniewski, fráfarandi Póllandsforseti, að það væru „engin slík fangelsi eða fangar á pólskri grundu“. Áður hafði hann sagt að svo hefði aldrei verið. - aa



**ALEKSANDER KWASNIEWSKI** Fráfarandi Póllandsforseti segir engin leynifangelsi í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherra Svíþjóðar:

# Freivalds gæti stigið úr stóli

**SVÍÞJÓÐ** Laila Freivalds, utanríkisráðherra Svíþjóðar, er sögð íhuga alvarlega að segja af sér embætti. Hún þótti standa sig illa eftir flóðbylgjuna í Indlandshafi í fyrra og var harðlega gagnrýnd í úttekt sænsku ríkisstjórnarinnar.

Freivalds gagnrýndi nýlega ferðaskrifstofur fyrir að hafa losað sig undan ábyrgð á ferðamönnunum. Á fréttavef DN kom fram að ferðaskrifstofurnar hefðu sagt upp samningum við þá að ráðum utanríkisráðuneytisins. Ef það hafði ekki gerst hefðu ferðamennirnir ekki verið fastir á flóðasvæðunum og komist heim fyrir brottfarardag samkvæmt flugmiða. - ghs



**ÓSAMMÁLA BLAIR** Hollenski forsætisráðherrann Jan Peter Balkenende kveður Blair fyrir utan Downing-stræti 10 á fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Blair undirbýr leiðtogafund:

# Fjárlagadeila enn í hnút

**BRETLAND, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, sem nú gegnir formennskunni í Evrópusambandinu, ráðfærði sig við leiðtoga hinna ESB-ríkjanna í gær um þau mál sem til stendur að útkljá á leiðtogafundi í næstu viku. Mjög er þrýst á Blair að endurskoða tillögu Breta að fjárhagsáætlun sambandsins fyrir tímabilið 2007-2013, en samkvæmt henni er gert ráð fyrir miklum niðurskurði í útgjöldum sambandsins, þar með talið í styrki til fátækustu ríkjanna innan þess.

Jacques Chirac Frakklandsforseti sagði á fimmtudag að tillagan væri algerlega óviðunandi. Viðlíka óánægju gætti meðal margra annarra ESB-leiðtoga. - aa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Keyrt á konu í Hafnarfirði** Bíl var ekið á fullorðna konu á bílaplaninu við Samkaup í Hafnarfirði í gær. Konan, sem býr í þjónustuíbúðum aldraðra á Miðvangi, var á gangi eftir bílaplaninu þegar bílnum var ekið á hana. Konan hlaut minniháttar áverka.

**Hálka á höfuðborgarsvæðinu** Þrjú minniháttar umferðaróhöpp urðu í Hafnarfirði í gær. Ökumaður slasaðist lítillega í einum árekstranna. Aðrir sluppu ómeiddir en skemmdir urðu á bílunum. Þá urðu engin slys á fólki í þriggja bíla árekstri á Miklubraut síðdegis í gær.

# Krefjast niðurfellingar Baugsmálsins

**Sigurður Tómas Magnússon hefur verið settur saksóknari í Baugsmálinu öðru sinni. Verjendur í málinu telja engu að síður að hann hafi ekki verið gildur saksóknari í málinu á fyrra stigi og krefjast niðurfellingar þess.**

**BAUGSMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur öðru sinni sett Sigurð Tómas Magnússon sérstakan saksóknara í Baugsmálinu með það fyrir augum að taka af allan vafa um formlega stöðu hans til að fara með þann hluta málsins sem enn er rekin fyrir dómstólum.

Með formlegum bréfaskriftum í vikunni skilaði Sigurður umboði sínu til ríkislögreglustjóra. Eftir það var ferlið endurtekið með formlegum hætti; Bogi Nilsson ríkissaksóknari tók við málinu á nýjan leik, sagði sig síðan frá því sökum vanhæfis og dómsmálaráðherra skipaði Sigurð Tómas á nýja leik með bréfi dagsettu 8. desember.

Þegar málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær gerðu verjendur sakborninga kröfu um að ákæruliðirnir átta, sem til meðferðar eru, yrðu felldir niður þar eð vafi hefði leikið á því að Sigurður Tómas hefði verið rétt skipaður saksóknari í málinu þegar það var tekið fyrir í nóvember síðastliðnum. Líta bæri svo á að enginn hefði mætt fyrir hönd ákæruvaldsins í réttinum og um ítrekaða útivist svonefnda hefði verið að ræða.

Verjendur telja einnig að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sé vanhæfur til þess að skipa saksóknara í málinu og krefjast úrskurðar réttarins um hæfi hans.

Loks telja verjendur að óheimilt sé að flytja rekstur málsins milli embætta í miðjum klíðum og vísa til þess að Ríkislögreglustjóri hafi verið búinn að gefa út ákærur þegar málið var flutt milli embætta.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, mótmælti því að ákærandi hefði í raun ekki verið til staðar í málflutningi í nóvember og útilokað væri að komast að því að ákærandi hafi ekki verið viðstaddur meðferð málsins oftar en einu sinni. Sagði hann það réttarfarslega afskræmingu að telja engan bæran til þess að taka stöðu ákæranda í málinu.

Sækjandi og verjendurnir hafa áður lýst því að nauðsynlegt sé að skera úr um hæfi dómsmálaráðherra til þess að setja saksóknara í Baugsmálinu.

Búast má við að héraðsdómur dæmi í málinu strax eftir helgi.

johannh@frettabladid.is



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Í GÆR** Sigurður Tómas saksóknari og Gestur Jónsson, verjandi í Baugsmáli, ræðast við. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON SETTUR SAKSÓKNARI** Sigurður segir það réttarfarslega afskræmingu að telja engan bæran til þess að taka stöðu ákæranda í málinu.

Mótmæli aldraðra og öryrkja:

# Sagt í göngunni

**Haraldur Ólafsson**



„Við erum að bera yfirvöldum þau skilaboð að við viljum betri kjör. Við búum við mjög slæm kjör. Yfirvöld verða því að hækka launin okkar öryrkja. Við höfum dregist aftur úr og örugglega fimmtán árum á eftir öðrum í þessum efnum. Svo verður það bara að koma í ljós hvort þeir hlusta á okkur.“

**Guðni Ágústsson**



„Við í ríkisstjórninni hlustum á fólkið hér eins og annars staðar. Það kom einnig vel fram í máli forsætisráðherra á Alþingi í dag. Við viljum líka bæta kjör allra Íslendinga og þá eru öryrkjar og eldri borgarar engin undantekning. Við þurfum auðvitað að bæta kjör þeirra sem minnst hafa, það er okkar verkefni.“

**Guðbjörg Ásmundsdóttir**



„Við viljum segja yfirvöldum að þetta dugi ekki svona lengur, við verðum að fá mannsæmandi kjör eins og aðrir. Á þetta að vera eitt samfélag? Eða eiga einhverjir að vera útundan? Gangan gekk vel, við erum fjölmennur hópur og það getur ekki annað verið en yfirvöld taki þessi sterku skilaboð okkar alvarlega.“

**Axel B. Björnsson**



„Ríkisstjórnin er búin að hafa af okkur öryrkjum og eldri borgurum yfir 40 milljarða síðan 1995 og við viljum bara fá þessa peninga til baka. Við viljum betri kjör fyrir aldraða og öryrkja, við eigum það bara skilið. Svo verður það bara að koma í ljós hvort þeir eru menn til að hlusta á okkur og gangast við þessu eða hvort þeir eru bara skræfur. Ef þeir hlusta ekki á okkur er bara spurning hvað gerist um næstu kosningar.“


**20% afsláttur**

**af öllum teppum til jóla**



RAMMAGERÐIN

Hafnarstræti 19 | Sími 551 1122


## VEÐURSPÁ



Guðríður Arnardóttir
Náttúrufræðingur

**Stormur!** Það má búast við stífum vindi í dag, jafnvel stormi á Suðvesturlandi sem magnast með kvöldinu og má búast við stormi víða á landinu í kvöld og í nótt. Undir hádegið verður úrkomusvæði yfir Suðurlandi sem teygir sig svo til norðurs og má reikna með rigningu um allt land síðdegis. Það dregur úr úrkomunni undir morguninn en það verður þó áfram hvasst.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI** Slagveðursrigning um hádegi með hvassviðri fram eftir degi. Dregur úr úrkomu undir morguninn en áfram

*um hádegi»*




*» á morgun*




All hvöss eða hvöss vestanátt og bjartviðri eystra. Lítilsháttar skúrir eða slydda vestanlands.

*» mánudagur*




Nokkuð stíf suðvestlæg átt, víða bjart en lítilsháttar slydda eða skúrir vestanlands.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C sk.m.köflum | París | 6°C heiðskírt | Algarve | 18°C heiðskírt |
| Osló | 0°C sk.m.köflum | Berlín | 3°C léttskýjað | Milano | 9°C sk.m.köflum |
| Stokkhólmur | 1°C skýjað | Frankfurt | 4°C sk.m.köflum | New York | 6°C léttskýjað |
| Helsinki | -1°C skýjað | Madrid | 11°C heiðskírt | San Francisco | 14°C heiðskírt |
| London | 10°C léttskýjað | Barcelona | 12°C sk.m.köflum | Orlando/Florida | 21°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


Machintosh og
jólatrésdúkur
fylgir öllum
jólatrjám
fimmtud.-sunnud.
Quality Street
Jólatré
og kaupauki
Öll jólakort 30 % afsl.
Hýasintuskreyting 499
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind




## KJÖRKASSINN

*Eiga bankarnir að greiða skaðann komist þjófur í heimabanka fólks?*

| | |
|---|---|
| Já | 81,9% |
| Nei | 19,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Gætir þú hugsað þér að kaupa rafmagn af Símanum?*

Segðu skoðun þína á vísi.is

Slys í lendingu í Chicago í Bandaríkjunum:

# Þota rann út af brautinni

**CHICAGO, AP** Boeing 737-þota í innanlandsflugi í Bandaríkjunum skautaði út af flugbraut er hún lenti á snævi þöktum Midway-flugvellinum í Chicago í fyrrakvöld. Flugvélin fór í gegnum flugvallargirðinguna og út á þjóðveg með þeim afleiðingum að sex ára gamall drengur dó, en hann var farþegi í bíl sem þotan skall á.

Um borð voru 103 en aðeins tveir farþegar urðu fyrir meiðslum og voru þau ekki alvarleg. Þotan rakst á tvo bíla en í þeim voru alls níu manns. Auk drengsins sem dó hlutu hinir átta mismikil meiðsl; tveir fullorðnir og tvö börn lágu enn á gjörgæslu í gær.



**RAKST Á BÍLA** Boeing 737-þota Southwest-flugfélagsins á slysstað í gær. Í bakgrunni sést önnur sams konar þota svífa inn til lendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Snjóruðningstæki og ísingarvarnir á flugvellinum höfðu ekki undan er snjó kyngdi niður á fimmtudag. Yfir daginn féll þar átján cm jafnfallinn snjór. **- aa**

Sjálfstæðismenn á Akureyri:

# Kristján skoðar hug sinn

**STJÓRMÁL** Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, hyggst tilkynna í næstu viku hvort hann taki þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Akureyri vegna sveitarstjórnarkosninganna. Þær verði í febrúar á næsta ári.



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON** Bæjarstjóri á Akureyri.

Kristján skipaði efsta sæti á lista flokksins í síðustu bæjarstjórnarkosningum en margir hafa lagt hart að honum að gefa kost á sér til setu á Alþingi og segir hann að nú sé komið að ákvarðanatöku í þeim efnum. **- kk**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Snákar aflífaðir** Tveir snákar sem fundust við húsleit lögreglu í fyrrinótt hafa verið aflífaðir. Þeir fundust ásamt skammbyssum og tölvuverðu af hassi. Snákarnir voru yfir hálfur metri á lengd hvor, en blátt bann liggur við innflutningi slíkra dýra. Er það vegna þess að bit þeirra geta reynst hættuleg og svo geta þau borið með sér sjúkdóma, enda fara þau ekki í sóttkví, sé þeim smyglað.

## NOREGUR

**Fingralangar stúlkur** Könnun lögreglunnar á Hörðalandi sem Aftenposten greinir frá sýnir að unglingsstúlkur í Vestur-Noregi eru þrisvar sinnum oftar staðnar að búðahnupli en strákar og er skýringin sögð vera sú að þær séu undir mun meiri þrýstingi að eiga dýrar vörur en strákarnir. Búist er við miklum gripdeildum í jólaösinni.




# Vill óháða úttekt á öryrkjaskýrslunni

**Forsætisráðherra vill ekki staglast á tölum og biður um óháða úttekt á öryrkjaskýrslunni. Stjórnarandstaðan segir að samfélagið þoli ekki að góðæri sigli framhjá öryrkjum. Málið var rætt utan dagskrár á lokadegi Alþingis fyrir jól.**

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur ákveðið að fá óháðan aðila til þess að fara yfir niðurstöður skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors um öryrkja og velferð.

Þetta kom fram í utandagskrárumræðum um öryrkja og velferð á Alþingi í gær.

Ráðherrar og stjórnarliðar lýstu vanþóknun sinni á umræddri skýrslu. „Þessi skýrsla olli mér miklum vonbrigðum. Hér er kostað til miklum tíma og miklum peningum og fenginn til þess kunnur fræðimaður, gamall baráttufélagi úr launþegahreyfingunni. Og niðurstaðan er svo full af rangfærslum - þar sem verið er að bera saman ósambærilega hluti, sleppt úr heilu bótaflokkunum og nýjustu upplýsingar ekki notaðar - að það gerir hana nánast ónothæfa í þessari umræðu,“ sagði Árni Mathiesen fjármálaráðherra.

Málshefjandi var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Hún sagði meðal annars að skattastefna stjórnvalda hefði gert kjarabætur öryrkja að engu. Tekjutryggingarauki og aldurstengd uppbót færi öll í skatta. Góðærið hefði farið framhjá hópi öryrkja og íslenska samfélagið ætti erfitt með að þola slíkt. Kröfur væru háværar, ekki síst frá öryrkjum og öldruðum, um að spornað yrði gegn þessu. „Meðaltekjur þeirra hafa ekki þróast eins og annarra samfélagsborgara.“



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** „Meðaltekjur öryrkja hafa ekki þróast eins og annarra samfélagsborgara.“

„Það gengur ekki að byggja umræðuna á stagli um þessar tölur,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. Hann kvaðst enga ástæðu hafa til þess að véfengja tölur embættismanna og undraðist að Stefán vildi ekki leiðrétta niðurstöður sínar.

Þuríður Backman Vinstri grænum, sagði að skattbyrði einhleypra öryrkja hefði hækkað á umræddu tímabili úr 7,4 prósentum af heildartekjum að jafnaði í 17,1 prósent á síðasta ári. „Skattleysismörk ættu að vera 102 þúsund krónur ef þau hefðu fylgt verðlagi en eru nú rúmar 75 þúsund krónur í dag.“

„Hvergi í heiminum á síðustu tíu árum hafa lífskjör batnað meira og betur... Og öryrkjar og eldri borgarar og hverjir sem eru hafa allir notið þess,“ sagði Einar Oddur Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki.

„Ef menn vilja draga úr skerðingum eru menn líka að draga úr jöfnun,“ sagði Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra.

johannh@frettabladid.is



**HEILBIGÐISRÁÐHERRA JÓN KRISTJÁNSSON** Forsætisráðherra og flokksbróðir Jóns, Halldór Ásgrímsson, sagði ákveðið að fá óháðan aðila til þess að fara yfir niðurstöður skýrslu Stefáns Ólafssonar prófessors um öryrkja og velferð. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.




Umboðsmaður Alþingis átelur meðferð stjórnvalda á meðlimum Falun Gong:

# Illa staðið að komubanni

**ÁLIT** Umboðsmaður Alþingis álítur að sá lagagrundvöllur sem íslensk stjórnvöld studdust við þegar meðlimum Falun Gong var meinað að koma hingað til lands í júní 2002 hafi ekki veitt þeim fullnægjandi heimild til þeirrar aðgerðar.

Kvörtun barst til umboðsmanns vegna ákvörðunar stjórnvalda. Það er hins vegar í verkahring dómstóla að skera úr um hvort ríkið sé skaðabótaskylt gagnvart þeim sem áttu hlut að máli.

Í áliti sínu leggur umboðsmaður áherslu á að hann taki ekki afstöðu til þess hvort og þá að hvaða marki mögulegt hefði verið að lögum að koma í veg fyrir að þekktir eða grunaðir meðlimir Falun Gong stigju um borð í flugvélar á leið til landsins. Hann segist ekki geta fallist á þá afstöðu dómsmálaráðuneytisins að lög hafi falið í sér fullnægjandi heimild fyrir íslensk stjórnvöld til að leggja fyrir Icelandair að synja tiltekn-



**FALUN GONG** Meðlimir Falun Gong fengu ekki að koma til landsins þegar heimsókn Kínaforseta hingað til lands stóð yfir.

um einstaklingum um flutning til landsins til að „spara umstang við landgöngusynjun og sendingu viðkomandi til baka“, eins og sagði í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til flugfélagsins.

Tók umboðsmaður fram að hann teldi ekki tilefni til þess að hann beindi sérstökum tilmælum til íslenskra stjórnvalda, og þá einkum til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka ofangreinda ákvörðun til endurskoðunar að nýju. Hann beindi hins vegar þeim tilmælum til ráðuneytisins að taka mið af þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu ef íslensk stjórnvöld stæðu í framtíðinni frammi fyrir sambærilegum atvikum og þar væri fjallað um. ■




**Háfur úr ryðfríu stáli, 90 sm**
Hámarksútsog 720 $m^3$/klst, 3ja hraða "softtouch" stýring, fitusía úr málmi, 4x20W lýsing
1850565

# Gefðu heimilinu jólagjöf!




**Uppþvottavél, Electrolux**
Ryðfrítt stál, 12 manna, orkunýting A+, þvotta- og þurrkhæfni A+
1805330




**Þurrkari með barka, Electrolux**
EDE-418M, ryðfrí tromla
1805433




**Þvottavél 6 kg, Electrolux**
EWF-1646, 1.600 snúninga, orkunýting A, þvotta og vinding A
1805439

Electrolux




**Kælir/frystir með klakavél, Electrolux** 289.990
Allar hliðar stálklæddar. Þú átt skilið að eiga svona skáp!
1839908




**Kælir/frystir 180 sm, Electrolux**
Ryðfrítt stál, orkunýting A+
1835958




**Kælir/frystir 144 sm, Amica**
Kælirými 159 ltr, frystirými 55 ltr, orkunýting A
1808309

# Harðir pakkar um jólin...

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



## VEISTU SVARIÐ

1 Hvað heitir nýútkomin bók Bryndísar Jónu Magnúsdóttir?

2 Hver er hagnaður ríkissjóðs?

3 Með hverjum gat Atli Eðvaldsson ekki starfað innan Þróttar?

SVÖRIN Á SIÐU 62

Sundabraut rædd á Alþingi í tengslum við ráðstöfun söluandvirðis Símans:

# Sundabrautarfé ekki skilyrt

**SAMGÖNGUR** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir ekkert í frumvarpi til laga um ráðstöfun söluandvirðis Landsíma Íslands sem skilyrði framlag til Sundabrautar við svonefnda innri leið.

Þetta kom fram í annarri umræðu um frumvarpið á Alþingi í gær.

Gert er ráð fyrir að verja alls átta milljörðum af símafénu í fyrri áfanga Sundabrautar á árunum 2007 til 2010.

„Það stendur hvergi í þessu frumvarpi að þessi leið sé skilyrt... Það hafa hins vegar ákveðnir aðilar kosið að túlka það með þeim hætti – af hverju veit ég ekki – að það væri skilyrt í þessu frumvarpi að þessi leið yrði farin nánast óbreytt,“ sagði Halldór.



**SUNDABRAUT** Átta milljarðar af Símapeningum eru ekki skilyrtir við svonefnda innri leið.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi R-listans, fór fram á það á dögunum að ríkið hyrfi frá því að skilyrða framlagið við innri leiðina.

Forsætisráðherra sagði í umræðunum að upphæðin tæki mið af tillögu Vegagerðarinnar en hún væri bundin lögum um að velja ávallt hagkvæmustu leið. „Lesa má ýmislegt út úr því. Langtímasjónarmið geta ráðið ferð,“ sagði Halldór.

Stjórnarandstöðuþingmenn fögnuðu yfirlýsingu forsætisráðherra og tóku undir það að framkvæmdirnar þyldu litla bið.

- jh

Takmarkanir í háskólunum:

# Hafna þúsund umsóknum

**MENNTAMÁL** Nær fimmta hverjum umsækjanda um skólavist í Háskólanum á Akureyri var vísað frá í haust, 127 af 552 umsækjendum. Þetta kemur fram í svari menntamálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Kennaraháskólinn hafnaði 690 umsóknum af 1.071 í grunnnám og 124 af 324 í framhaldsnám. Háskóli Íslands hafnaði 48 umsóknum og alls fengu því um 1.000 umsækjendur ekki skólavist.

Björgvin telur að vegna fjárskorts sé verið að reisa þröskulda, einkum fyrir fullorðið fólk, sem hefja vill nám á háskólastigi.

- jh








**SNÁKARNIR** Tveir rúmlega metra langir snákar lúrðu í sérstökum helli í búri sínu þegar ljósmyndari smellti af þeim mynd í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fundu eiturlyf, snáka og vopn

**Sveit lögreglumanna, auk fíkniefnaleitarhunds frá Tollgæslunni, fann mikið magn fíkniefna, tvær skammbyssur og tvo snáka við húsleit í fyrrakvöld.**

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega 300 grömm af fíkniefnum, tvær byssur og tveir lifandi snákar fundust í íbúð á höfuðborgarsvæðinu í fyrrakvöld, þegar öflug sveit lögreglumanna gerði húsleit þar. Tveir menn um þrítugt hafa játað við yfirheyrslur að eiga efnin, byssurnar og snákana og telst málið upplýst. Þeir báru að efnin hefðu þeir ætlað til eigin nota.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Kópavogi reyndist megnið af fíkniefnunum vera hass, en talið er að hluti þeirra hafi verið amfetamín.

Mennirnir voru handteknir og færðir til yfirheyrslu. Þeim var sleppt að því búnu. þeir voru einir í íbúðinni þegar þeir voru handteknir.

Við húsleitina naut lögreglan í Kópavogi aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra, fíkniefnalögreglumanns frá lögreglunni í Hafnarfirði og fíkniefnaleitarhunds frá Tollgæslunni.

Byssurnar sem lögreglan fann í íbúðinni reyndust vera gasknúin skammbyssa og loftknúin skammbyssa, ásamt skotfærum.

Hinir handteknu vildu við yfirheyrslur ekki tilgreina hvar þeir hefðu fengið snákana. Þeir sögðu aðeins að þeim hefðu áskotnast þeir. Ljóst er að dýrunum hefur verið smyglað til landsins, en mennirnir kváðust hafa átt þá í nokkur ár. Þeir voru aflífaðir síðdegis í gær af dýralækni á Keldum.

jss@frettabladid.is






Niðurstaða rannsóknar um ungt fólk :

# Fleiri ætla í háskólanám

**MENNTAMÁL** Mikill munur er á milli áranna 2000 og 2004 þegar skoðað er hvort framhaldsskólanemendur hyggja á nám á háskólastigi.

Mun fleiri nemar sem spurðir voru árið 2004 ætla í nám á háskólastigi en þeir sem spurðir voru árið 2000. Árið 2000 svöruðu rúm 33 prósent nema á höfuðborgarsvæðinu að það væri mjög eða frekar líklegt að þeir ætluðu í frekara nám að framhaldsskóla loknum. Árið 2004 svöruðu tæp 64 prósent framhaldsskólanema að þeir teldu mjög eða frekar líklegt að þeir færu í háskólanám. Þetta kemur fram í rannsókninni „Ungt fólk 2004“ sem menntamálaráðuneytið kynnti í gær.

Í rannsókninni kemur meðal annars líka fram að þeir sem reykja daglega eru líklegri en þeir sem reykja ekki til að vera óánægðir með námsárangur sinn.

Rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir og greining vann að rannsókninni fyrir menntamálaráðuneytið og hefur hún staðið frá árinu 1999. Í rannsókninni var ýmislegt kannað sem viðkemur menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna í framhaldsskólum landsins.

- sk



**FRAMHALDSSKÓLANEMAR** Stórt hlutfall þeirra hyggur á háskólanám að framhaldsskóla loknum. Klæðnaður nemanna á myndinni ku ekki vera hefðbundinn.

# 40% afsláttur
# af öllu jólaskrauti




**Jólastell** fyrir 4




**Jóladiskar** rétth. 2 stk. í pakka




**Jóladiskar** kringlóttir. 3 stk. í pakka




**Jólakerti** með skrauti, 2 stærðir




**Jólailmkerti** rauð, margar stærðir




**Jólailmkerti** í krukku 3 stk. í pakka




**Prjónadúkkur** 12 cm, bl. tegundir




**Jólatrésfígúrur** 3 stk. í pakka




**Jólakúlur** margir litir og stærðir




**Jólatréstoppar**




**Borðjólatré** 45 cm

Gildir til 11. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# HÖRKUSPENNANDI MYNDASAGA




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Hörkuspennandi myndasaga um hetjur og víkinga - sjálfstætt framhald bókanna **Blóðregns** og **Brennunnar**.

„Það ætti enginn að vera svikinn af þessari spennusögu.“
*Ragna Sigurðardóttir, Morgunblaðinu*

„Langbest heppnaða myndasaga þeirra til þessa.“
*Páll Baldvin Baldvinsson, DV*



Edda
edda.is


Fjórtán mánaða fangelsi fyrir amfetamínframleiðslu:

# Vitorðsmaður sýkn

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi á fimmtudag rúmlega fertugan mann til fjórtán mánaða fangelsisvistar fyrir framleiðslu á um 110 grömmum af amfetamíni og vörslu á efnum ætluðum til amfetamínframleiðslu.

Framleiðslan var talin hafa staðið um nokkurt skeið fram til nóvemberloka 2003. Fyrir dómi báru bæði maðurinn og vitorðsmaður hans að um tilraunaframleiðslu hefði verið að ræða.

Vitorðsmaðurinn var sýknaður af ákærum en hann hefur áður verið úrskurðaður ósakhæfur. Hann var haldinn ranghugmyndum og réðist á lækni. Vitorðsmaðurinn situr í öryggisgæslu á réttargeðdeildinni að Sogni í Ölfusi. „Telur dómurinn ekki varhugavert að slá því föstu að andlegt ástand ákærða hafi verið það sjúkt að hann hafi verið ófær um að stjórna gerðum sínum og því ósakhæfur,“ segir í dóminum. **- saj**




**Í KÓPAVOGI** Framleiðslan fór fram í húsi á mótum Hafnarbrautar og Vesturvarar.




**MÓTMÆLI GRÆNFRIÐUNGA** Grænfriðungar stóðu fyrir mótmælum fyrir utan loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Montreal í Kanada og hvöttu til aðgerða til að stöðva bráðnun norðurskautsíshellunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP - RYAN MEMIORZ

# Bandaríkin eru á bremsunni

**Bandaríkin eru sögð einangruð í afstöðu sinni gegn Kyoto-bókuninni. Samið var um framtíð Kyoto-bókunarinnar á loftslagsráðstefnu sem lauk í gær.**

**UMHVERFISMÁL** Ríkin sem standa að Kyoto-bókuninni um aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ætla að semja um frekari skuldbindingar sem taka við árið 2013.

Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna lauk seint í gærkvöldi í Montreal í Kanada. Þar voru teknar ákvarðanir um framhald Kyoto-bókunarinnar.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, sem sótti ráðstefnuna, sagði að eitt það markverðasta sem fram hefði komið á ráðstefnunni hefði verið samkomulagið sem var í burðarliðnum undir lok ráðstefnunnar í gær. „Um þetta ríkir góð sátt, en ríkin hafa komið sér saman um samningsumboð fyrir næsta skuldbindingartímabil Kyoto-bókunarinnar sem hefst þá árið 2013,“ sagði hann og bættivið að í samkomulaginu væri kveðið á um að viðræðum yrði lokið nógu snemma til að ekki yrði bil á milli fyrsta og annars tímabils skuldbindingartímabils bókunarinnar. „Þetta er mikill árangur. Með samkomulaginu fá fyrirtæki heimsins skilaboð um að Kyoto-bókunin verði áfram í fullu gildi, lengur en til ársins 2012, og þar með líka þær grundvallarreglur að áfram verði dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og að hægt verði að láta kvóta ganga kaupum og sölum.“

Þá sagði Árni mikilsvert samkomulag sem náðist um aðkomu þróunarríkja að Kyoto-bókuninni. „Að þau geti komi að henni án þess að undirgangast skuldbindingarnar að fullu, en taki engu að síður á sig skuldbindingar varðandi sjálfbærra þróun og nýtingu endurnýjanlegrar orku.“ Árni sagði einnig liggja fyrir ráðstefnunni ályktun um rammasamninginn sem Kyoto-bókunin er gerð við. „Þar hafa Bandaríkjamenn aðkomu því þótt þeir séu ekki aðilar að Kyoto-bókuninni eru þeir aðilar að rammasamningnum,“ sagði hann og upplýsti að fulltrúar Bandaríkjanna hefðu gengið út af fundi um það mál í fyrrinótt. „Þeim líkar ekki að tala um framtíðina,“ sagði hann en taldi þó ólíklegt að reynt yrði að leggja stein í götu bókunarinnar. „Ljóst er að stjórn Bush hefur misreiknað sig og Bandaríkjamenn eru hér algjörlega einangraðir.“

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra sagði í ræðu sinni að Kyoto-bókunin væri söguleg skref en að grípa þyrfti til frekari aðgerða. Hún lagði áherslu á að til að takast á við útblástur gróðurhúsalofttegunda þyrfti hnattrænt átak til langs tíma. Þróuð ríkin ættu áfram að leiða verkefnið en virk þátttaka þróunarríkjanna, byggð á samvinnu og sjálfbærri þróun, væri einnig nauðsynleg.

**olikr@frettabladid.is**


MAN

# Vörubíll ársins 2006



Bílasýning að Vagnhöfða 1,

Laugardaginn 10. desember frá kl 10 – 16.

***Sýnum MAN TG-L, vörubíl ársins 2006.***

Kynnum einnig í fyrsta sinn á Íslandi;
MAN með glussadrifnu framdrifi (MAN Hydrodrive).

KRAFTUR HF.



Nýtt!

**VISALán er ný og hagstæð leið til greiðsludreifingar við kaup á vörum eða þjónustu.**



- Staðgreiðsluverð
- Lægri vextir
- Lægri kostnaður
- Til allt að 36 mánaða
- Framlengdur ábyrgðartími
- Flutningstrygging
- Vildarpunktar

Nánari upplýsingar á www.visa.is/visalan eða í síma 525 2000

*Spurðu um*

VISALán
– HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

ENNEMM / SÍA



# Jólastemning um helgina!



SKEMMTUN Á JÓLASVIÐI COCA-COLA

Katla

## Piparkökuhúsaleikur Kötlu

**Húsin hafa sjaldan eða aldrei verið glæsilegri. Keppt er í barna- og fullorðinsflokki um glæsilega vinninga. Komið og skoðið hið ævintýralega piparkökuþorp við Blómatorg á fyrstu hæð.**

### Laugardagur 10. desember

**kl. 12.00** Kátir krakkar og Tröllapétur
**kl. 13.30** Strákahljómsveitin SPARK
**kl. 15.00** Nylon og Heiða
**kl. 16.30** Strákahljómsveitin SPARK
**kl. 17.00** Nylon og Heiða

### Sunnudagur 11. desember

**kl. 13.30** Strákahljómsveitin SPARK
**kl. 15.00** Nylon og Heiða
**kl. 16.30** Strákahljómsveitin SPARK

Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

## Opið til 22.00 öll kvöld til jóla!

**Veitingastaðir og Kringlubíó** hafa opið lengur á kvöldin
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Fíton/SÍA FI015503

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Miklar launahækkanir ófaglærðra á leikskólum borgarinnar

## Kjaramál í uppnámi

Það fer ekki hjá því að menn tengi ýmsar ákvarðanir meirihluta sveitarstjórna um þessar mundir við væntanlegar sveitarstjórnarkosningar í vor. Margs konar mál sem hafa verið á döfinni eru nú drifin af og á það jafnt við um framkvæmdir á vegum sveitarfélaga sem önnur mál. Mest áberandi er þetta kannski hjá stærsta sveitarfélaginu í landinu , Reykjavíkurborg, eða réttara sagt meirihlutanum i borginni - Reykjavíkurlistanum, sem senn rennur sitt skeið á enda. Nú er síðasta tækifærið fyrir þá sem að honum standa að láta til sín taka, því vafasamt er að þau öfl sem að honum standa fari með meirihlutann í borginni að loknum borgarstjórnarkosningunum á næsta ári.

*Allt þetta og meira til ber ótvírætt vott um að kosningar séu í nánd, að ekki sé talað um tvísýnt prófkjör hjá Samfylkingunni um röðun efstu manna og kvenna á lista flokksins í Reykjavík í vor.*

Síðasta útspil þeirra sem fara með meirihlutann í borginni var að gera rausnarlega kjarasamninga við ófaglært starfsfólk á leikskólum borgarinnar sem er í Eflingu eða Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Hljóða samningarnir upp á allt að þrjátíu prósenta hækkun á næstu þremur árum. Auðvitað er það góðra gjalda vert að hækka laun þeirra sem eru lægstir í launastiganum og vinna við umönnun barna og kannski verður þetta til þess að fólk fæst í þessi störf. Í þessum stéttum eru konur líka í miklum meirihluta, svo þetta er viss viðurkenning á kjörum þeirra. Á hinn bóginn hlýtur þessi kjarasamningur að hafa mikil áhrif víðar en í leikskólageiranumn svo sem greinilega hefur komið í ljós á undanförnum dögum. Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara, er ómyrk í máli viðtali við Fréttablaðið í gær, þar sem hún segir meðal annars: „Það er í raun óhætt að segja að með þessu hafi sprengju verið kastað inn á vinnumarkaðinn. Ég vil trúa því að um yfirsjón hjá samninganefndunum hafi verið að ræða, en þetta er vant fólk og erfitt að meta það svo.“ Björg segir að ófaglærðir deilarstjórar á leikskólum séu nú með hærri laun en faglærðir, þannig að þarna er greinilega eitthvað sem verður að lagfæra.

Það verður að ætla að borgaryfirvöld hafi gert sér grein fyrir afleiðingunum af þessum samningi, öðru verður ekki trúað. Þau ætla þá væntanlega að hækka laun allra sambærilegra stétta hjá borginni, með þeim afleiðingum sem það kann að hafa í för með sér.

Stjórnmálamenn mega ekki vera allt of eftirgefanlegir þótt kosningar séu í nánd. Þetta er reyndar ekki eina málið hjá Reykjavíkurborg í vikunni sem lyktar af því að kosningar séu í nánd, því meirihluti borgarráðs hefur samþykkt að lækka leikskólagjöld um áramótin og auka niðurgreiðslu hjá foreldrum sem hafa börn sín hjá dagforeldrum. Allt þetta og meira til ber ótvírætt vott um að kosningar séu í nánd, að ekki sé talað um tvísýnt prófkjör hjá Samfylkingunni um röðun efstu manna og kvenna á lista flokksins í Reykjavík í vor.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fylgi minnkar

Illugi Jökulsson flytur reglulega pistla í þætti Þorfinns Ómarssonar og Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur á NFS. Í síðasta pistli vék hann að Samfylkingunni í tilefni af nýjum könnunum sem sýna að fylgi hennar hefur minnkað verulega. Honum er umhugsunarefni af hverju flokkurinn hafi ekki náð sömu stöðu meðal vinstrimanna og Sjálfstæðisflokkurinn meðal þeirra „sem aðhyllast framtak einstaklingsins í bland við borgaralegt frjálslyndi“. Hann bendir á að frjálslyndir menn styðji Sjálfstæðisflokkinn jafnvel þótt margt af því sem flokkurinn tekur sér fyrir hendur sé þeim hreint ekki að skapi. Spyr svo af hverju jafnaðarmenn flykkist ekki um Samfylkinguna?



### Metnaðarleysi

Illugi bendir á að ólíkt Sjálfstæðisflokknum hafi Samfylkingin vissulega ekki enn náð því að setja fram á skýran og einfaldan hátt megindrættina í stefnu sinni „og fólk hefur bara ekki endalausa þolinmæði“ - en segist hallast að því að hluti skýringarinnar á því hversu illa flokknum gengur að koma undir sig fótunum felist í hugarfari helstu foringja hans. „Metnaði þeirra, eða öllu heldur metnaðarleysi,“ segir hann. Til að skýra þetta tekur Illugi dæmi af viðbrögðum helstu foringja Samfylkingarinnar við tilboði Steingríms J. Sigfússonar um velferðarstjórn núverandi stjórnarandstöðuflokka eftir næstu kosningar. Þau viðbrögð komu Illuga verulega á óvart.

### Til hvers?

„Sumir voru með einhver ólíkindalæti, aðrir slógu úr og í,“ sagði Illugi í pistlinum. Honum finnst að þeir hefðu átt að fagna hugmyndinni, því það hljóti að vera sameiginlegt markmið stjórnarandstöðunnar að koma frá völdum „langþreyttri ríkisstjórn og langþreyttum valdaflokkum og valdablokkum“. Niðurstaða Illuga er að Samfylkinguna skorti metnað til að verða stærsti flokkur landsins. Langanir Samfylkingarinnar séu annars eðlis. „Hún á sér ekki þann metnað að verða sá grundvöllur þar sem jafnaðarmenn landsins geta safnast fyrir, nei, hún stefnir bara að því að verða rétt nógu stór til að komast í stjórn með íhaldinu. Og til hvers er svoleiðis flokkur með leyfi?“

gm@frettabladid.is

## Og svo var smokknum slett

UPP ÚR EINS MANNS HLJÓÐI
ÍHALDSSEMI



ELLERT B. SCHRAM

*Ég verð að viðurkenna að nú vógu þau salt, framúrstefna Sylvíu og fordómarnir í sjálfum mér. Átti ég að hlæja eða fussa, átti ég að láta mér fátt um finnast um þessa smekkleysu, af því hér var ungt fólk að bjóða íhaldsseminni byrginn?*

Inni við beinið er ég íhaldssamur. Þá á ég við þennan þráláta kvilla að vera vanabundinn, hafa efasemdir um nýjungar, vera seinn að kveikja á frumlegum athöfnum og viðhorfum. Vilja helst hafa sem flest í sama farinu, jafnvel löngu eftir að það er orðið úrelt og úr sér gengið. Kannske fylgir þetta aldrinum eða er í genunum. Þó er ég allur af vilja gerður til að laga mig að breyttum lifnaðarháttum og hverskonar tækniframförum. Og þykist vera nógu frjálslyndur til að skilja að heimurinn er að breytast og nútíminn verður að fá að taka út sitt gelgjuskeið.

Börnin sem áður léku sér með „gullin sín“, ganga nú um með headfón og höggva mann og annan í play station. Unglingarnir sem áður burðuðust með eldheitar hugsjónir ráfa nú um í Smáralind og Kringlunni. Unga fólkið í tilhugalífinu sem áður fyrr skellti sér í Þórskaffi í leit að félagsskap styður sig við barinn og er hætt að dansa. Fullorðna fólkið er hætt að spila og spjalla en situr þögult fyrir framan sjónvarpið, þangað til það geispar af syfju eða geispar golunni.

Sjálfur er ég hættur að fara í heimsóknir nema tilneyddur á tyllidögum og hitti helst ekki neinn sem ég þekki, nema þegar ég verð stopp á rauðu ljósi og kannast við manninn í bílnum við hliðina. Skrúfa niður rúðuna og hrópa: blessaður. Lengra ná þau ekki, þessi mannlegu samskipti, sem voru okkur svo dýrmæt og ég sakna þeirra, kannske af því ég er íhaldssamur í eðli mínu.

Það sama gildir um listina og bókmennntirnar. Framúrstefna og absúrdismi var mér lengi óskiljanlegt fyrirbæri. Klessumálverk, atomljóð og nútímatónlist voru heitin og orðin yfir þau listaverk, sem íhaldssamt fólk notaði yfir þá list sem það skildi ekki og vildi ekki viðurkenna. Fordómarnir, fortíðin, formúlurnar um hina einu sönnu list voru löngu mótaðar og ég hef verið að bisa við það allt mitt líf að losna undan þessum álögum og skilja nýsköpunina. Skilja nútímann og framtíðina, sem menn segja að liggi í þessu frumlega framlagi til frjórrar listar. Nú í seinni tíð er ég hættur að frussa og hneykslast, en segi gáfumannlega: athyglisvert.

Svo er það sjónvarpið. Þeir eru auvitað löngu hættir að sýna Dallas og Húsið á sléttunni. Nú er völ á þremur eða fjórum sjónvarpsstöðvum, sem allar bjóða upp á glæpa- eða lögregluþætti, þar sem einhver er drepinn í upphafi. Það er útgangspunkturinn á kvöldstemningunni á íslenskum heimilum að fylgjast með einu eða tveim morðum að meðaltali í hvert skipti sem heimilisfólkið sest niður til að stytta sér stund. Uppörvandi, ekki satt!

Þannig að ég hef stundum flúið yfir í Strákana og Sylvíu nótt, m.a til að geðjast unglingunum á heimilinu og laga mig að nútímanum og humornum sem nú er líka nýr af nálinni og öðru vísi en gamli úrelti húmorinn, sem þykir ekki brúklegur lengur.

Þetta eru svosem saklaus ærsl og aulafyndni, fimmaurabrandarar, sem eru ekki einu sinni fimm auranna virði. En ég læt sem ekkert sé, til að laga mig að frjálslyndinu og nútímanum. Uppákomur og uppátæki, sjálfsagt gert til að storka og ögra, jafnvel ofbjóða og blöskra og af því að Sylvía Nótt fékk sérstaka viðurkenningu nýlega fyrir þættina sína, staldraði ég við, þegar hún fór á flug, nú í vikunni, og var komin með útlenskan karlmann upp á arminn. Segir ekki af þeirri atburðarás annað en mér sýndist þau vera komin að Gullfossi, þegar Sylvía bauð upp á sig í baksætinu og til sannindamerkis, sletti rekkjunauturinn smokknum framan í myndavélina, rétt eins og víkingarnir hengdu haus fórnarlambsins á spjótsoddinn, þegar vígið hafði verið framið.

Ég verð að viðurkenna að nú vógu þau salt, framúrstefna Sylvíu og fordómarnir í sjálfum mér. Átti ég að hlæja eða fussa, átti ég að láta mér fátt um finnast um þessa smekkleysu, af því hér var ungt fólk að bjóða íhaldsseminni byrginn? Ung sjónvarpskona að slá í gegn. Er ég kannske einn um það að hneykslast á þessari senu, af því ég er ekki nógu „kúl“ til að skilja listina eða fyndnina? Til að skilja að þessi matreidda dægrastytting sem upp á er boðið felst í því að ganga fram af fólki eins og mér. Fólki sem skilur hvorki framúrstefnu né fyndni. Hvað þá verðlaunin sem fyrir þetta fást.






FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



**OPIÐ TIL KL. 22.00 FRAM AÐ JÓLUM!**

# Nordmannsþinur verðskrá

| | |
|---|---|
| 70 - 100 cm | 1.660 kr. |
| 101 - 125 cm | 2.280 kr. |
| 126 - 150 cm | 2.990 kr. |
| 151 - 175 cm | 3.990 kr. |
| 176 - 200 cm | 4.750 kr. |
| 201 - 250 cm | 5.280 kr. |
| 251 - 300 cm | 6.750 kr. |

## HEITT SÚKKULAÐI

Í JÓLATRJÁA-SKÓGINUM!

## FLOTTUSTU JÓLATRÉN?

Tilboð!

## JÓLATRÉSFÓTUR

- stöðugur, tekur 2 ½ ltr. af vatni!

**1.990 kr.**

Tilboð!

# SKRAUT- OG INNISERÍUR 25% AFSLÁTTUR um helgina!

Tilboð!



SKREYTTAR LEIÐISGREINAR

**frá 990 kr.**

Tilboð!

blóm helgarinnar



BLÓM HELGARINNAR AMARYLLIS

**450 kr.**

Tilboð!



HYASINTU-SKREYTING

**480 kr.**

Lukku stund!

-LENDIR ÞÚ Á LUKKUSTUND?

GARÐHEIMAR

*heimur skemmtilegra hluta og hugmynda*

SIRIUS

NÝ UPPLIFUN Á LJÓSUM!

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is - gardheimar@gardheimar.is

# Líf og fjör um helgina í Smáralind






Björgvin Halldórsson



Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar


Páll Rósinkranz


Helgi Björns



Írafár



Jónsi





# Jólatónleikar
## Senu & Coca-Cola
### í Vetrargarðinum



**Laugardaginn 10. desember kl. 18.00**

Jólalest Coca-Cola stoppar fyrir utan Vetrargarðinn í Smáralind kl. 17.50.
Skagfirska söngsveitin tekur gamla góða jólalagið “I’d like to buy…”.

**Á tónleikunum koma m.a. fram eftirtaldir listamenn:**

Skagfirska söngsveitin, 50 manna kór undir stjórn Björgvins Þ. Valdimarssonar
Björgvin Halldórsson ásamt Guðmundi Péturssyni & Matta Stefáns
Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar
Páll Rósinkranz
Helgi Björnsson
Írafár
Jónsi
Nylon
Bjarni Ara
Heiða
Regína Ósk
Jón Sigurðsson
Heitar Lummur




Frábær skemmtun sem enginn ætti að missa af!!

**Ævintýrastemningin í Vetrargarðinum** heldur áfram þar sem hinn landskunni **Afi á Stöð 2** er í hlutverki gestgjafans. Hann fær til sín marga góða gesti alla helgina.
**Dagskráin hefst kl. 14.00 og stendur til 16.30, í dag og á morgun.**

**Gerðu jólainnkaupin í Smáralind og taktu þátt í jólastemningunni.**




sena

**OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA!** smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM19615




Nylon



Bjarni Ara



Heiða



Regína Ósk



Jón Sigurðsson




Heitar Lummur




MAÐUR VIKUNNAR

# Strákslegur og kurteis harðjaxl

HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON, FORSTJÓRI KB BANKA



Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, er meðal þeirra sem stefna hraðbyri að því að komast í hóp 100 áhrifamestu manna á evrópskum fjármálamarkaði. Tímaritið Financial News setti Hreiðar Má í 22. sætið yfir rísandi stjórnur á fjármálamarkaði Evrópu.

Tímaritið heldur lista yfir hundrað áhrifamestu menn í fjármálaheiminum í Evrópu, en listi hinna rísandi stjarna er listi yfir fólk undir fertugu sem líklegt er til að verma aðallistann í framtíðinni.

Hreiðar Már hefur þrátt fyrir ungan aldur verið lengi í eldlínu viðskiptanna. Hann byrjaði hjá Kaupþingi meðan hann var enn í námi. Kaupþing þroskaði hratt sitt fólk og meðal þeirra sem þar stigu sín fyrstu skref hjá Kaupþingi má nefna Bjarna Ármannsson, forstjóra Íslandsbanka, og Þórð Má Jóhannesson, forstjóra Straums - Burðaráss sem báðir eru á fertugsaldri.

Hreiðar Már er alinn upp í Stykkishólmi og vann í fiski eins og flestir jafnaldrar hans úti á landi. Hann er ekki af efnafólki en viðskiptaáhugi lét snemma á sér kræla. Hann þótti snemma sýna viðskiptavit og á unlingsárum var hann lunkinn í að kaupa og selja bíla, án efa með einhverjum hagnaði.

Hann var vinsæll í hópi jafnaldra sinna og skar sig ekki mikið úr. Hann átti létt með nám en er frekar maður athafna en að vera líklegur til þess að velja akademíuna sem vettvang sinn. Tveir skólabræðra hans í Stykkishólmi gerðust hins vegar langskólamenn á sviði hagvísinda, doktorarnir Jón Þór Sturluson, hagfræðingur hjá Rannsóknarsetri verslunarinnar, og Ásgeir Jónsson, hagfræðingur greiningardeildar KB banka.

Hreiðar Már þótti kunna sig vel og hafa góða framkomu. Til er saga af því þegar hann var ásamt félögum hans í eðlisfræðitíma í Stykkishólmi. Þá helltist niður eldfimur vökvi svo að kviknaði í. Þeir félagar hlupu niður á kennarastofu, þar sem Hreiðar Már stillti sér upp og spurði kurteislega: „Gætum við fengið eins og eitt slökkvitæki?“

Á háskólaárunum var Hreiðar Már í Stúdentaráði fyrir Vöku. Þar voru með honum núverandi kollegar hans, þeir Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, og Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans. Hreiðar Már hefur ákveðnar skoðanir og fara sjálfsagt fæstir í grafgötur um að hann er maður einkaframtaksins. Undir hans stjórn hefur KB banki farið fremstur í samkeppni við Íbúðalánasjóð og ekki farið leynt að KB banka mönnum þykir sá sjóður til óþurftar í núverandi mynd.

Hreiðar Már er léttur í framkomu og stundum nokkuð strákslegur. Bak við þennan léttleika leynist hins vegar harður samningamaður sem hvikar ekki frá því að verja hagsmuni bankans. Hreiðar Már og Sigurður Einarsson, núverandi stjórnarformaður bankans, hafa unnið náið saman á undanförnum árum. Þeir vinna vel saman og einn af lyklunum að velgengni bankans hefur verið hversu samstíga þeir eru. Meirihluti þeirra sem nú eru í forystu KB banka eru félagar sem hafa unnið saman frá því að Kaupþing var lítið og djarft verðbréfafyrirtæki.

Þessi hópur þótti á sinni tíð djarfur í ákvörðunum og var ekki vel séður meðal hinna dannaðri og eldri í árdaga markaðarins. Kaupþing keypti á sínum tíma hlut í Eimskipafélaginu af miklum móð og ógnaði með því valdajafnvægi í viðskiptalífinu. Ráðandi aðilar þar vörðust með því að láta félagið kaupa bréf til að verjast. Hagnaðist Kaupþing vel á gjörningnum, ýmsum til mikillar armæðu. Kaupþing reyndi líka á sínum tíma að komast yfir Fjárfestingarbanka atvinnulífsins með því að safna kennitölum. Sú ráðstöfun kom þeim í ónáð hjá valdamiklum mönnum í stjórnmála- og viðskiptalífinu.

Enda þótt Kaupþing hafi grætt peninga á slíkum leikfimiæfingum liggur velgengnin fremur í skýrri stefnu bankans og öflugum stuðningi við þau fyrirtæki sem Kaupþing valdi að styðja í uppbyggingu og útrás. Stjórnendur bankans og Hreiðar Már meðtalinn hafa þroskast með aukinni stærð bankans og þeirri ábyrgð sem henni fylgir. KB banki lýtur í dag stjórn hóps undir forystu Hreiðars Más sem er í senn ungur að árum og með mikla reynslu.

Sem stjórnandi þykir Hreiðar Már afar vinnusamur og fljótur að átta sig. Hann er með yfirburðaþekkingu á reikningshaldi, fljótur að greina ársreikninga og ótrúlega minnugur á tölur. Hann þykir góður í að deila ábyrgð og hefur það einkennt bankann að stjórnendum sviða bankans er treyst fyrir ábyrgðinni og eru bakkaðir upp af forystu bankans. ■



# JÓLIN JÓLIN ALLSSTAÐAR...



STK. 3.990,-

## „PRIMO" STÓLAR

Fallegir „Primo" stólar með tau áklæði og krómgrind. Fáanlegir í nokkrum fallegum litum, svartur, blár, hvítur og beyki. Frábært verð!



3.990,-

## „SARA" GLERSKÁPUR

Glæsilegur glerskápur fyrir sparistellið. St. B:37 sm, H:156 sm og D:35 sm.



2.990,-

## JÓLATRÉ MEÐ LJÓSUM

Fallegt jólatré með ljósum, hægt að hafa bæði úti og inni. St. 100 sm.



149,-

## HÁRGREIÐSLUSETT FYRIR ALLAR STELPUR

Flott sett með 32 hlutum og flottri tösku.



399,-

## PÚSLUSPIL FYRIR YNGSTU KYNSLÓÐINA

Flott púsluspil fyrir yngstu kynslóðina með fallegum myndum. 12 kubbar í spilinu með 3 mismunandi myndum.



199,-

## „BRATZ" SOKKAR

Flottir sokkar fyrir stelpurnar.



## GLÆSILEGT ÚRVAL SPEGLA Á STÓRKOSTLEGU VERÐI!

1. Spegill gylltur eða silfurlitaður. St. 40x80sm........ **2.990,-**
2. Spegill gylltur. St. 55x85sm........ **3.490,-**
3. Spegill gylltur eða silfurlitaður. St. 65x120sm........ **4.990,-**
4. Spegill gylltur eða silfurlitaður. St. 40x140sm........ **4.990,-**
5. Spegill gylltur eða silfurlitaður. St. 40x160sm........ **5.990,-**



1.990,-

## FALLEGAR GRÝLUKERTASERÍUR

Skreytið húsið með fallegum grýlukertaseríum.




1.990,-

## NÆTURLJÓS

Með „Princess" og „Spiderman"mynd.



## FLOTTIR „AROSA" SPEGLAR

1. 60x140 sm........ **3.990,-**
2. 65x120 sm........ **3.990,-**
3. 40x160 sm........ **3.990,-**
4. 55x85 sm........ **2.990,-**
5. 40x80 sm........ **1.990,-**



990,-

## LJÓSANET

Tilvalið ljósanet til að setja yfir runna og tré. 96 ljósa.



## MYNDABOLIR

Frábærir myndabolir á stráka og stelpur. Einnig til „Tweety", „Spiderman" og „Superman". St. 98/104 og 134/140

499,-

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.221 +0,32%**

**Fjöldi viðskipta:** 438
**Velta:** 6.988 milljónir

MESTA HÆKKUN

**Straumur +1,94%**
**Mosaic Fashions +1,72%**
**SÍF +1,21%**

MESTA LÆKKUN

**Actavis -1,20%**
**Flaga -0,61%**
**Bakkavör -0,58%**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 49,60 -1,20% ... Bakkavör 51,70 -0,60% ... FL Group 17,00 +0,00% ... Flaga 4,92 -0,60% ... HB Grandi 9,50 +0,00% ... Íslandsbanki 17,10 +1,20% ... Jarðboranir 24,10 +0,00% ... KB banki 666,00 +0,50% ... Kögun 59,80 -0,30% ... Landsbankinn 23,90 -0,40% ... Marel 65,00 +0,00% ... SÍF 4,17 +1,20% ... Straumur-Burðarás 15,80 +1,90% ... Össur 115,00 +0,90%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Bangsar fallast í faðma

**Bandaríska bangsabúðin Build-A-Bear á í viðræðum við Baug um að kaupa Bear Factory fyrir um 2,8 milljarða króna og sameina fyrirtækin, eftir því sem fram kemur í The Times.**

Baugur eignaðist Bear Factory í júlí árið 2003 við kaupin á Hamleys-leikfangabúðakeðjunni bresku. Ætlunin var að færa út kvíarnar með sölu sérleyfa til annarra landa en það hefur ekki gengið og hefur versluninni á Írlandi verið lokað. Bear Factory rekur um þrjátíu verslanir og veltir um 2,8 milljörðum króna.

Fyrirtækin áttu í deilum þar sem Build-A-Bear sakaði Bear Factory um að stæla sína ímynd. Leyst var úr ágreiningnum fyrir utan dómsstóla.

Bandaríska keðjan rekur nokkrar verslanir á Bretlandi í samkeppni við Bear Factory en vill styrkja stöðu sína á Bretlandseyjum með þessum kaupum. Fyrirtækið hefur vaxið hratt síðan það var stofnað árið 1997 og rekur nú 300 verslanir um allan heim.

- eþa



**BANGSAR TIL SÖLU** Baugur Group á í viðræðum við Build-A-Bear um sölu á Bear Factory.

# Úrvalsvísitalan í ham

Úrvalsvísitalan hefur aldrei verið hærri, en hún náði 5.221 stigum í gær. Gildi vísitölunnar var í 3.360 stigum í ársbyrjun og hefur hún því hækkað um 55 prósent á árinu.

KB banki fór mest upp í 678 krónur á hlut en endaði í 666 krónum, sem er met. Greint var frá kaupum Ármanns Þorvaldssonar, forstjóra Singer&Friedlander, á 600 þúsundum hluta í KB banka á genginu 665.

Íslandsbanki náði einnig sínu hæsta gildi frá upphafi, 17,1 krónu á hlut. Landsbankinn og Straumur - Burðarás eru enn fremur nærri hæstu gildum.

- eþa




Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

Opið laugardaga kl.: 11 – 17 // sunnudaga kl.: 13 – 16


# Íslendingar framar í fiskveiðistjórnun

Íslendingar standa betur að vígi en Norðmenn í fiskveiðistjórnun, fiskvinnslu og markaðssetningu, samkvæmt nýrri skýrslu um samkeppnishæfni sjávarútvegs sem Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra kynnti í dag.

Í skýrslunni kemur fram að jafnt sé á komið í fiskveiðum þjóðanna. Norðmenn eru þó feti framar á tveimur sviðum; í hagstjórn og aðbúnaði fyrirtækja. Samkvæmt skýrslunni skýrist það fyrst og fremst af háum flutningskostnaði afurða hér í samanburði við Noreg og sterkri stöðu íslensku krónunnar.

„Hvað fiskveiðistjórnunina snertir helgast hærri einkunn Íslendinga einkum af því að framsal aflaheimilda er mun frjálsara hér en í Noregi. Íslendingar eru duglegir að nýta nýjustu tækni og gott samstarf við íslenska framleiðendur tækja til fiskvinnslu hefur sitt að segja í fiskvinnslunni og í markaðsmálum hafa Íslendingar einfaldlega betri og verðmætari vöru fram að færa,“ segir í niðurstöðum skýrslunnar.



**FRIÐRIK SOPHUSSON, FORSTJÓRI LANDSVIRKJUNAR** Hann skrifaði undir lánið í London í gær fyrir hönd fyrirtækisins.

# Tóku milljarðalán

Forsvarsmenn Landsvirkjunar tóku lán upp á 400 milljónir Bandaríkjadali, eða 25,6 milljarða króna, í London í gær. Með lántökunni er Landsvirkjun að endurfjármagna sams konar lán sem tekið var með óhagstæðari kjörum árið 2003.

Um lántökuna sáu Barclays Capital, Citicorp, Landsbanki Íslands, SEB, Société Générale og Sumitomo. Að auki tóku tíu aðrir bankar þátt í láninu, þar á meðal Íslandsbanki og KB banki. Er það til sjö ára og er hægt að greiða inn á það hvenær sem er.

Samkvæmt fréttatilkynningu eru vextirnir sem Landsvirkjun greiðir af láninu sambærilegir við lánakjör ríkissjóðs, en ríkissjóðir eru að jafnaði tryggustu lántakendurnir og njóta bestu kjara.

Tilboð bárust um lán að fjárhæð 570 milljónir Bandaríkjadala frá bönkunum. Telja stjórnendur fyrirtækisins það til marks um það traust sem Landsvirkjun og ríkið njóta á alþjóðamarkaði um þessar mundir.

# Yfirtaka Atorku er ekki óvinsamleg

„Við lítum ekki á þetta sem óvinsamlega yfirtöku. Atorka hefur verið stærsti hluthafinn í Jarðborunum um nokkurt skeið og því var viðbúið að það færi þessa leið,“ segir Guðmundur Þóroddsson, stjórnarformaður Jarðborana, spurður um álit stjórnar félagsins til yfirtökutilboðs Atorku Group í hlutabréf annarra hluthafa Jarðborana.

Atorka Group hefur lagt fram formlegt yfirtökutilboð í Jarðboranir eftir að hafa tryggt sér yfir 56 prósent hlutafjár. Hluthöfum í Jarðborunum býðst að skipta bréfum sínum út á genginu 25 fyrir bréf í Atorku á genginu sex.

Þegar Atorka tryggði sér meirihluta hlutafjár þá greiddi fyrirtækið það verð sem í boði er nú.

Guðmundur segir að stjórnin hafi ekki leitað út fyrir til að fá óháð verðmat á Jarðborunum. Eins og greint hefur verið frá mælir greiningardeild KB banka ekki með því að hluthafar í Jarðborunum gangi að tilboði Atorku þar sem verðmæti Jarðborana sé nokkuð hærra en felist í tilboðinu eða 31 króna á hlut.

„Þetta er hæsta verð sem hefur fengist fyrir bréfin. Það hefur enginn annar gefið sig fram til að bjóða betur,“ segir Guðmundur.

Atorka ætlar að afskrá Jarðboranir úr Kauphöllinni í kjölfar yfirtökunnar. Tilboðið rennur út þann 16. janúar á næsta ári.

- eþa



**TILBOÐ Í JARÐBORANIR** Stjórn Jarðborana ætlar ekki að gefa út álit sitt á yfirtökutilboði frá Atorku Group.

## Verðbólgutölur eftir helgi

Hagstofa Íslands birtir verðbólgutölur á mánudaginn. Bíða margir spenntir eftir upplýsingum um þróun verðlags, sem hefur verið að hækka undanfarið. Vaxtahækkanir Seðlabankans hafa miðað að því að ná verðbólgunni niður.

Greiningardeild Landsbankans spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 0,1 prósent en aðrir greiningaraðilar spá óbreyttu ástandi. Þróun á skuldabréfamarkaði í gær bendir til þess að einhverjir markaðsaðilar búist jafnvel við lækkun vísitölu neysluverðs. ■





**Ekkert blað í morgun?**

**Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn







# Forseti, banki og barónessa

**Í Dagbók Þráins Bertelssonar er að þessu sinni meðal annars fjallað um sameiningarmátt laufabrauðs og sundrungarmátt skötunnar. Sagt er frá fábjánum á alþjóðlegan mælikvarða, auðmjúkri hetjusögu, rólegu og órólegu deildinni í Sjálfstæðisflokknum og varnaðarorðum Valgerðar Bjarnadóttur til ríka fólksins.**



*Kæra Dagbók*

*Þráinn Bertelsson skrifar*

**LAUGARDAGUR 3. DES**

## Í minningu snillings

Snillingar eru þær manneskjur sem geta gert hluti sem annað fólk ræður ekki við - og látið líta svo út að ekkert sé einfaldara. Einn slíkur snillingur var til moldar borinn í dag í fæðingarbæ sínum, Belfast á Norður-Írlandi. Hann hét **George Best** og var knattspyrnumaður. Hann gat sólað alla upp úr skónum, nema sjálfan sig.

„Mestöll auðæfi mín fóru í áfengi, konur og hraðskreiða bíla," sagði hann. „Afganginum eyddi ég í vitleysu."

Svartur húmor til að breiða yfir mikla sorg hjá manni sem vissi að í **Bakkusi** hafði hann fyrirhitt ofjarl sinn.

En Bakkus sjálfur hefur enga kímnigáfu, hvorki hvíta né svarta, og fer ekki í manngreinarálit heldur leggur andstæðinga sína að velli án tillits til snilligáfu, hæfileika, menntunar eða mannkosta. Stærsta viðfangsefni hvers manns í lífinu er að ná stjórn á sjálfum sér, og við það verkefni virðist snilligáfa koma að litlum notum.



**SUNNUDAGUR 4. DES**

## Laufabrauð sameinar - skata sundrar

Í dag kom stórfjölskyldan saman heima hjá okkur til að skera út og steikja laufabrauð. Fyrir nú utan að laufabrauð er ómissandi á jólaborðinu er laufabrauðsskurðurinn skemmtilegt tilefni til að hittast á þessum tíma og sameina fjölskylduna. Laufabrauð sameinar. Skata sundrar. **Allir mæta** til að skera út laufabrauðið og deginum lýkur með hangikjötsveislu. Á Þorláksmessu er fjölskyldan hins vegar sundruð. Hinir innmúruðu og innvígðu í íslenskar jólahefðir hittast í Hafnarfirði og moka í sig kæstri skötu með **hamsatólg**, en uppreisnararmurinn dreifist á tvist og bast. Sumir borða saltfisk, en aðrir kæra sig kollótta um þjóðararfinn og menninguna og verstu uppreisnarseggirnir hía á skötu-talíbana og hóta því að borða hamborgara með frönskum kartöflum á þessum hátíðisdegi. Svona getur skatan sundrað jafnvel samhentustu fjölskyldum.



**MÁNUDAGUR 5. DES**

## Afmörkuð stund

Ég er á þönum úti um borg og bý að lesa upp úr bókinni minni Valkyrjum. Eftir einsemdina við að sitja og setja saman heila bók er það mjög kærkomið að fara út á meðal fólks og fá að sjá og heyra viðbrögð þess við verkinu. Það eru mikil forréttindi. Mér verður hugsað til vinar míns, **Ingólfs Margeirssonar**, sem eins og ég á bók í jólabókaflóðinu, en fer að hluta til á mis við þá ánægju að blanda geði við bókabéusa á aðventunni. Heilablóðfall sem hann fékk fyrir fjórum árum er honum fjötur um fót, svo að hann getur ekki þotið milli staða eins og ég og lesið úr bókinni sinni, sem er merkileg bók og heitir **„Afmörkuð stund"**.

Maður skyldi ætla að frásögn af því hvernig það er að fá heilablóðfall og takast á við afleiðingar þess sé ekki neinn skemmtilestur, en það er öðru nær. „Afmörkuð stund" er yndisleg bók, hógvær og auðmjúk hetjusaga manns sem lætur ekki bugast og er staðráðinn í að drekka lífsins bikar til botns og njóta hverrar stundar.




Það er kannski ekki góð latína að hrósa annarra manna verkum meðan maður er önnum kafinn við að koma sjálfum sér á framfæri, en það má einu gilda. Ég las bókina hans Ingólfs í handriti, og nú er hún komin út og ég er montinn af henni og montinn af Ingólfi. Í henni stendur á einum stað: „Lífið hefur upp á svo mikið að bjóða. Ef maður bara vill þiggja gjafir þess."

**ÞRIÐJUDAGUR 6. DES**

## Fábjánar á alþjóðlegan mælikvarða

Rosalega skemmti ég mér vel í kvöld. Fyrst hitti ég fólk sem vinnur **sjálfboðaliðastarf** í Rauðakrossdeild í Kópavogi.

Það er alltaf verið að tala um efnishyggju, peningagræðgi og sjálfselsku - og því verður sennilega seint neitað að allt eru þetta tímabær umræðuefni í þjóðfélaginu okkar. Samt má það ekki gleymast, að því fer fjarri að allir séu undirlagðir af þeirri hugsun einni að hlaða sem mest undir rassinn á sjálfum sér. Alls konar fólk úti um allt land sinnir störfum sínum af kostgæfni og trúmennsku án þess að vera fyrst og fremst að hugsa um krónur og gróða. Fjöldi fólks leggur hvers konar líknarmálum lið og sparar hvorki tíma né peninga til að reyna að leggja sitt af mörkum til að gera veröldina ögn skárri. Það er gott til þess að vita að enn er til fólk sem miklast ekki af góðverkum sínum. Ekki síst nú þegar óvæntur auður hefur apað svo marga íslendinga að við höfum eignast fábjána á alþjóðlegan mælikvarða sem láta fyrrverandi filmstjörnu narra sig til að borga 20 milljónir fyrir ómálað málverk og árslaun verkamanns fyrir að fá að lesa veðurfréttir í sjónvarp.

Uppáhaldspistlahöfundur minn, **Valgerður Bjarnadóttir**, sendi þessum vesalingum heilræði í Fréttablaðinu um daginn.



Valgerður sagði: „Ég ætla að leyfa mér að vera gamaldags og púkó, en þetta finnst mér ekki flott, jafnvel þó peningarnir renni í gott málefni. Hingað til hef ég yfirleitt andmælt þegar tal er uppi um smæð þjóðarinnar. Hef verið þeirrar skoðunar að í samfélagi þjóðanna skipti það fyrst og fremst máli að vera þjóð en ekki hversu stór hún er. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þjóðin sé of lítil til að hér séu haldnar veislur og uppboð af þessu tagi. Bið auðmenn að halda slíkar veislur í kyrrþey héðan í frá."

Ég var afskaplega bjartsýnn eftir samveruna með Rauðakrossfólkinu, en svo varð ég soldið kvíðinn því að næst beið mín að hitta hóp af ungu fólki sem hefur mikinn áhuga á pólitík, hóp sem kallar sig **Deiglan.com** og sumir segja að sé **órólega deildin** í Sjálfstæðisflokknum.

Kvíðinn fyrir því að hitta unga íhaldsfólkið reyndist ástæðulaus. Þetta var glæsilegur hópur af skynsömum og hugsandi einstaklingum sem eru komnir óravegu burt frá því kaldastríðsþvargi sem einkenndi Heimdellinga á sokkabandsárum mínum. En þá er þess að gæta að þetta er órólega deildin. **Rólega deildin** í flokknum er trúlega óbreytt enn.

**FIMMTUDAGUR 8. DES**

## Forseti, banki og barónessa

Forsetinn hefur greinilega ekki lesið hina ágætu grein Valgerðar Bjarnadóttur, og sennilega ekki **KB banki** heldur, því að nú var sinfóníuhljómsveitin látin halda sérstaka tónleika og spila fyrir ríka fólkið og forsetinn bauð breskri barnónessu í gleðskapinn. KB banki borgaði svo veitingar og boðsmiða. Forseti, banki og barónessa.

Eru **peningapúkarnir** alveg að ganga af göflunum? Það virðist vera vandi að kunna sér læti. Vonandi að þeir detti ekki niður úr rjáfrinu sem þeir hafa prílað upp í og hálsbrjóti sig og skaði þá sem verða undir þeim.

Í dag er aldarfjórðungur síðan **John Lennon** var myrtur.



**FÖSTUDAGUR 9. DES**

## Eymundsson í Austurstræti

Bókabúðir eru mitt uppáhald. Ég get gleymt mér tímunum saman við að skoða bækur. **Eymundsson** í Austurstræti er eftirlætisbúðin mín. Þar hef ég eytt jafnlöngum tíma og í öllum öðrum búðum samanlagt. Í ró og friði.

En nú er friðurinn úti. Í dag og næstu tvo daga, laugardag og sunnudag síðdegis, flyt ég heimkynni mín í Eymundsson í Austurstræti. Til að lesa upp, spjalla og afgreiða og hitta fólk sem hefur áhuga á bókum. Ég kvíði fyrir tilstandinu. En ég hlakka líka til að sjá hvort bókabúð rúmar líka einn höfund innan um allar bækurnar. Ég reyni bara að vera til friðs.

# EXPERTÚRVALIÐ

Multimedia Player AivX

**24.790**



250GB

## Flakkari

Diskahús fyrir harðan disk
USB tengi í tölvu
Tengist beint í TV
Myndsýning
MP3 spilun
250GB harður diskur
8 MB buffer
7.200 Silent Seek
Fjarstýring

Canon

**29.900**



Taska fylgir með

## Canon tökuvél

1/6" 800k pixel CCD nemi
DIGIC DV örgjörvi
20 X optiskur aðdráttur
400 X stafrænn aðdráttur
DV út AV inn
Taska, miniDV spóla og linsuklútur fylgir með
16:9 breiðtjaldskerfi
Hristivörn
Sjálfvirkt "Easy" kerfi
2.4" skjár
"Viewfinder" í lit
MV800 DV

**5.990**



## Idol - græja

Gengur með öllum Karaoki hljómdiskum
Tengist við PS2, Xbox, DVD
Tengist svo við sjónvarp
DVD diskur fylgir með
Karaoki fyrir alla fjölskylduna
Stilling á hljóði og bergmáli
Kemur með AV snúru
Gæða hljóðnemi fylgir með

SONY

**12.900**



## Sony - stæða

Spilar MP3
CD/kassettutæki
AM&FM Útvarp
2 x 5W RMS
Forstilltur tónjafnari
Tengi að framan
RDS
30 stöðva minni
Topphlaðinn CD spilari
CD-R/CD-RW
CMTEH10

REMINGTON

**1.990**



AVON
Hárvörn fylgir með

## Hárblásari

Kraftmikill 2000 Watta blásari
Ionic tækni
Keramik í haus
3 m löng snúra
2 hraðastillingar
3 hitastillingar
Kaldur blástur
Hljóðlátur
D3410

SAMSUNG ELECTRONICS

**15.900**



## SGH-E330N

Tri Band - 900/1800/1900
Innbyggt loftnet
65.000 lita TFT skjár
Ytri skjár LCD-grátóna
WAP2.0, GPRS, MMS
VGA myndavél
Getur tekið myndir bæði opinn og lokaður
Einangrar umhverfishljóð er góður í hávaða

**3.490**



**3.490**

Seríurnar saman í pakka

## Breskir og góðir

Little Britain DVD
Yes Minister DVD
Breskur húmor eins og hann gerist bestur

SAMSUNG

**219.900**



## Amerískur stálskápur

Kælir 346 lítrar
Frystir 186 lítrar
Orkuflokkur A
Vifta í kæli og frysti
Lætur vita ef dyr eru opnar
Rafrænt stjórnborð
Vatns- og klakavél (mylur)
Barnalæsing
Sjálfvirk affrysting í kæli
RS19FHNS

SAMSUNG ELECTRONICS

**199.900**



## 42 Plasmaskjár

Skjástærð: 42" Plasma
Hlutföll: 16:9
Upplausn: 852x480
Skerpa: 3000:1
79mm þykkt
Stærð: 1024x630,5
Ábyrgð: 3 ár
PPM42S3QX



Matti og Beggi og mikið úrval af íslenskum geisladiskum

**1.590**

Birt með fyrirvara um villur.

expert

Skútuvogi 2 - sími: 522 9000
Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 I laugardaga kl. 10.00 - 18.00 I sunnnudaga kl. 13.00 - 17.00



## 2.990

Vnr. 49800315

**Jólasveinn**

Jólasveinn sem spilar og dansa 46 cm.



## 490

Vnr.88900180-3

**Jólatréstoppur**

Jólatréstoppur, rauður glans/mattur, eða gylltur glans/mattur.



Timburverslun BYKO

**FALLEGRI JÓLATRÉ**

Hvert einasta tré er sérvalið af starfsmönnum BYKO

Normannsþinur er vinsælasta jólatré landsmanna

Öll tré eru geymd inni. Þú ekur á bílnum inn og velur draumatréð




## 2.490

Vnr. 88010562

**Dúkka**

BRATZ dúkka á mótorhjóli. Fæst í BYKO Breidd, Glerártorgi á Akureyri og Selfossi.

# JÓLAGLEÐI ALLA HELGINA

*í verslunum BYKO*




## 990

Vnr. 88020645

**Kúluspil**

Kúluspil, 28x28 cm.




STÓR & FLOTTUR

## 5.990

Vnr. 88010154/7

**Leikfangabíll**

Fjarstýrður Monster jeppi, 59x38x32 cm, hleðslurafhlaða fylgir. Fæst í BYKO Breidd, Glerártogi á Akureyri og Selfossi.



## 5.990

Vnr. 51886133

**Jólatré**

Maria jólatré, stál, 100 ljósa 24V.



Vnr. 88903038-6

**Jólatré**

Jólatré með ljósleiðara, skiptir litum, 45, 60, 90, 120 eða 150 cm.

Verð frá

## 1.490



## 1.490

Vnr.88021771

**Barnaverkfærasett**

Barnaverkfæri, stingsög, borvél og slípirokkur.

# JÓLASTEMNING Í BYKO BREIDD!

Karlakór Kópavogs syngur jólalög kl. 16:00

Skemmtilegir jólasveinar koma kl. 13:00

Bjóðum upp á gómsætar vöfflur laugardag & sunnudag frá kl. 13:00-16:00.




**TRÍÓ BJÖSSA THORODDSEN**

Tríó Bjössa Thorodds spilar létta jólatónlist í dag milli 14:00 og 16:00.





**350**

Vnr.88861019-30

## Jólakúlur

Jólakúlur á jólatré, margir litir og gerðir, 4 stk. í kassa. Fæst í BYKO Breidd, Hringbraut, Glerártorgi Akureyri og Selfossi.



**2.490**

Vnr.88010566

## Jólasveinn

Jólasveinn eða snjókarl í kassa, 55 cm samansettur. Fæst í BYKO Breidd, Glerártorgi Akureyri og Selfossi.

# 25% afsláttur

*af öllum seríum**

** afsláttur reiknast á kassa*



Vnr. 51883180

## Jólaþorp

MICHELLA jólaþor með seríu, 5 stk.

**2.990**









VERÐ VERND BYKO



Vnr. 88968009-34

## Jólatré

Gervijólatré, 90-240 cm.
90 cm - 790 kr.
120 cm - 1.790 kr.
150 cm - 2.290 kr.
180 cm - 3.690 kr.
210 cm - 5.490 kr.
240 cm - 5.990 kr.

Verð frá **790**



Vnr.88902836

## Kertaljós

Kertaljós með Díóðu peru sem flökktar eins og kerti 5. stk.

**2.290**

~~2.990~~




## Stórglæsileg jólagjafahandbók BYKO er komin út!

Kynntu þér frábært úrval af gjafavörum fyrir alla fjölskylduna, á góðu verði.



## Gerðu góðverk

Í öllum verslunum BYKO er seldur rauður innkaupapoki á aðeins 100 kr. Allur ágóði rennur óskertur til krabbameinssjúkra barna.

BYKO

BYGGIR MEÐ ÞÉR



✝

*Okkur innilegasta þakklæti við fráfall og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Sigurðar Jóhanns Hendrikssonar**

Reyrengi 32.

Guð blessi ykkur öll.

**Hjördís Björg Kristinsdóttir**
**Rebekka María Sigurðardóttir** **Valdimar Karl Guðmundsson**
**Jóhann Ágúst Sigurðarson** **Þórunn Ragnarsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Viggó Einarsson**

flugvirki, Gullsmára 8,

andaðist á Landspítalanum Fossvogi 8. desember.

**Sigurbjörg Hjálmarsdóttir**
**Hjálmar Viggósson** **Ragnheiður Hermannsdóttir**
**Magnea Viggósdóttir** **Kenneth Morgan**
**Erna Margrét Viggósdóttir** **Kristján Þ. Guðmundsson**
**Helen Viggósdóttir** **Þórarinn Þórarinsson**
**Barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Lára Ósk Arnórsdóttir**

Eiríksgötu 6,

lést mánudaginn 5. desember. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 14. desember kl. 15.00.

**Rúnar Sigurðsson**
**Arna Rúnarsdóttir** **Helgi Leifur Sigmarsson**
**Gauja Rúnarsdóttir** **Emilía Rafnsdóttir**
**Hlynur Rúnarsson** **Margrét Ásdís Haraldsdóttir**
**Valgerður Rúnarsdóttir** **Vignir Rafn Valþórsson**
**og barnabörn.**



✝

*Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,*

**Kristín Jóhannesdóttir**

frá Svínhóli, Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, Reykjavík,

lést í Seljahlíð aðfaranótt mánudagsins 5. desember. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 12. desember, kl. 13.00.

**Helgi Jóhannesson** **Þóra Þorleifsdóttir**
**Ragnheiður Jóhannesdóttir** **Haraldur Sigfússon**
**Ragnheiður Guðmundsdóttir,**
**systkinabörn og þeirra fjölskyldur.**



✝

*Okkar ástkæri*

**Helgi Jósefsson Vápni**

Mávahlíð 13, Reykjavík,

andaðist laugardaginn 3. desember.

Minningarathöfn verður í Akureyrarkirkju miðvikudaginn 14. desember kl. 17:00. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 15. desember kl. 15:00.

Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Geðhjálpar, sími 570-1700.

**Arnbjörg Pálsdóttir**
**Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir** **Heiðar Ingi Svansson,**
**Sonja Dröfn Helgadóttir** **Guðmundur Egill Erlendsson**
**Þórdís Ósk Helgadóttir** **Pétur Sigurðsson**
**hans elskandi barnabörn**
**Kristinn S. Jónsson**
**Jósef Halldórsson** **Ingibjörg Gísladóttir**
**og aðrir ástvinir.**



**ALFRED NOBEL (1833-1896) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Þó aðeins ein af þúsund hugmyndum sem ég fæ sé góð er ég sáttur.“*

***Alfred Nobel var sænskur vísindamaður og upphafsmaður nóbelsverðlaunanna.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** > 10. DESEMBER 1901

## *Fyrstu nóbelsverðlaunin*



Á þessum degi árið 1901 voru nóbelsverðlaunin afhent í fyrsta sinn í Stokkhólmi í Svíþjóð. Veitt voru verðlaun fyrir eðlisfræði, efnafræði, læknisfræði og bókmenntir auk friðarverðlauna. Þá voru fimm ár liðin frá dauðadegi Alfred Nobel, sænska uppfinningamannsins sem fann upp dýnamít og önnur sprengiefni.

Í erfðaskrá sinni tilgreindi Nóbel að stærstan hluta auðæfa hans skyldi setja í sjóð og veita úr honum árlega til þeirra sem hefðu á undanförnu ári skarað fram úr á sínu sviði.

Þrátt fyrir að Nobel gæfi ekki skýringu á þessari ákvörðun töldu margir að það væri gert vegna eftirsjár að uppfinningar hans væru í sífellt meiri mæli notaðar í stríði.

Nóbelsverðlaunin eru í dag ein mestu heiðursverðlaun sem nokkur getur hlotið á þeim sviðum sem þau eru veitt. Meðal þekktra verðlaunahafa eru Marie Curie, Albert Einstein, Winston Churchill, Martin Luther King, Dalaí Lama og Nelson Mandela.

**MERKISATBURÐIR**

**1886** Fyrsta íslenska auglýsingin um tannlækningar birtist í Þjóðólfi.

**1898** Með Parísarsáttmála lýkur skammvinnu stríði milli Spánar og Bandaríkjanna.

**1907** Bifreið er ekið í fyrsta sinn norðanlands, frá Akureyri að Grund í Eyjafirði.

**1917** Alþjóða Rauði krossinn hlýtur friðarverðlaun Nóbels.

**1924** Rauði kross Íslands er stofnaður í Reykjavík.

**1982** Íslendingar skrifa undir hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

## ANDLÁT

**Snorri Skaptason** arkitekt lést á heimili sínu í Kaupmannahöfn laugardaginn 3. desember.

**Lára Ósk Arnórsdóttir**, Eiríksgötu 6, lést mánudaginn 5. desember.

**Pálmi Ólafsson** frá Holti andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi þriðjudaginn 6. desember.

**Einar Thorlacius Magnússon**, Lækjasmára 2, Kópavogi, lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 7. desember.

**Helgi Loftsson**, Krummahólum 57, Reykjavík, lést á heimili sínu miðvikudaginn 7. desember.

**Herborg Jónsdóttir**, Álfatúni 37, Kópavogi, lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 7. desember.

**Ragnar Bollason**, Bjargi, Eyjafjarðarsveit, lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð miðvikudaginn 7. desember.

**Viggó Einarsson** flugvirki, Gullsmára 8, andaðist á Landspítala Fossvogi fimmtudaginn 8. desember.

## JARÐARFARIR

11.00 **Elías Ívarsson**, Suðurengi 7, Selfossi, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju.

13.30 Minningarathöfn um **Pál Hallgrímsson**, fyrrverandi sýslumann á Selfossi, verður haldin í Selfosskirkju.

14.00 **Adolf H. Magnússon** skipstjóri, Vestmannabraut 76, verður jarðsunginn frá Landakirkju.



**UNDIR ÁHRIFUM FRÁ CHARLIE PARKER** Kvartett Sigurðar Flosasonar ætlar að spila lög eftir djasssnillinginn Charlie Parker í dag á Cafe Rosenberg.

**CHARLIE PARKER:** TÓNLEIKAR VEGNA 50 ÁRA DÁNARAFMÆLIS

# Flogið í gegnum lífið

„Það er varla hægt að finna þann djasstónlistarmann sem ekki hefur orðið fyrir beinum eða óbeinum áhrifum frá Charlie Parker. Sérstaklega ekki fólk sem spilar á sama hljóðfæri og hann,“ segir Sigurður Flosason saxófónleikari, en kvartett Sigurðar ætlar ásamt danska saxófónleikaranum Benjamin Koppel, að halda tónleika í dag til að minnast þess að hálf öld er frá dánardegi djasssnillingsins Charlie Parker.

„Hann er einn af tveimur eða þremur áhrifamestu einstaklingum djasssögunnar og hefur ekki aðeins áhrif á fólk sem spilar á hans hljóðfæri heldur á alla. Hann breytti gangi sögunnar og er risi í þessu samhengi,“ segir Sigurður, sem lengi hafði ætlað að halda tónleika til heiðurs Parker og greip tækifærið þegar dánarafmælið rifjaðist upp fyrir honum.

Charlie Parker var frumkvöðull í tónlistarstefnunni bebop sem ruddi sér til rúms á fyrri hluta tuttugustu aldar. Hann var þó ekki aðeins frægur fyrir tónlist sína heldur einnig fyrir óseðjandi fíkn á alla skapaða hluti. „Hann lifði hratt og var óhófsmaður á allt, heróín, áfengi, mat og kvenfólk,“ útskýrir Sigurður en þessi stórkostlegi hæfileikamaður og stórstjarna í listaheimi New York var algerlega búinn að ofbjóða sér þegar hann lést árið 1955, þá aðeins 34 ára að aldri. „Læknirinn sem skoðaði líkið sagði að þarna færi sextugur maður,“ upplýsir Sigurður.

Parker fékk snemma viðurnefnið Bird. Telur Sigurður að nafnið, sem upphaflega var Yardbird, hafi hlotist af því að honum þótti kjúklingur mjög góður og borðaði hann í miklu óhófi. „Nafnið á líka vel við hann að því leyti að hann flaug í sinni músík, gat spilað mjög hratt,“ segir Sigurður en einnig má segja að Bird hafi flogið í gegnum lífið og brennt kertið í báða enda.

Tónleikar þeirra Sigurðar og félaga verða haldnir klukkan fjögur í dag á Cafe Rosenberg í Lækjargötu. Þeir byggja að langmestu leyti á lögum úr smiðju Parkers sjálfs auk nokkurra laga sem tengjast honum. „Á þessum tíma er mikið af fólki í bænum að versla og okkur datt í hug að stressa fólk upp með trylltri músík og gá hvort sumir fari ekki alveg yfir um,“ segir Sigurður glettinn. ■



**DJASSRISI** Charlie Bird Parker var frumkvöðull í tónlistarstefnunni bebop en óhófsmaður á eiturlyf, mat og kvenfólk.



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ómar S. Zóphóníasson**

Fögruhlíð 5, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu aðfaranótt mánudagsins 5. desember. Jarðarför auglýst síðar.

**Kristín Theódórsdóttir**
**Theódór K. Ómarsson** **Hafdís Sigursteinsdóttir**
**Marta G. Ómarsdóttir** **Höskuldur Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Elías Ívarsson**

Suðurengi 7, Selfossi,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 10. desember kl. 11.00.

**Guðrún Sveinsdóttir**
**Elín Jóhanna Elíasdóttir** **Örn Jónsson**
**Ívar Hjálmar Elíasson** **Ólafía Illugadóttir**
**Elsebeth Elena Elíasdóttir** **Erwin Thomsen**
**Guðlaug Elíasdóttir** **Sigurjón Valdimarsson**
**Linda Elíasdóttir** **Christofer R. Bowen**
**Eva Elíasdóttir**
**Ingibjörg Halla Elíasdóttir**
**Auðbjörg Lilja Lindberg** **Karl H. Cooper**
**Sveinn Elíasson** **Kolbrún Björnsdóttir**
**Elías Rúnar Elíasson** **Bryndís Jónsdóttir**
**Afa- og langafabörn.**



**Ásdís Inga Jónsdóttir (Dísa)**

Hrauntungu 54, Kópavogi,

**varð fertug í gær, 9. desember.**

Af því tilefni býður hún vinum og vandamönnum í kaffi í Gjábakka, Fannborg 8, laugardaginn 10. desember kl. 15.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30168 11/2005

## NÝR YARIS. Frumsýning um helgina

Það er kominn nýr Yaris. Komdu á frumsýningu á Nýbýlaveginum
um helgina og upplifðu nýjan, enn betri Yaris.
Hann er risaSMÁR.

- Allir sem reynsluaka nýjum Yaris eiga möguleika á því að vinna glæsilegan vinning
- Bakaralandsliðið býður upp á smákökur og kakó
- Fáðu góð ráð varðandi baksturinn hjá landsliðsbökurum
- Sjáðu fyrsta piparkökubílskúrinn

Opið í öllum deildum laugardag frá kl. 12 til 16 og sunnudag frá kl. 13 til 16.

## risaSMÁR

risaSMÁR er nýyrði í íslensku.
Lífið er fullt af risaSMÁUM hlutum og augnablikum.
Hugsaðu um smákökurnar fyrir jólin. Ilmurinn. Bragðið.
Hljóðið þegar maður bítur. Heill árstími í einum bita.
Smákökur eru risaSMÁAR.
Þú þekkir tilfinninguna. Við líka.
Nýr Yaris - risaSMÁR.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími 570-5070



990

**ESTEVELO** Fótboltalegghlífar. Litur: silfur. Stærðir: XS - L Kr. 990 áður kr. ~~1.690~~



1.990

**CHELSEA SHORT** Klassískar æfingastuttbuxur. Litur: bláar og svartar. Stærðir: S - XXL Kr. 1.990 áður kr. ~~2.690~~



2.990 2.990

**LUNAR PANT** Klassískar íþróttabuxur fyrir börn. Litur: bláar og svartar. Stærðir: 104-176 Kr 2.990 áður kr. ~~3.490~~

**NOX PANT** Góðar buxur á börn. Litur: bláar og svartar. Stærðir: 104-176 Kr. 2.990 áður kr. ~~3.990~~




2.990

**BY JOGGER** Mjög flottir barna bómullargallar. Litir: rauðir og bláir. Stærðir: 62-104. Kr 2.990 áður kr. ~~3.990~~




9.990

VERÐ ÁÐUR ~~12.990~~

**COPA MUNDIAL** Sterkir og vandaðir fótboltaskór. Litur: svartir/grár. Stærðir: 36-46. Kr. 9.990




4.690

VERÐ ÁÐUR ~~5.690~~

**F10 TF** Góður gervigrasskór. Litur: svartur/grár. Stærðir: 39-47. Kr. 4.690

# Jól 2005

## FRÁBÆR KAUP UM HELGINA

NÝTT KORTA TÍMABIL




3.690

VERÐ ÁÐUR ~~4.690~~

**ALLAND** Íþróttagalli á börn. Litur: rauður, blár og svartur. Stærðir: 104-176 Kr. 3.690



5.990

VERÐ ÁÐUR ~~7.490~~

**3SA FZ HOOD** Rennd herrapeysa með hettu. Litur: rauð. Stærðir: S - L Kr 5.990

100% ÖRYGGI
við lofum þér lægra verði!

Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá **endurgreiðum** við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun.

***Gildir í tvær vikur frá kaupdegi, gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.***

**Intersport Húsgagnahöll** SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18 • **Intersport Smáralind** SÍMI 585 7240 • Mán.

# HM BOLTINN 2006
## FRUMSÝNDUR Á ÍSLANDI UM HELGINA

Í gær var dregið í riðla í heimsmeistaramótinu í fótbolta 2006, af því tilefni kynnir Adidas HM fótboltann. HM-boltinn kemur í sölu hjá Intersport á Íslandi í dag. Boltinn er sannkölluð drauma jólagjöf allra fótboltaáhugamanna, og kemur í skemmtilegri gjafapakkningu. Verð: **1.990**




## BERÐU FÁNANN HÁTT!

Langar þig að ganga inn á völlinn með besta vini þínum og besta knattspyrnumanni í heimi? Frammi fyrir tugum þúsunda fagnandi áhorfenda? Þá ættir þú að taka þátt í keppninni um hver verður "Fair Play" fánaberi alþjóða knattspyrnusamtakanna FÍFA "Fair Play" þýðir drengilegur leikur og er hluti af átaki FÍFA til að stuðla að góðri hegðun jafnt utan vallar sem innan.

Allir sem eru á aldrinum 10-14 ára geta tekið þátt í keppninni um að komast með vini og einu foreldri á HM í knattspyrnu í Þýskalandi árið 2006 sem fánaberi FÍFA. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á vefsíðuna www. adidas.com/flagbearer með kóðann þinn og svara eftirfarandi spurningum:

1. **Hvað taka mörg lið þátt í HM í Þýskalandi 2006 ?**
   a) 24 lið  b) 32 lið  c) 40 lið
2. **Hvaða dag er lokaleikur HM í fótbolta**
   a) 9. júlí  b) 10. júní  c) 12. ágúst
3. **Í hvaða borg fer úrslitaleikurinn fram?**
   a) Berlín  b) Munchen c) Hamborg

**Útskýrðu með hámark 20 orðum hvers vegna þú ættir að fara á HM í Þýskalandi og bera "Fair Play" fána FÍFA með besta vini þínum.**

Nánari upplýsingar um keppnina finnur þú á www. adidas.com/flagbearer

*Póstverslun*
VIÐ SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

INTERSPORT®

*Club Intersport, sjá nánar á www.intersport.is*

. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 • **Intersport Selfossi** SÍMI 585 7197 • Mán. - föstud. 09 - 21 • Laugardaga 10 - 21 • Sunnudaga 10 - 21

# HM BOLTINN 2006
## FRUMSÝNDUR Á ÍSLANDI UM HELGINA

Í gær var dregið í riðla í heimsmeistaramótinu í fótbolta 2006, af því tilefni kynnir Adidas HM fótboltann. HM-boltinn kemur í sölu hjá Intersport á Íslandi í dag. Boltinn er sannkölluð drauma jólagjöf allra fótboltaáhugamanna, og kemur í skemmtilegri gjafapakkningu. Verð: **1.990**




## BERÐU FÁNANN HÁTT!

Langar þig að ganga inn á völlinn með besta vini þínum og besta knattspyrnumanni í heimi? Frammi fyrir tugum þúsunda fagnandi áhorfenda? Þá ættir þú að taka þátt í keppninni um hver verður "Fair Play" fánaberi alþjóða knattspyrnusamtakanna FÍFA "Fair Play" þýðir drengilegur leikur og er hluti af átaki FÍFA til að stuðla að góðri hegðun jafnt utan vallar sem innan.

Allir sem eru á aldrinum 10-14 ára geta tekið þátt í keppninni um að komast með vini og einu foreldri á HM í knattspyrnu í Þýskalandi árið 2006 sem fánaberi FÍFA. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á vefsíðuna www. adidas.com/flagbearer með kóðann þinn og svara eftirfarandi spurningum:

1. **Hvað taka mörg lið þátt í HM í Þýskalandi 2006 ?**
   a) 24 lið b) 32 lið c) 40 lið
2. **Hvaða dag er lokaleikur HM í fótbolta**
   a) 9. júlí b) 10. júní c) 12. ágúst
3. **Í hvaða borg fer úrslitaleikurinn fram?**
   a) Berlín b) Munchen c) Hamborg

**Útskýrðu með hámark 20 orðum hvers vegna þú ættir að fara á HM í Þýskalandi og bera "Fair Play" fána FÍFA með besta vini þínum.**

Nánari upplýsingar um keppnina finnur þú á www. adidas.com/flagbearer

*Póstverslun*
VID SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

INTERSPORT®

*Club Intersport, sjá nánar á www.intersport.is*

. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 • **Intersport Selfossi** SÍMI 585 7197 • Mán. - föstud. 09 - 21 • Laugardaga 10 - 21 • Sunnudaga 10 - 21

# Dáist að einurð Íraka

**Áður en Philip S. Kosnett, staðgengill sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, kom hingað til lands gegndi hann embætti héraðsstjóra í Najaf í Írak. Hann ræddi við *Svein Guðmarsson* um störf sín þar og framtíðarhorfurnar í þessu stríðshrjáða landi.**



**Á SKRIFSTOFUNNI** „Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur undirstrikað við reynum ekki að hafa áhrif á þróun mála á stjórnmálasviðinu í Írak, við viljum fyrst og fremst að lögmæt og réttkjörin ríkisstjórn komist til valda.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Í janúar kusu Írakar stjórnlagaþing sem síðan skipaði ríkisstjórn, í október greiddu þeir atkvæði um drög að nýrri stjórnarskrá landsins og næstkomandi fimmtudag ganga þeir í þriðja sinn að kjörborðinu á tæpu ári þegar þeir kjósa nýja menn á þing samkvæmt ákvæðum nýju stjórnarskrárinnar.

Philip S. Kosnett, staðgengill sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, er einn þeirra sem fylgjast óvenju grannt með framvindu mála í Írak. Áhuginn er skiljanlegur því áður en hann kom hingað til lands var hann héraðsstjóri í Najaf-héraði. Þar hafði hann yfirumsjón með stjórnmála- og efnahagsuppbyggingu svæðisins auk þess að vinna með hermönnum innrásarliðsins að uppbyggingu íraskra öryggissveita áður en Írakar fengu fullveldi sitt á nýjan leik í maílok 2004.

**Í hringiðu uppreisnar**

Kosnett hafði ekki verið lengi í Najaf þegar uppreisn eldklerksins Muqtada al-Sadr hófst í borginni og eins og búast má við gerbreytti hún verkefnum héraðsstjórans þann rúma mánuð sem hún stóð yfir. „Sadr vonaðist til að úr yrði allsherjarbylting milljóna sjía sem myndu hrekja heiðingjana á brott úr landinu. Ekkert í líkingu við það gerðist, aðeins nokkur þúsund manns gengu til liðs við hann. Hersveitir bandalagsþjóðanna lögðu til atlögu við þennan her Sadr en jafnfram reyndum við að sannfæra hann um að berjast frekar fyrir sínum málum á stjórnmálasviðinu en með ofbeldi. Nokkrum mánuðum síðar bar sú vinna árangur. Nú eru menn handgengnir Sadr í framboði í kosningunum í næstu viku og við erum auðvitað mjög ánægð með það.“



**HÉRAÐSSTJÓRNIN Í NAJAF** Þegar Kosnett var héraðsstjóri í Najaf sá hann meðal annars um að bráðabirgðahéraðsstjórn var valin sem í áttu sæti íraskir stjórnmálamenn.

Kosnett segir að mikilvægan lærdóm megi draga af atburðunum í Najaf og atburðarásin síðan þá sýni að jákvæðar breytingar hafi orðið í landinu. „Herflokkur Sadr samanstóð að langstærstum hluta af ungum ómenntuðum sjíum sem hafði verið innrætt að írösk stjórnvöld og erlendir bandamenn þeirra væru óvinirnir og gegn þeim ætti að rísa til að verja landið og trúna. Sú staðreynd að Sadr vinnur nú að sínum málum á vettvangi stjórnmálanna sýnir að framfarir hafi átt sér stað. Þær eru ekki síst íröskum stjórnmálamönnum að þakka sem hafa sýnt ungum Írökum að það er framtíð þrátt fyrir allt og fyrir henni er til betri leið til að berjast en ofbeldi. Ég held að á sama hátt eigi að vera mögulegt að snúa óánægðum súnníum, sem barist hafa gegn hernámsliðinu og lögmætum íröskum yfirvöldum, til jákvæðari verka.“

**Vonast eftir góðri kjörsókn**

Talsverð spenna ríkir fyrir kosningarnar á fimmtudaginn enda eru yfir tvö hundruð stjórnmálaflokkar og hreyfingar í framboði. Í kosningunum í janúar vegnaði hófsömum sjíum mjög vel og höfðu þeir ásamt fulltrúum Kúrda mest að segja um stjórnarskrárgerðina og stjórn landsins.

Búist er við að valdahlutföllin muni breytast nokkuð því súnníar, sem sniðgengu kosningarnar í janúar, er taldir ætla að flykkjast nú á kjörstað til að tryggja að þeir verði ekki aftur settir til hliðar. Sjíar og Kúrdar munu aftur á móti reyna að halda þeim völdum sem þeir hafa í dag og því spáir Kosnett að kjörsókn eigi almennt eftir að verða góð, þrátt fyrir hið ótrygga ástand sem ríkir í landinu. „Mér finnst eiginlega ótrúlegt að milljónir Íraka skuli bókstaflega hætta lífi sínu við að mæta á kjörstað. Ef ég byggist við að verða fyrir eldflaugaárás á leiðinni á minn kjörstað í Norður-Karólínu myndi ég sennilega hugsa mig tvisvar um.“

Þegar greidd voru atkvæði um stjórnarskrána í október fjölmenntu súnníar reyndar á kjörstað og telur Kosnett þá staðreynd merki um að þjóðareining Íraka sé mun meiri en oft sé látið í veðri vaka. „Á sama tíma held ég að leiðtogar sjía og Kúrda skilji alltaf betur og betur að þeir verði að tryggja að súnníarnir séu ekki settir til hliðar og að eining landsins sé forsenda þess að friður og farsæld komist á.“

**Réttkjörin ríkisstjórn aðalatriðið**

Enda þótt Kosnett vilji engu spá um úrslit kosninganna má gera ráð fyrir að sameinuðu framboði sjía muni vegna aftur vel. Stærstur hluti írösku þjóðarinnar er sjíamúslimar og andlegur leiðtogi þessa hóps, Ali al-Sistani erkiklerkur, hefur látið stuðning sinn við framboðið í ljós.

Verði þetta lyktir kosninganna grunar marga að Íranar, sem einnig eru upp til hópa sjíar, muni reyna að seilast til frekari áhrifa í landinu en af því kveðst Kosnett hafa litlar áhyggjur. „Ég held að enginn þurfi að undrast að Íranar fylgist grannt með þróun mála í Írak enda eiga þeir þar hagsmuna að gæta. Við erum hins vegar nokkuð bjartsýn á að Íranar beiti sér frekar á uppbyggjandi hátt í Írak. Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur undirstrikað við reynum ekki að hafa áhrif á þróun mála á stjórnmálasviðinu í Írak, við viljum fyrst og fremst að lögmæt og réttkjörin ríkisstjórn komist til valda, ekki stjórn sem þorri Íraka telur að gæti hagsmuna einhverra annarra en þeirra sjálfra.“

**Réttað yfir Saddam**

Á sama tíma og þjóðin býr sig undir kosningarnar standa réttarhöldin yfir Saddam Hussein og samstarfsmönnum hans yfir. Að vonum hafa málaferlin vakið mikla athygli. Mannréttindasamtök víða um heim hafa borið brigður á lögmæti þeirra og ólgan sem ríkir í Írak þessa dagana helgast að talsverðu leyti af því róti sem réttarhöldin vekja. „Réttarhöldin eru fyrst og fremst mál Írakanna sjálfra, dómarar, saksóknarar og verjendur eru allir Írakar. Þeir ákváðu hvenær réttarhöldin færu fram og ég held að tímasetningin orki ekki tvímælis í ljósi þess að allur þorri Íraka vill sjá réttað yfir Saddam vegna glæpa hans í opnum og sanngjörnum réttarhöldum, sem ég held að þau sannarlega séu. Því held ég að réttarhöldin muni hafa lítil áhrif á kosningarnar.“

*„Mér finnst eiginlega ótrúlegt að milljónir Íraka skuli bókstaflega hætta lífi sínu við að mæta á kjörstað. Ef ég byggist við að verða fyrir eldflaugaárás á leiðinni á minn kjörstað í Norður-Karólínu myndi ég sennilega hugsa mig tvisvar um.“*

**Uppreisnin er vandamál**

Þótt réttarhöldin yfir Saddam hafi ef til vill lítil áhrif á kosningarnar er öruggt að vargöldin í landinu setur strik í reikninginn. Daglega berast nýjar fréttir af átökum og árásum í Írak og Kosnett viðurkennir að enn sé mikið verk óunnið við að koma friði á. Hann bendir hins vegar á að með markvissum aðgerðum eigi að vera hægt að draga mjög úr óánægjunni sem er drifkrafturinn á bak við uppreisnina.

Almennt er litið svo á að skipta megi uppreisnarhópum landsins í þrennt. Í fyrsta lagi eru alþjóðlegir hryðjuverkamenn sem sagðir eru hafa tengsl við al-Kaída. „Þessir menn sprengja upp moskur og víla ekki fyrir sér að myrða saklausa borgara í þeirri von að ótti og ringulreið grípi um sig. Þeirra markmið er að reyna að koma af stað borgarastríði á milli sjía og súnnía,“ segir Kosnett.

Í öðru lagi eru leifarnar af Baath-flokknum og öryggissveitum Saddams sem eru óánægðar með sinn hag. Kosnett segir þessi öfl hafa farið huldu höfði undanfarið og safnað kröftum en líkur séu á að þau láti til skarar skríða í kringum kosningarnar.

Í þriðja lagi eru svo ungir, ómenntaðir og atvinnulausir menn sem í vonleysi sínu finna óánægju sinni farveg í andspyrnu við stjórnvöld. „Ég held að allar líkur séu á að með markvissum aðgerðum lögreglu og pólitískum þrýstingi íraskra stjórnmálamanna muni draga mjög úr andófi þessa hóps. Auðvitað vilja ungir súnníar bara það sama og aðrir, þeir vilja fyrst og fremst frið og tækifæri til að fá að byggja upp framtíð sína. Flestir Írakar eru að verða langþreyttir á hryðjuverkum. Eftir því sem íraskar hersveitir styrkjast og herir bandalagsþjóðanna taka minni beinan þátt í hernaðaraðgerðum veikist enn frekar málflutningur þeirra sem segja Írak vera hernumið.“

Takmarkið er svo auðvitað að Írak geti staðið á eigin fótum, bæði í stjórnmálalegu og efnahagslegu tilliti. Þrýstingurinn vex stöðugt í þeim ríkjum sem halda úti herliði í Írak að kalla það sem fyrst heim. „Forseti Bandaríkjanna hefur stöðugt hamrað á því að við verðum í Írak svo lengi sem okkar er þar þörf, en ekki degi lengur,“ segir Kosnett. Framkvæmd og lyktir kosninganna á fimmtudaginn ráða miklu um hvenær sá dagur rennur upp.



**SADDAM FER MIKINN** Þrátt fyrir uppnámið sem réttarhöldin hafa valdið innanlands og utan telur Kosnett ólíklegt að þau hafi áhrif á kosningarnar á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Fjalakötturinn á aðventunni

Ljúffengur jólamatseðill

*Forréttir*

Kjúklingalifra parfait með fíkjumauki og rauðvíns gljáa og reyktur áll með hrærðum eggjum

*Milliréttur*

Heimalöguð síld með ísköldu ákavíti

*Aðalréttir*

Andabringa og foie gras fyllt ravioli með soðgljáa eða svínalund fyllt með ávöxtum og hnetum með sveppa ragú og portvínssósu

*Desert*

Crêpes Suzette með rum og rúsínu ís

Vín mánaðarins er Stone Cellars Chardonnay eða Merlot

Aðeins 5300,- pr. mann

Borðapantanir í síma 514-6060

Fjalakötturinn - Hótel Reykjavík Centrum
Aðalstræti 16 Reykjavík

# Landsins mesta úrval af náttfötum

OPIÐ til kl. 22
í Skeifu, Smáralind, Kringlu, Spöng og á Akureyri.






**Inniskór**
**í miklu úrvali**
verð frá 799 kr

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



SKÚFFUSKÁLDIÐ } SAMÚEL ÖRN ERLINGSSON

# Fagrar konur eru alltaf örvandi yrkisefni

Mörg skáldin eru til sem yrkja mest fyrir sjálfan sig. Ljóðin enda ekki á síðum á milli laglegra bókakápa, heldur ofan í skúffum, þar sem fáir fá þeirra notið. Fréttablaðið ætlar því næstu vikurnar að fá þessi skúffuskáld til að opna hirslur sínar og leyfa lesendum að njóta kveðskaparins með sér.

Það skúffuskáld sem ætlar að opna skúffur sínar fyrir lesendur Fréttablaðsins er íþróttafréttamaðurinn hagmælti Samúel Örn Erlingsson.

„Ja, skúffuskáld. Reyndar hefur margt af því sem ég hef ort fengið sinn stað í skúffunni,“ segir Samúel Örn. „En það hefur nú oftast verið skrifað í bók, sent eða flutt fyrst. Þannig að ef það ætti að hengja skáldatitil á mig þá væri það helst að kalla mig tækifærisskáld. Ég hreifst snemma af kveðskap og ljóðum. Byrjaði að lemja saman vísur um fermingaraldur og dundaði mér við það í menntaskóla að yrkja dróttkvæði og atómljóð, þó ég væri þá eins og nú hrifnastur af ferskeytlunni.

Það hefur nú gengið í bylgjum í gegnum árin hversu mikið ég hef ort. Oft hef ég hrist eitthvað fram úr stílvopninu undir mikilli pressu af þessu eða hinu tilefninu. Stundum hefur það líka alveg dottið niður þegar vinnan hefur þjarmað að manni. Þá fer þetta eins og Egill Jónasson á Húsavík orti svo skemmtilega:

*Þó ég yrki stöku stöku,*
*stöku sinni,*
*því ég eigi sinni að sinni,*
*sinni bara vinnu minni.“*

Þegar Samúel var sextán ára var meira næði til að sinna andans efnum og þá orti hann þessa ástarvísu:

*Elsku fulla flaskan mín*
*frá þér vil ég taka*
*innihaldið, valið vín,*
*þig vel ég fyrir maka.“*

Hálfum öðrum áratug síðar varð ég eiginlega að leiðrétta þessa hugsun, þó ekki væri nema fyrir konu mína,“ segir Samúel og kveður:

*Stjarna hæst á himni mínum*
*hefur lit af gullnu tári,*
*Ásta ber af bestu vínum*
*og batnar meira á hverju ári.“*

Þó að oft hafi skáldagyðjan þurft að víkja úr lífi Samúels Arnar í önnum vinnunnar hefur það þó líka gerst að hún hafi komið yfir hann einmitt þar. Meira að segja skömmu fyrir fréttir. „Vísurnar um rjúpnaskyttuna sem týndist í Bláfjöllum fyrir um 20 árum er á meðal þess sem hefur flögrað hvað víðast af því sem runnið er undan mínum rifjum. Það var heilmikið grín útaf því að einn kollegi minn gekk frá frétt um að skyttan væri enn ófundin nærri hálftíma fyrir fréttatíma og missti það út úr sér að hann vonaðist til þess að skyttan fyndist ekki fyrir fréttir. Þá varð þessi frétt til sem reyndar var nú aldrei lesin í fréttatíma:

*Ein er á rjátli uppi langt til fjalla*
*ákaflynd rjúpnaskyttan snjalla.*
*Sér á flugi rjúpu rennilega,*
*riffli lyftir, fretar alla vega.*

*Dauður tekur fuglinn strax að falla,*
*frækna skyttu hittir beint á skalla.*
*Í dái liggur djarfa skyttan káta,*
*drífið ykkur Hjálpasveitir skáta.“*

Reyndar spyr skáldagyðjan ekki um stað eða stund og getur komið að mönnum við öll tækifæri. Einu sinni kom hún að Samúeli Erni á sundskýlunni en þá hafði hann líka eitthvað fyrir augum sem blés honum skáldaanda í brjóst. „Já, fagrar konur eru ævinlega örvandi yrkisefni,“ segir skúffuskáldið. „Og þarna sem ég sat í heita pottinum sé ég fagra stúlku koma ískalda upp úr sundlauginni og ofan í heita pottinn. Það var þetta til:

*Hún er pen og hún er prúð,*
*með prinsessulegt litaraft.*
*Girnileg með gæsahúð*
*og gefur manni aukinn kraft.“*

En síðan eru liðin nokkur ár og



nú er það hestamennska og útivera henni tengd sem helst koma stílvopninu af stað. Samúel tekst allur á loft þegar hann rifjar upp útreiðartúr þar sem útsýnið fékk svo á hann að hann gat ekki orða bundist. „Þetta var í dásamlegum útreiðartúr, dýrðarveðri og mögnuðu útsýni í Þórsmörk í lok ágúst og þá varð þessi vísa til:

*Klárinn jökuls klýfur straum,*
*kleifin trauðla sprottin.*
*Magnar veður Merkurdraum,*
*mikið er verk þitt Drottinn!“*

En hverjir höfðu nú mest áhrif á skáldið Samúel Örn? „Hvað tækifærisskáldskapinn áhrærir þá eru mér nú efstir í huga Bólu-Hjálmar og Káinn. Báðir afskaplega hnyttnir og beinskeyttir, Bólu-Hjálmar á sinn beiska hátt en Káinn frekar á broslegan.

Ég fer nú ekkert út í það að telja upp öll þjóðskáldin sem ég hef gaman af því það yrði enginn hægðarleikur að stoppa mig af. En sá kveðskapur sem ég hef einna mesta dálæti á er frá Kristjáni Eldjárn fyrrum forseta. Kvæði hans eru mörg hver hreinasta snilld en kannski mis prenthæf,“ segir Samúel og skellir upp úr en eins og flestir vita gat Kristján verið nokkuð klúrið skáld þegar hann vildi það við hafa. ■







# allt

| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.07 | 13.21 | 15.34 |
| Akureyri | 11.20 | 13.05 | 14.50 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag*

Í dag er laugardagurinn 10. desember 344. dagur ársins 2005.



bílar o.fl. **ÖRYGGI** Ráðandi þáttur við val á bíl BLS. 2

tíska o.fl. **SKART** Gyllt um jólin BLS. 12

ferðir o.fl. **MIÐBÆRINN** Aðventuferð BLS. 14

**JÓLASVEINAR** á leið til byggða BLS. 6




## KRÍLIN






Hólmfríður og sjálfrennireiðin hennar Toyota Corolla af árgerð ‘93. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rauða þruman er barngóður bíll

***Hólmfríður Anna Baldursdóttir er upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi og í rúmt ár hefur hún verið stoltur eigandi Toyota Corolla, af árgerð ´93. Hún hefur eytt síðustu dögum með sjálfum James Bond, en eins og flestum er kunnugt heiðraði sjarmatröllið Roger Moore okkur Íslendinga með nærveru sinni á dögunum í þeim tilgangi að vekja athygli á starfsemi UNICEF.***

Þrátt fyrir að keyra hvorki Jaguar né Aston Martin er Hólmfríður sátt við bílinn sinn. „Ég kalla hana Rauðu þrumuna. Hún er alltaf tilbúin að leggja sitt af mörkum og þá sérstaklega fyrir börnin. Hún er notuð í öll erindi sem við þurfum að sinna hér hjá UNICEF og til að mynda á hún sinn þátt í að skila dúkkunum okkar þangað sem þær eiga að fara,“ segir Hólmfríður. „Fyrir óeigingjarnt starf sitt biður hún ekki um neitt til baka nema kannski vetrardekk. Ég verðlaunaði hana reyndar í sumar og bónaði hana bæði að innan og utan.“

Allir bílar hafa sína sérstöðu og er Toyotan hennar Hólmfríðar engin undantekning. Þrátt fyrir að hann skjóti ekki eldflaugum, sé ekki búinn leysigeisla og geti ekki breyst í kafbát er Rauða þruman einstakur bíll. „Hún er orðin svolítið beygluð og lifuð og því komin með sál. Svo skartar hún handmáluðum maríubjöllusteini frá Höfn í Hornafirði á mælaborðinu sem ég fékk í gjöf frá vinkonu minni. Allir bílar verða nefnilega að hafa einhvers konar verndargrip,“ segir Hólmfríður.

Aðspurð segir hún að flottasti Bond-bíllinn hafi án efa verið Aston Martin DB5 sem Bond, þá leikinn af Sean Connery, notaði til að heilla dömurnar og bjarga heiminum í Goldfinger árið 1964.

tryggvi@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ FERÐIR - BÍLAR - TÍSKA ]**

**Konur** sem þora að vera konur, í stað unglingsstelpna, ættu að kíkja við í nýrri verslun í Notting Hill í næstu Lundúnarferð sinni. Verslunin heitir Que Sera Sera og sérhæfir sig í dekurvörum fyrir alvöru konur, frá Damaris undirfötum yfir í Victoriu Grant hatta og allt þar á milli. Til að tryggja að viðskiptavinir láti það eftir sér að dekra við sjálfa sig eru karlmenn bannaðir í versluninni.



**Aðventuferð** Ferðafélags Íslands um miðbæ Reykjavíkur verður farin á morgun, sunnudag. Ferðin hefst klukkan 17.00 við styttu Jóns Sigurðssonar við Austurvöll. Gengið verður um miðbæinn með leiðsögn og ýmsir þættir úr sögu, byggingarlist og menningu Reykjavíkur dregnir fram í dagsljósið. Fararstjóri í ferðinni er Ólafur Örn Haraldsson forseti Ferðafélagsins. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir.

## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar


SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir





**Rúðuþurrkur** verða lélegar með tímanum. Það verður að skipta reglulega um rúðuþurrkur því það er mikið öryggisatriði að það sjáist almennilega út um gluggana á bílunum.


HELLUR.com
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum
Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta
Súðavogi 6 104 Reykjavík Sími 577 6400

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BÍLSTJÓRAR - HÆTTIÐ AÐ PRÍLA!
RAFSTÝRÐAR YFIRBREIÐSLUR
FYRIR VÖRUBÍLA, VAGNA OG GÁMA
G.T. ÓSKARSSON EHF
VESTURVÖR 23, 200 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6000 • www.islandia.is/scania

SMS
Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta
HONDA þjónusta
NISSAN þjónusta

PRAMAC GROUP
Staflarar
einnig úrval af pallettutjökkum
Sturlaugur Jónsson & Co ehf
• Lágmúli 9 / 108 Reykjavík
• Sími: 533 2845 / GSM: 896 0515
• www.sturlaugur.is

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep
CHRYSLER
DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is




Í könnun sem Euro NCAP gerði á dögunum kemur fram að meginþorri bílakaupenda lítur á öryggi sem ráðandi þátt í vali sínu.

# Öryggi ráðandi þáttur við val á bíl

***Notagildi og verð skipta miklu máli en hljómflutningstæki, útlit og hönnun hafa minni áhrif.***

Samkvæmt niðurstöðum víðtækrar Evrópurannsóknar er öryggi sá þáttur sem ræður mestu við val á nýjum bíl. Rannsóknin var gerð á vegum Euro NCAP með það fyrir augum að kortleggja hvaða þættir væru ráðandi þegar kaupendur gera upp á milli ólíkra bíltegunda. Næst á eftir öryggi kom áreiðanleiki, að Bretum og Þjóðverjum undanskildum sem settu áreiðanleikann á undan örygginu.

Rannsóknin staðfesti jafnframt að bílakaup grundvallast á tveimur ytri þáttum sem eru notagildi og verð. Þessir ytri þættir grófflokka hvaða bílar koma til greina hverju sinni og í hvaða verðflokki. Fjölskyldufólk sigtar þannig út tveggja sæta sportbíla, svo að dæmi sé tekið, ásamt þeim verðflokkum sem falla utan tekjumarkanna. Innri þættir skilja svo á milli þeirra bíla sem koma til greina. Þar vega öryggismálin þyngst, eins og áður segir, og áreiðanleiki næstþyngst.

Næst á eftur öryggi og áreiðanleika voru akstursgeiginleikar og rekstrarkostnaður. Í öllum löndum settu aðspurðir þessa tvo þætti í annaðhvort þriðja eða fjórða sætið. Mun minni áhrif á bílaval höfðu síðan atriði á borð við orðstír/gæði, útlit/hönnun, loftkælingu, hljómflutningstæki og leiðsögukerfi. Í Austur-Evrópulöndunum var reyndar lögð mun meiri áhersla á útlit/hönnun en í öðrum Evrópuríkjum.

47% aðspurðra sögðust leita sér upplýsinga um öryggi og öryggisbúnað bíla. Þeir fróðleiksfúsustu í þessum efnum reyndust vera Þjóðverjar (70%). Næstir voru Tékkar (47%) og þá Bretar og Pólverjar (42%). Af þeim sem keyptu sér bíl sögðust 57% hafa leitað sér upplýsinga um öryggi bílsins áður en hann var keyptur. Þessara upplýsinga er meðal annars aflað í sérhæfðum bílablöðum (20%), hjá vinum og kunningjum (19%) og í öðrum fjölmiðlum en bílablöðum (17%).

Marktækur munur reyndist vera á milli tekjuhópa. Þeir sem tilheyra tekjuhærri hópnum lögðu aðeins meiri áherslu á öryggi (96%) og áreiðanleika (97%) en þeir tekjulægri (89% og 88%). Þá voru kynin ekki heldur alveg samstiga í sinni afstöðu, þar sem karlarnir reyndust hafa ívið meiri áhuga á akstursgeiginleikunum. Jafnframt reyndust karlarnir oftar hafa lokaorðið varðandi val á bíl eða í um 60% tilvila.

Rannsóknin var gerð af MORI (Market & Opnion Research International) og byggir á svörum 1000 einstaklinga frá hverju þátttökulandi. ■


Dekk • Bón og Þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskipti • Rúðuþurrkublöð • Rafgeymar• Sækjum og sendum
Hvað get ég gert fyrir þig?
-20% afsláttur
af heilsárs -og nagladekkjum
Smurþjónusta
Rafgeymar
Sækjum og sendum
Bremsuklossaskipti
Dekkjahótel
Vaxtalausar léttgreiðslur!
BÍLKÓ bilko.is - Betri verð!
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

# Bílskúrssala í Bílabúð Benna

***Bílabúð Benna stendur fyrir bílskúrssölu og útsölu í Bílabúðinni um helgina. Allir eru velkomnir með það sem þeir vilja selja eða skipta.***

Bílskúrssalan er haldin í samvinnu við félaga ýmissa bíla-, jeppa- og mótorhjólaklúbba, auk annarra áhugamanna um vélar og tæki. „Í raun má hver sem er koma með það sem hann vill til að selja og eða skipta," segir Ragnar Stefánsson, verslunarstjóri í Bílabúð Benna. Hver og einn getur sett upp bás á eigin vegum og haft vörur sínar á eigin borðum, vörubrettum eða gólfinu eftir hentugleikum og er öllum velkomið að vera með að kostnaðarlausu. „Þetta er tilvalinn prúttmarkaður fyrir alla sem vilja koma gamla dótinu sínu í verð og eða skipta á öðrum hlutum. Þarna geta menn fundið hlutinn sem hefur vantað í Corvettuna í öll þessi ár, frambrettið á jeppann sem var allt of dýrt í umboðinu eða selt motocross-stígvélin af syninum sem hann er vaxinn upp úr."

Bílskúrssalan verður haldin í húsi Bílabúðar Benna, Tangarhöfða 2 á sama stað og afmælissýning Kvartmíluklúbbsins var haldin í október. Opið verður frá kl. 11 til 17 í dag en 13 til 17 á morgun sunnudag. ■



Nýr Toyota Yaris verður frumsýndur um helgina.

# Nýr Yaris

***Um helgina verður frumsýndur nýr Toyota Yaris hjá umboðinu.***

Nýi Yaris-inn hefur bæði verið lengdur og breikkaður, auk þess sem hjólhafið er meira en á fyrirrennaranum. Þetta þýðir meðal annars allnokkra stækkun á farangursrými.

Mikið verður um dýrðir hjá Toyotaumboðinu á Nýbýlavegi í tengslum við frumsýninguna á Yarisnum. Meðal annars munu gestir eiga þess kost að sjá fyrsta piparkökubílskúrinn sem útbúinn hefur verið af landsliðsbökurum utan um Toyota Yaris.

Opið er í dag frá kl. 12 til 16 og á morgun sunnudag frá kl 13 til 16.

## jólaleikur }



## Jólatónleikar með bensíninu

VINNINGAR Á ÖLLUM SKAFMIÐUM HJÁ SHELL.

Allir sem taka bensín hjá Shell fá skafmiða sem gefur þeim möguleika á að vinna miða á jólatónleika Frostrósa sem haldnir verða í Laugardalshöll 10. desember.
Leikurinn er í samstarfi við stórtónleika Frostrósa og Bylgjuna. Margir skemmtilegir aukavinningar eru í boði en vinningar eru á öllum miðum.

# Ekkert kort og engir seðlar

***Með nýjum dælulykli er hægt að kaupa bensín á öllum stöðvum Atlantsolíu án nokkurrar fyrirhafnar.***

Dælulykillinn er tengdur greiðslukorti og er afar einfaldur í notkun. Lykillinn er borinn að lyklalesara dælunnar sem á skammri stundu gengur úr skugga um að lykill og kort sé í gildi. Þegar búið er að dæla má biðja um kvittun með því að bera dælulykilinn aftur að lesaranum. Kortið er svo skuldfært fyrir þá upphæð sem dælt er á bifreiðina hverju sinni.

„Þetta er ein mesta bylting við eldsneytiskaup síðan greiðslukort voru kynnt fyrir um 15 árum," segir Hugi Hreiðarsson hjá Atlantsolíu. „Við vitum fyrir víst að bíleigendur vilja tvennt, annars vegar eldsneyti á sem bestum kjörum og hitt að það taki sem stystan tíma að nýta sér þjónustuna. Með dælulyklinum er brotið blað í þessum efnum þar sem lykileigandi þarf ekki að stimpla inn PIN-númer, velja úttektarupphæð eða leita að veskinu."

Dælulykillinn er ókeypis og veitir einnar krónu afslátt af hverjum lítra af bensíni sem keyptur er. Lykillinn var kynntur 1. desember og hafa bensínkaupendur sýnt talsverðan áhuga að sögn Huga.

Hægt er að sækja um dælulykil á heimasíðu Atlantsolíu www.atlantsolia.is. ■




Dælulykill Atlantsolíu er einfaldur í notkun, einungis þarf að láta nemann lesa af lyklinum til að hægt sé að dæla bensíni.

SWAPMEET OG ÚTSALA BÍLABÚÐAR BENNA

1000m²

bílskúrs markaður BÍLABÚÐAR BENNA

Bílabúð Benna heldur Bílskúrssölu fyrir alla mótoráhugamenn og útsölu á ýmsum vörum frá Bílabúðinni. Þarna verður frábært tækifæri fyrir alla áhugamenn að koma gömlu græjunum í verð og kannski finna það sem hefur vantað!

**STAÐSETNING:** Hús Bílabúðar Benna, Tangarhöfða 8-12 (á sama stað og afmælissýning Kvartmíluklúbbsins var haldin í).

**HVENÆR:** Laugardaginn 10. og sunnudaginn 11. desember.

**OPNUNARTÍMI:** kl. 11 - 17 laugardag og 13 - 17 sunnudag.

**SELJENDUR:** Menn geta haft vörur sínar á eigin borðum, vörubrettum eða gólfinu eftir hentugleikum. **ÖLLUM ER VELKOMIÐ AÐ VERA MEÐ Á MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR!**

**KOSTAR EKKERT.**
**HVORKI INN NÉ AÐ VERA MEÐ BÁS!**

Þeir sem hafa áhuga á að selja hafi samband við Ragnar Stefánsson ragnar@benni.is eða síma 590 2000.

Brot af útsöluvörum!

50% KICKER

20% Loftbóludekk YOKOHAMA

30% Hjálmar AGV

25% LubeGard smurbætiefni

ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR Dekk & felgur





Bílabúð Benna

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 • www.benni.is

hausverk / SÍA

Bílskúrsmarkaðurinn verður á Tangarhöfða 8 - 12 (gamla ÁG húsið)

# Þorláksmessubílar ekki allir með jólaslaufu

***Desembermánuður er rólegasti mánuður ársins í viðskiptum með nýja fólksbíla. Bílar virðast ekki vera vinsæl jólagjöf þó að þess séu dæmi að bílar séu leystir út 23. desember.***

Samkvæmt Agli Jóhannssyni, framkvæmdastjóra Brimborgar, er uppsveiflan í bílasölu nú í rénun eftir gríðarlegan vöxt. „Desember er alltaf minnsti mánuður ársins,“ segir Egill. „Samkvæmt okkar spám seljast 1.000 bílar nú í desember en það er tíu til tólf prósentum meira en í fyrra. Þetta er minni vöxtur en sá sem við höfum séð yfir árið en hann hefur verið allt að fimmtíu prósent.“

Þrátt fyrir sögusagnir þess efnis að fólk sé duglegt við að gefa sér og öðrum bíl í jólagjöf segir Egill að salan 23. desember sé hlutfallslega sú sama og það sem gerist allan mánuðinn. „Vissulega höfum við verið að setja slaufur á bíla og er fólk þá að koma einhverjum á óvart, en það er ekki meiri sala en aðra daga,“ segir Egill. „Það er mun meira um að fólk komi fyrir áramótin og sé að kaupa bíla fyrir fyrirtæki. Þá kemur ekki í ljós fyrr en rétt fyrir áramót að gróði varð meiri en áætlað var og fólk vill nýta sér það.“ Þarna eru á ferð einstaklingar sem vilja ná afskráningu fyrir áramót og dæmi eru um að menn komi á gamlársdag og þurfi að klára viðskipti fyrir hádegi. „Þetta er bara eins og með verðbréfin í gamla daga,“ segir Egill.

Sævar Bjarnason, yfirmaður einstaklingssviðs Lýsingar, segir að umsóknir um bílalán séu í takt við sölu bílaumboðanna. „Við sjáum enga aukningu í lánaumsóknum síðustu dagana fyrir jól. Það eru aðallega fyrirtæki sem eru að kaupa vaskbíla,“ segir Sævar. Þeir Lýsingarmenn hjálpuðu þó einum herramanni um síðustu jól sem vildi ólmur kaupa sportbíl fyrir spúsu sína í jólagjöf. Lánið varð að vera á hennar nafni en hún mátti ekkert vita. Þetta hafðist undir lokin og vænta má að jólin hafi verið gleðileg hjá hjónakornunum þetta árið. Flökkusagan um fjöldann allan af jólabílum virðist því ekki vera á rökum reist. Þrátt fyrir að einhverjir vel fjáðir einstaklingar hafi gert jólin ógleymanleg fyrir ástvin virðist fólk enn sem komið er halda sig frekar við kerti og spil að gömlum sið.

*tryggvi@frettabladid.is*



Bílasala í desember er að jafnaði minni en aðra mánuði ársins.



# Smart til sölu

***Fyrirtækið framleiðir litla bíla og stórar skuldir.***

Der Spiegel og fleiri þýskir fjölmiðlar hafa greint frá því að dótturfyrirtæki Daimler-Chrysler, Smart, sé til sölu.

Líklegir kaupendur eru ekki tilgreindir í fréttunum en þess getið að tap á þessu ári verði tæpast undir 45 milljörðum íslenskra króna. Taprekstur hefur verið á Smart alla tíð enda þótt eftirspurn eftir tveggja manna borgarbílnum, Smart Fortwo, sem er hin upprunalega gerð Smart, hafi aukist jafnt og þétt.

Í dag framleiðir Smart tvær gerðir; tveggja manna bílinn Fortwo og Forfour sem er fjögurra sæta. Búið er að ákveða að hætta framleiðslu tveggja sæta sportbílsins Smart Roadster og hætt hefur verið við fyrirætlanir um að framleiða lítinn fjórhjóladrifsjeppling sem átti að nefnast Formore.

Saga Smart hófst þegar framleiðandi svissnesku Swatch-armbandsúranna hannaði og byggði lítinn tveggja manna borgarbíl – hinn upprunalega Smart Fortwo. Hann reyndi að selja nokkrum bílaframleiðendum í Evrópu hugmyndina og svo fór að Mercedes Benz keypti hugmyndina.

(Af www.fib.is)

# Bílakaup undirbúin

***Með einföldum rannsóknum á netinu er hægt að komast nær því hvaða bíll er sá eini rétti.***

Margir bílakaupendur eru hikandi við að velja næsta bíl sem prýða á innkeyrsluna. Með tilkomu netsins getur hver sem er lagst í rannsóknir fyrir bílakaup og þannig ákveðið hvaða bíll hæfir viðkomandi.

Meðal vefsíðna sem gott getur verið að kíkja á eru cars.about.com, edmunds.com og cars.com. Á öllum þessum síðum má lesa skoðanir lærðra og leikra á bíltegundum sem þeir hafa prófað. Auk þess má oft finna þar fréttir af bílaiðnaðinum sem gætu haft áhrif á valið.

Vinir og félagar geta líka sagt álit sitt á bílum sem þeir hafa átt og heimasíða framleiðanda gefur upplýsingar um allar tölur, útbúnað, fáanlega liti og þess háttar. Þar er einnig hægt að fá upplýsingar um öryggisbúnað.

Á vefsíðunni euroncap.com er hægt að sjá hvernig bílarnir á óskalistanum koma út úr árekstrarprófunum.

Að lokum er svo gott að fá að reynsluaka þeim bílum sem eru eftir á listanum. Fáðu að prufa hvern bíl tvisvar. Þannig finnur þú hvaða bíll á best við þig og getur borið þá betur saman en með einum reynsluakstri.





Leiðin liggur Í Bílanaust
þar sem hörðu pakkarnir fást


873 Visor CKIT
VISOR handfrjáls búnaður
9.900,-
Bluetooth handfrjáls búnaður


356 7645150510
BLAUPUNKT Essen MP35
14.900,-
Bíltæki með útvarpi og geislaspilara og spilar MP3


889 H02A200
BÍLANAUST verkfærasett
16.880,-
200 stk. 1/4" og 1/2" toppasett + mikið af aukahlutum


097 0K400
ERO öryggisljós
2.990,-
Fjölnota vasaljós með lífhamri og hníf sem sker öryggisbelti.


889 H02S4248C
BÍLANAUST topplyklasett
9.980,-
1/2 og1/4" topplyklasett 48 stk. „spline“ toppar frá 4-32 mm


063 077900273
ROLLUP rafmagnspíanó
5.990,-
Skemmtilegt píanó sem hægt er að rúlla saman


951 DEMON
DEMON kassabíll
6.785,-
Kassabíll fyrir kraftmikla ökumenn


889 H02MT4294
BÍLANAUST rauða taskan
24.900,-
94 stk 1/4" og 1/2" toppasett og verkfæri

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl

Bílanaust
Bíldshöfða 9 • 110 Reykjavík
Sími: 535 9000 • Fax: 535 9090 • www.bilanaust.is



**Jólamatarstell** geta verið mjög falleg og skemmtileg. Börnum finnst sérstaklega gaman að nota matarstell með einhverjum fallegum jólamyndum. Matarstellin þurfa ekki endilega að vera dýr því margar verslanir selja ódýr en smekkleg jólamatarstell.

Ostakörfur ..
.. í öllum stærðum og gerðum fyrir jólin
Opið alla daga til jóla

Osta HÚSIÐ
Strandgötu 75 Hafnarfirði sími 565 3940
www.ostahusid.is



Gömlu jólasveinarnir þóttu heldur ófrýnilegir og voru landanum til mikilla ama.



Jólasveinarnir hafa nú þann sið að gefa börnum gott í skóinn.



Stekkjastaur kemur til byggða annað kvöld og herma fregnir að hann sé þegar lagður af stað.

# Jólasveinarnir undirbúa komu sína til byggða

***Fyrsti jólasveinninn er nú væntanlegur til byggða aðfaranótt mánudags. Börnum til mikillar mildi hafa jólasveinarnir breytt háttalagi sínu frá því í gamla daga.***

Fram á nítjándu öld voru íslensku jólasveinarnir frekar til trafala en gleði. Margir trúðu því að jólasveinarnir væru mannætur og þó svo að jólasveinarnir séu enn hrekkjóttir og uppátækjasamir tóku þeir heldur að mildast eftir miðja 19. öld. Á svipuðum tíma fóru einnig hugmyndir um útlit jólasveinanna að breytast. Þeir hætta að líta út eins og tröllvaxin illmenni og fá fallegan rauðan búning og breitt bros í stíl við rauðar kinnar en þá ímynd má rekja til erlendra jólakarla, bæði danskra og þess jólasveins sem á rætur að rekja til heilags Nikulásar.

Öldum saman voru jólasveinarnir mikil kvöl sveitafólkið. Stekkjastaur réðst á kindurnar á bæjunum, Askasleikir laumaðist undir rúm í baðstofum og át úr öskum, Pottasleikir stundaði svipaða iðju, ekki var talið óhætt að ganga um gilin af ótta við Giljagaur og Hurðaskellir átti það til að vekja heilu sveitarfélögin með látunum í sér, (sem hann gerir nú enn).

En um miðbik 19. aldar má segja að jólasveinarnir hafi verið sendir á hlýðninámskeið, kenndir mannasiðir og manngæska. Nýja ímynd mannanna af jólasveininum með gjafirnar lagðist vel í sveinana og tóku þeir breytingunni fegins hendi. Þó að sé eitthvað eftir af prakkaraeðli jólasveinanna getum við öll verið þakklát fyrir gjafirnar og gleðina sem þeir bera með sér.

Fyrsti jólasveinninn kemur til byggða annað kvöld og heitir hann Stekkjastaur. Því er gott að hafa skó í glugga. ■



Um miðja 19. öld voru jólasveinarnir sendir á námskeið þar sem þeim var kennt að vera vinir barnanna og lærðu nýja starfshætti.

**ÍSLENSKU JÓLASVEINARNIR:**

Stekkjastaur
Giljagaur
Stúfur
Þvörusleikir
Pottasleikir
Askasleikir
Hurðaskellir
Skyrgámur
Bjúgnakrækir
Gluggagægir
Gáttaþefur
Ketkrókur
Kertasníkir


Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur
Tekk - Kirsuberja - Hlynur
Hringið og biðjið um mynda- og verðlista
HEIMILISPRÝÐI
HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400

Náttúrulegar hágæða baðvörur
Upplifðu lúxus spa stemningu í þínu eigin baðherbergi með baðvörum sem Kolbrún grasalæknir hefur skapað fyrir Íslenskar konur.


JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

## jólaspurningin }

### Hver er uppáhalds jólasveinninn þinn?



**Ágúst Gunnarsson:** Stúfur



**Snæfríður Kristjánsdóttir:** Stekkjastaur



**Ágúst Gunnarsson:** Stúfur


# KOLAPORTIÐ

Leikfangabásinn við Kaffi Port auglýsir

## 50% afsláttur af öllum vörum




**Bling Bling**



Spinning hálsmen, úr, sylgjur. 2 PAC. Eminem. G Unit. Superman Shaq. $$$. Yankies. LA. D12. Baby Phat., Playboy, dog tags, fleira og fleira. S: 845-8896

Bás A17

**Jólaball, árshátíð**



Fágætir ekta pelsar, nýir ekta pelsjakkar, gervi pelsar, ballkjólar, merkja kjólar, sjaldgæfir antík kjólar, ekta perlur, armbands úr, antík skartgripir. S: 845-8896

Bás A16

**OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17**



# Áttir þú eftir að panta...

## nýjar gardínur fyrir jól?

Síðasti dagur pantana á framleiðsluvöru til afgreiðslu fyrir jól er 13. desember.







Síðumúla 32 Reykjavík S: 588 5900 / Tjarnargötu 17 Keflavík S: 421 2061 / Glerárgötu 32 Akureyri S: 462 5900

Álnabær

hausverk / SÍA / 6299

# Persónuleg jólakort

með þinni mynd og þinni áletrun
á jólaverði - stuttur afgreiðslutími



Sparið tíma
Sparið peninga
Sparið pennann
og verið persónuleg

Einnig er hægt að setja þína handskrift inn í kortið.
Skoðaðu úrvalið, pantaðu á vefsíðu okkar og málið er leyst.

design
Hlíðasmára 11, Kópavogi, S. 414 8070
www.design.is





Jói Fel

FABRIKAN

Ensk ávaxtakaka
að hætti Jóa Fel

- full af ávöxtum og koníaki

Kleppsvegi 152 Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.


## á jóladöfinni }



## 11. desember

Hátíðamessa í Grafarvogskirkju kl. 11 og jólatónleikar kl. 16. Fram kemur hljómsveit hússins og allir kórar kirkjunnar.

Grýla, Leppalúði og jólakötturinn heimsækja Þjóðminjasafnið kl.14 og syngja með gestum.

Rithöfundar afgreiða í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi milli kl. 14 og17.

Jólaóratoría Bachs verður flutt í Hallgrímskirkju kl. 15 og 18.

Jólastyktartónleikar í Langholtskirkju kl. 16 til styrktar ungum, krabbameinssjúkum manni og fjölskyldu hans. Fram koma Stebbi og Eyfi, Fjórar klassískar, Hjörleifur Valsson fiðluleikari og margir fleiri. Allur aðgangseyrir rennur til jólahalds unga mannsins.

Aðventutónleikar Reykjalundarkórsins verða í Árbæjarkirkju kl.17.

Þrír flyglar, strengjasveit, drengjakór og fleira fallegt á glæsilegum jólatónleikum KaSa-hópsins í Salnum kl. 20.

Söngsveitin Fílharmonía heldur aðventutónleika í Langholtskirkju kl. 20 ásamt kammersveit. Sólrún Bragadóttir syngur einsöng.

Árleg jólasveifla í Bústaðakirkju kl. 20. Kór kirkjunnar kemur fram ásamt Guitar Islancio og Diddú.

Jólakvöldmessa í Laugarneskirkju kl. 20.



Litla lystihúsið er komið í jólaskrúðann.

# Jólajatan komin á sinn stað

***Búið er að skreyta litla lystihúsið í Grasagarðinum í Laugardal og garðskálinn er opinn.***

Grasagarðurinn er kominn í jólabúninginn og leikskólabörnin eru farin að streyma að til að njóta þess sem garðurinn hefur upp á að bjóða á þessum árstíma. Að venju er búið að setja upp jólatré utandyra og börnin ganga kringum það og syngja fullum hálsi svo ómar um dalinn. Lystihúsið er skreytt og jólajatan komin á sinn stað. Garðskálinn er einnig skreyttur og þar er gott að hvíla lúin bein og taka fram nestið. Veitingar eru ekki seldar yfir vetrartímann en skálinn er opinn frá kl. 10-17 alla daga, einnig hátíðisdagana. ■


# Jólaföt

Jólagjafir
Afmælisgjafir
Sængurgjafir



Hettupeysa 2.595,-
Buxur 2.195,-



Skokkur 3.990,-
Bolur 995,-

IANA

Laugaveg 53, s. 552 3737 • Opið til 18 laugard. og sunnud. kl. 13 -18



# 950 kr.

allar tertur
Föstudaga
Laugardaga
og Sunnudaga

Jólasveinarnir koma til okkar á laugardag frá kl. 11-15

Hjallbrekku kl 11
Lækjargötu kl 12
Borgartúni kl 13
Hrísateig kl 14



HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ



Borgartún 29, 105 Rvk. • Hrísateigur 47, 105 Rvk
Hjallabrekka 2 • 200 Kóp. • Lækjargata 4 • 101 Rvk.





Opnum á ný
eftir gagngerar
breytingar

Verið velkomin
í glænýja verslun

LÁRA GULLSMIÐUR

SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

vísir VEF TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!



# GEORGE FOREMAN

HEILSU OG SÆLKERAGRILLIN



Nýtt frá George Foreman!

marco heildverslun
www.marco.is



HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11



# Sígræna jólatréð

— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta

## á jóladöfinni }

### 10. desember



Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir þjóðfræðingur flytur fyrirlestur um jólaköttinn í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands kl. 14.

Rithöfundar afgreiða í bókabúð Máls og menningar Laugavegi milli 14 og 17.



Aðventutónleikar Kvennakórs RVK og Karlakórsins Þrasta í Víðistaðakirkju kl 16.

Jóla- og útgáfutónleikar Vox Academia í Háteigskirkju kl. 17.



Jólaóratoría Bachs verður flutt í Hallgrímskirkju klukkan 17. Flytjendur eru Schola Cantorum, Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir alt, Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Ágúst Ólafsson bassi og alþjóðlega barokksveitin í Den Haag.

Aðventuveisla í Íþróttahöllinni á Akureyri kl. 18 í samstarfi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Knattspyrnudeildar Þórs.

Jólalest Coca-Cola rennir í hlað á Vetrargarði Smáralindar kl.18.

Aðventutónleikar Íslandsdeildar Amnesty International verða haldnir í Neskirkju við Hagatorg og hefjast þeir kl. 20. Á tónleikunum koma fram sellósveit úr Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Ingibjörgu Guðjónsdóttur söngkonu, Tríó Björns Thoroddsen og tónlistarhópurinn Rinascente.

Jólagleði Kramhússins verður haldin í Borgarleikhúsinu kl 20.30. Húsið opnar kl 20.00.


Demantar
Demantaskartgripir
Gull & Silfur
Laugavegi 52 • Reykjavík



WWW.SVAR.IS

Bylting í LCD sjónvörpum
Skarpari mynd en áður hefur sést!



2 ÁRA ÁBYRGÐ

NÝ LCD TÆKNI
1200:1
SKERPA

VIEWPIA 37" LCD

37" LCD skjár
1366x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video, Optical út,
Loftnet, VGA, DVI
2x15W Nicam Stereo hátalarar

Tilboðsverð: ~~219.900,-~~
Verð núna: 199.900,-

• Mynd í mynd
• Mynd við mynd
• Textavarp
• Grafískur tónjafnari
• Virkt sjónarhorn 176°
• 2 ára ábyrgð



2 ÁRA ÁBYRGÐ

VIEWPIA 32" LCD

32" LCD skjár
1366x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video, Optical út,
Loftnet, VGA, DVI, Composite
2x15W Nicam Stereo

Tilboðsverð: ~~149.900,-~~
Verð núna: 139.900,-



2 ÁRA ÁBYRGÐ

VIEWPIA 42" LCD

42" LCD skjár
1366x768 upplausn
16,7 milljón litir
600 cd/m2 birta
1200:1 skerpa
Svar tími 8ms
2x Scart, S-Video,Optical út,
Loftnet, VGA
Nicam Stereo

Tilboðsverð: ~~299.900,-~~
Verð núna: 279.900,-

svar) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS



Allt til austurlenskrar matargerðar og mikið úrval af öðruvísi gjafavöru







Mai Thai
austurlensk mat- og gjafavara
Laugavegi 116 · Sími 581 1440

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
Svalbarðsströnd Akureyri • Sími: 462 4500 • Gsm: 862 4502

Við erum í óða önn að taka niður pantanir í okkar vinsæla Jólahlaðborð verð 4.300-

Gistitilboð
Gisting í eina nótt, Jólahlaðborð & Jóla-morgunverðarhlaðborð.
Aðeins 8.300-



GJAFAKORT
Jólagjöfin í ár fyrir mömmu og pabba, afa og ömmu.
Snyrti-Nudd og Fótaaðgerðarstofan
Eygló
Langholtsveg 17 Sími 553-6191



Ekki bara efni, garn og náttföt........
....líka bækur!
Diza
Ingólfsstræti 6 • www.diza.is
opið 11-18 virka daga • 12-16 laugardaga



AQUIS handklæði
Úr góðu nútímalegu efni
Alltaf mjúk og lipur
Góð fyrir húð og hár
Þurrka vel og þorna fljótt
Fyrirferðalítil,
frábær í ferðalög, íþróttirnar
eða til að njóta heima
Daggir
Strandgötu 25 Akureyri s: 462-6640
www.daggir.is • Sendum hvert á land sem er

HNÍFAPÖR MARGAR GERÐIR
GÓÐ JÓLAGJÖF
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

Heilsuhitapokinn
Ný kynslóð heilsubótar
100% náttúrulegt og virkar vel á bakverki, vöðvabólgu, tíðarverkjum og önnur eymsl.



JÓLAGJÖFIN Í ÁR
**Sölustaðir**: Garðheimar, Heilsudrekinn, Snyrtistofa Rósu, Blóm er list, Hlín blómahús, í húsi blóma, Dekurstofan kringlan, Englakroppar,Runni studio blóm Galleri Húsgögn, Snyrtistofan Helena Fagra, Snyrtistofan Ásýnd, Snyrtistofa Grafarvogs, Snyrtilindin, Eygló snyrtistofa, Heilsutek sunnumörk ,Snyrtistofan Dana Kef, nú einnig á Laugavegi 20.



Vero Moda. 4.990 kr.    Noa Noa. 9.990 kr.    Whistles. 16.990 kr.



Whistles. 14.900 kr.    Sautján. 6.990 kr.    Warehouse. 5.900 kr.

# Svart og gyllt um jólin

***Þessa dagana eru allar verslanir fullar af flottum pilsum fyrir jólin. Pilsin eru margs konar en þó eru svört tjullpils einna mest áberandi.***

Svarti liturinn er ráðandi í ár eins og svo oft áður. Svört tjullpils eru mjög vinsæl hvort sem þau eru stutt eða síð. Þröng pils eru líka að koma sterk inn aftur og fást bæði stutt og millisíð. Gyllt pils eru nokkuð áberandi enda eru þau mjög jólaleg. Fjölbreytnin er samt mjög mikil og pilsin mega vera stutt og síð, þröng og víð og í öllum mögulegum litum.



Warehouse. 5.990 kr.    Noa Noa. 7.190 kr.    Sautján. 5.990 kr.    All Saints. 7.900 kr.    Warehouse. 9.990 kr.




Litli drekinn Kókoshneta byrjar í skóla
Verðlaunahöfundurinn
Ingo Siegner
segir frá Kókoshnetu elddreka og vini hans Óskari rándreka.
Gamansöm saga og skemmtilegar myndir.
Gefin út í fjölda landa.




Einhyrningurinn minn
Undarlegir atburðir
Fjórða bókin í vinsælum flokki
Er draugagangur í kofanum í skóginum? Lára vill komast að því hvað þar er á seyði.
Spennandi saga!

Barnabækur - Penninn 30.11.-6.12.




Kossinn sem hvarf
eftir metsöluhöfundinn David Melling
Yndisleg bók fyrir prinsa og prinsessur!
„Þetta er dásamleg saga. Myndskreytingar Mellings eru eins snjallar og smellnar og texti hans."
The Guardian

ÆSKAN


Sigrún Gunnarsdóttir selur náttúrulegar vörur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Netverslun með náttúrulegar vörur

***Verslunin Börn náttúrunnar verður með basar í Waldorfskólanum Lækjarbotnum í dag og á morgun. Börn náttúrunnar er ný verslun sem selur ýmiskonar náttúrulegar vörur.***

Verslunin Börn náttúrunnar opnar eftir áramót netverslun á heimasíðu sinni. „Netverslunin átti að opna núna í byrjun desember en við urðum að fresta því fram yfir áramót þar sem það var svo mikil eftirspurn eftir vörunum frá okkur að það var allt að verða uppselt,“ segir Sigrún Gunnarsdóttir eigandi Barna náttúrunnar. Sigrún hefur hingað til selt vörurnar heima hjá sér og á heimakynningum sem hún hefur verið með víða. „Fólk getur hringt og fengið mig til þess að koma og vera með kynningu ef það hefur áhuga,“ segir hún.

Börn náttúrunnar bjóða meðal annars upp á fatnað úr náttúrulegum efnum og leikföng sem eiga að örva þroska barna og krefjast ímyndunarafls, einbeitingar og þolinmæði. „Allar vörurnar sem við erum með eru úr náttúrulegum efnum,“ segir Sigrún.

Í dag og á morgun verður sölubasar í Waldorfskólanum Lækjarbotnum við Suðurlandsveg frá klukkan 10.00 til 21.00 þar sem vörur frá Börnum náttúrunnar verða til sölu auk þess sem börnin í skólanum verða með veitingasölu.

Vönduð þjónusta og sælkeramatur

Við bjóðum þig velkominn í hóp okkar góðu viðskiptavina sem hafa komið ár eftir ár til að njóta vandaðrar þjónustu og sælkeramatar
Nýr matseðill, Barnamatseðill, súpu- og salatbar. Hádegisverðartilboð
Heineken
POTTURINN OG PANNAN
Vandaður veitingastaður
Opið 11.30 - 22.00 – Brautarholt 22 – 105 Reykjavík – Sími 551 1690 – www.potturinnogpannan.is

Nýtt og enn betra George Foreman heilsugrill

Frábært verð aðeins kr. 7.990
Kynning í Hagkaup Smáralind laugardag kl. 12-15

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Jói Fel

FABRIKAN
Hnoðuð dökk lagkaka að hætti Jóa Fel
- með ekta smjörkremi
Kleppsvegi 152 Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.
Smáralind Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 -18. Sun. 12 -18.

Nonni GULL
Trúlofunar- og giftingarhringir

20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Slökunarsófar og stólar í miklu úrvali
Vandaður lúxus-hægindasófi með stillanlegu baki og skemli ásamt borði.
Tilboðsverð aðeins kr.
139.000.-

Vandaður og afar þægilegur slökunarstóll með leðri á slitflötum og skemli
Tilboðsverð aðeins kr.
54.000.-

Valhúsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið Laugard 10-18 - Sunnud.13-16



**Flíspeysur** eru alltaf í tísku á Íslandi. Það er ekkert flott við það að vera að drepast úr kulda þegar það er kalt úti. Flíspeysur eru góðar í jólapakkana því allir vilja að þeirra nánustu séu hlýlega klæddir yfir vetrarmánuðina og þeim verði ekki kalt.

Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



Óslípaður demantur
ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036

TÍSKUVERSLUN
www.marialovisa.com



MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6A - SÍMI 562-6999

ROCHET
PARIS
Flott herraskart úr stáli



Birta
Úr og skart
Ný verslun
Laugarvegi 33
S: 544 4990
Kjarna Mosfellsbæ
S: 544 4991
Sjáum um viðgerðir á úrum og skartgripum.



STILL
BOSS
HUGO BOSS
BLACKY DRESS
jean paul
KAPALUA
Laugavegur 58 • 101 Reykjavík • S: 551-4884







# Glóir, skín og glitrar

***Gylltir og silfraðir fylgihlutir eru ómissandi.***

Gylltir og silfraðir litir hafa löngum þótt fallegir enda glittir á þá öllum stundum. Gylltir og silfraðir fylgihlutir blása lífi í útlit okkar og eru ómissandi við öll tækifæri. Gulltöskur, silfurbelti, topp-ar og grófir skartgripir með málmáferð skreyttir steinum og sirkon-steinum eru það sem þarf til að vekja athygli. Verum glæsilegar á komandi aðventu svo á okkur stirnir.

*Vörunar fást í verslununum Rokk&Rósir, Meba/Rhodium og Oasis*



**Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24**
**Virka daga kl. 8–18.**
**Helgar kl. 11–16.**
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.
DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir
Fíton/SÍA FI014416

TEXTÍLGALLERY



SKIPHOLTI 21 (NÓATÚNSMEGIN)
SÍMI 561 0847

Létt 96,7
Jólastöðin þín!

fólk }

## Af nærfötum og nýjum þáttum

FRÆGAR FYRIRSÆTUR HAFA Í ÝMSU AÐ SNÚAST.



Leni, nítján mánaða dóttir þýsku fyrirsætunnar Heidi Klum, hefur nú þegar skoðanir á klæðnaði sínum. „Hún er mjög stelpuleg,“ segir Heidi, sem einnig á þriggja mánaða soninn Henry. „Ég var ekki svo hrifin af þessu bleika þema, en það er í uppáhaldi hjá henni. Hún velur sér sjálf fötin sem hún klæðist.“

Heidi Klum er komin með nýja tegund raunveruleikaþátta. Þar fá tólf fatahönnuðir að spreyta sig en sá sem sigrar hlýtur að launum 100.000 dollara til að hefja framleiðslu á sinni eigin fatalínu og tilsögn frá Banana Republic. Elizabeth Hurley, Jade Jagger, Jemima French og Sadie Frost mættu saman á frumsýningu þáttanna sem verða sýndir á Sky One á næsta ári.



Naomi Campbell leikur aðalhlutverkið í nýrri kvikmynd. Myndin sem kemur í kvikmyndahús seint á næsta ári heitir Karma, Confessions and Holi og er leikstýrð af Manish Gupta.



„Ef ég er í brjóstahaldara sem passar ekki við nærbuxurnar finnst mér eins og ég sé hölt,“ segir ofurfyrirsætan Elle Macpherson, sérfræðingur í undirfötum. „Það er einhvern veginn ekki rétt.“



Karl Lagerfeld kynnti á dögunum nýjustu hönnun Chanel í New York. Fötin voru sýnd á tveimur sýningum, annars vegar fyrir tískufjölmiðla en hins vegar fyrir stjörnur og voru Lindsay Lohan og Claire Danes þar á meðal. „Coco Chanel-hönnunin var einstaklega fáguð og Karl segir að snyrtilegur, glansandi og óaðfinnanlegur klæðnaður sé kominn aftur í tísku,“ sagði blaðamaður Vogue, Andre Leon Talley.






# Hvítir leðurskór fyrir svala karlmenn

***Það eru ekki margir karlmenn sem þora að klæðast hvítum leðurskóm. Þeir finnast þó hér og þar um bæinn og tískuspekúlantar vilja meina að karlmönnum sem klæðist slíkum skóm fari ört fjölgandi.***

„Við fengum sendingu af hvítum leðurskór seinasta sumar. Hvítir skór eru mjög sumarlegir og gætu orðið vinsælli næsta vor. Þeir eru reyndar fyrir vissar týpur og það er ekki rífandi eftirspurn eftir þeim,“ segir Magnús Ketilsson, verslunarstjóri Sautján á Laugavegi.

Hvíta leðurskó handa karlmönnum er ekki að finna í öllum skóbúðum. Gyllti kötturinn fékk þó um daginn gamlan lager sem innihélt meðal annars slíka skó. „Það er einn og einn sem er að fá sér hvíta leðurskó. Strákar eru yfir höfuð að biðja um fleiri liti, eru orðnir þreyttir á þessum týpísku svörtu. Strákar vilja vera meira spes en áður,“ segir Jóna Elísbet Ottesen, starfsmaður Gyllta kattarins.

Í einu versluninni með notaðan fatnað sem selur einungis karlmannsfatnað er nýbúið að selja síðustu tvö pörin af hvítum leðurskóm. „Mér finnst hvítir leðurskór mjög svalir. Þú verður líka að vera svalur persónuleiki til þess að klæðast þeim, það getur ekki hver sem er gert það. Menn verða að passa líka vel upp á fatasamsetninguna. Til dæmis er hægt að vera í flottum svörtum buxum og bleikum bol eða í einhverjum daufum litum, nálægt hvítu. Það er einnig hægt að klæðast einhverju mjög dökku að ofan. Ég held að fólki finnist hvítir leðurskór yfir höfuð ekki hallærislegir. Ég vona samt að allir byrji ekki að klæðast svona leðurskóm, ég fíla meira skemmtilegan neðanjarðarfatnað,“ segir Krummi, söngvari í Mínus, sem nú er verslunarstjóri Elvis á Vatnsstíg.

steinthor@frettabladid.is



Hvítir leðurskór eru mjög svalur skófatnaður.


FAGMENNSKA OG FALLEG HÖNNUN



SKAGEN DENMARK



BRILLIANT

Laugavegi 49 - 551 7742 | Kringlunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is

Desta

**Utanlandsferðir** geta verið skemmtilegar jólagjafir. Fæstir hafa efni á því að gefa margar utanlandsferðir en það er kannski hægt að gefa einhverjum einum sem manni þykir mjög vænt um utanlandsferð í jólagjöf.



# Ísklifur í Noregi

***Úrslitamót heimsmeistarakeppninnar í ísklifri verður haldið í mars næstkomandi.***

Íslenski Alpaklúbburinn vekur athygli á því á heimasíðu sinni að úrslit í heimsmeistaramóti ísklifursmanna fer fram í Hemesdal í Noregi dagana 3. til 5. mars á næsta ári. Hemesdal, sem er á milli Oslóar og Björgvinjar, býður upp á stórkostlegar klifurleiðir með stuttum aðkomum og er svæðið að sögn kunnugra glæsilegasta skíðasvæði Norðmanna. Fyrir þá sem vilja fylgjast með mótinu hafa kost á að fljúga með Flugleiðum til Oslóar. Rútur ganga frá Oslóarflugvelli til Hemelsdal föstudaga og sunnudaga. Hemesdal er einnig mikil útivistarparadís og því ætti sannur áhugamaður um ferskt loft og vetraríþróttir ekki að láta þennan viðburð fram hjá sér fara. Nánari upplýsingar má fá hjá íslenska Alpaklúbbnum eða á www.hemesdal.com.



Heimsmeistaramótið í ísklifri verður haldið í útivistarparadís Norðmanna fyrstu helgina í mars. MYND ÚR SAFNI

## Aðventuferð um miðbæinn

Á MORGUN STENDUR FERÐAFÉLAG ÍSLANDS FYRIR AÐVENTUFERÐ UM MIÐBÆ REYKJAVÍKUR.

Lagt verður af stað klukkan 17 á morgun frá styttu Jóns Sigurðssonar við Austurvöll. Gengið verður um miðbæ Reykjavíkur með leiðsögumanni, Ólafi Erni Haraldssyni forseta Ferðafélagsins, og verða göngumenn fræddir um sögu, byggingar og menningu Reykjavíkur.



Litið verður inn í Alþingishúsið og komið við í þingsalnum, þar sem saga Alþingis Íslendinga og byggingarinnar verður kynnt. Því næst tekur Hjálmar Jónsson Dómkirkjuprestur á móti hópnum í Dómkirkjunni og býður í kynnisferð um kirkjuna. Á kirkjuloftinu verður boðið upp á kaffi og meðlæti. Þátttakan í aðventugöngunni er öllum opin.

# Spennandi áfangastaðir víða um heim á lægra verði

***Ferðaskrifstofan Trans Atlantic hefur verið starfandi í rúmt ár. Ferðaskrifstofan flýgur meðal annars frá Egilsstöðum og Akureyri á áfangastaði víða um heim.***

Ferðaskrifstofan flýgur í samvinnu við erlend flugfélög til dæmis með Estonian Air, Dubrovnik Airline og Air Vilnius. Flestar ferðirnar eru settar upp sem pakkaferðir og sér ferðaskrifstofan fyrir fararstjóra. Pakkaferðirnar eru í ódýrari kantinum miðað við það verð sem ferðalangar þekkja. Margir kjósa að kaupa allan pakkann en einnig er hægt að kaupa eingöngu flugfarið.

Trans Atlantic bjóða um páskana upp á ferðir til Pétursborgar í Rússlandi og til miðaldaborgarinnar Tallinn í Eistlandi. Flogið er bæði frá Keflavík og Akureyri til Tallinn og farið með rútu til Pétursborgar. Þeir sem eru áhugasamir um þessar ferðir ættu samt að hafa hraðar hendur þar sem selst hratt í þessa ferð. Einnig er flogið til Vilníus í Litháen gegnum Kaupmannahöfn. Vilníus hefur yfir sér sjarma sem margir þekkja frá bæði Prag og Tallinn. Flogið er til beggja borga allt árið.

Næsta sumar verður flogið frá Akureyri, Egilsstöðum og Keflavík til Split í Króatíu og gist við Adríahafið. Ferðin stendur yfir í tíu daga. Einnig hefst sala, í enda maí, á tveggja vikna ferðum til Suður-Ameríku, Mexíkó, Belíss og Gvatemala. Gist verður á fjögurra til fimm stjörnu hótelum þar sem allt er innifalið. Gist verður í bænum Playa Del Carmen sem er 60 kílómetra suður af Cancun og í nánda við Gvatemala og Mayarústirnar sem margir kannast við úr Survivor-þáttunum. Margir nýta líka tækifærið og skjótast til Kúbu. Trans Atlantic mun einnig bjóða upp á þriggja landa ævintýraferðir til Mexíkó, Belíss og Guatemala og verður sú fyrsta farin í lok maí.



Trans Atlantic býður upp á þriggja landa ævintýraferðir til Gvatemala, Belíss og Mexíkó í Suður-Ameríku.



Kafað við strendur Mexíkó.



Trans Atlantic flýgur til Kaupmannahafnar og áfram til Vilníus allan ársins hring. Einnig er boðið upp á ferðir til ýmissa borga í Evrópu.



Strendur Belíss í Suður-Ameríku.

HRAÐFLUTNINGAR
KYNNISFERÐIR

Sendu jólapakkana út á land með okkur.
Daglegar ferðir




Verðskrá

Vöruflutningur

| Kg | Flutningsgjald kr. (vsk. innif.) |
|---|---|
| 0 - 3 | 400 |
| 3 - 6 | 675 |
| 6 - 10 | 800 |
| 10 - 15 | 1000 |
| 15 - 20 | 1225 |
| 20 - 30 | 1500 |
| 30 - 40 | 1750 |
| 40 - 50 | 1800 |
| 50 - 60 | 2200 |
| 60 - 70 | 2600 |
| 70 - 80 | 3000 |
| 80 - 90 | 3400 |
| 90 - 100 | 3800 |

Geymsla

| Tími | Hvert stk. |
|---|---|
| 1. dagur | 400 |
| Aukadagur | 200 |

Sérflutningur

| Tegund | Hvert stk. |
|---|---|
| Hjól | 1200 |

(Flutningsgeta takmörkuð)

Vinsamlega athugið!

Tryggið vöruna!

Opið 07:00 - 19:00
alla daga

Umferðarmiðstöðinni | Vatnsmýrarvegi 10 | 101 Reykjavík | s: 580-5457

Toyota avensis nýskr. 06/02. 1800 ljósgrænn, beinskiptur, ekinn 76000. Verð1.290.000. Gott eintak. Sími 8400064.

Dodge Aries '88, ek. 90 þús. Sk '06. Ný vetrar og sumardekk. Bilaðar bremsur. Verð 30 þús. s. 899-0747

Nissan Primera '98, ek. 135 þ. Fæst gegn yfirtöku láns ca 317þ.. Uppl. í s. 691 9374.

Toyota Corolla station, litur vel út, þarfnast smá lagfæringar. árg. '96 ek. 130 þ. Selst á 200 þ. Uppl. í s. 897 6678.

Til sölu Skidoo Scandic 500 8/'02, MMC Galant '93, Honda Accord '91. S. 868 3069.

Galant árg. '89. Sjálssk. ek. 216 þ. Verð 60 þ. Uppl. í s. 587 5695.

Dodge Stratus '97, góður bíll en þarfnast lagfæringar. Verð 170 þús. kr. Uppl. í s. 896 6955.

Til sölu Rauður Daewoo Nubira station árg. '99, ek. 121 þús., fæst ódýrt. S. 564 6816 & 845 6816.

Til sölu Golf '96 árg. Ek. 145 þús. km. Verð 270 þús. eða skipti á ódýrari. Uppl. í s. 868 6367.

## 250-499 þús.


BMW 520 árg. '89, ek. 227 þ. nýupptekinn skipting, smurbók frá upphafi, einstaklega vel með farinn bíll. S. 892 2110.


Til sölu Renault Megane. '98 árg. ssk. ekinn aðeins 49 þ.km. 490 þ.kr. uppl. í s.898-6859


Ford KA árg. '99, ek. 67 þús. km. Vél 1300, álfelgur. Vel útlítandi. Verð 450 þús. Uppl. í s. 821 4143.


Toyota Corolla 1300 Xli árg. 1996, ek. 108 þús. km. Hvítur 5 d., ssk. Nýl. vetrardekk. Verð 380 þús. S. 567 5633 & 848 5633.


Golf 4x4st árg96,e128þ,cd,kúla,góð dekk.v390þ áhv270þ,Góður bíll simi 8256215.


Nissan Almera 11/1999, hvítur, sk. '06, 1400cc, 5 dyra, beinsk. ek. 98 þ. Verð 490 þús. S. 856 6484.


VW Vento '97, 1600cc sjalfskiptur, vetrar og sumard., ekinn 90 þ. skoðaður '06. Í góðu ástandi. Tilboð 390 þ. Uppl. í s. 863 8424.

Til sölu BMW 316 árg. '91, ek. 200 þús. Verð 80 þús. Uppl. í s. 866 8364.

Golf 1600 sjsk. árg. '97, ek. 100 þús. Verð 390 þús. stgr. Uppl. í s. 897 5306.

**Tilvalinn konubíll!**
Volvo 440 '96 GLE ek. 114 þús. 1700cc, 4ra dyra, ssk., framhjóladrif, bein innspýting, CD, leðuráklæði, samlæsingar, kastarar. Verð 450 þús. 50 þús. kr. stgr. afsláttur. Glæsilegur bíll. Jón í s. 552 4526.

## 500-999 þús.


VW Polo árg. 2000 ek. 62 þús. Áhvílandi 390 þ. Afb. 14 þ. Verð 550 þ. Uppl. í s. 868 6069.


Flottur bíll. M. Benz 500SEC '85. Mikið yfirfarinn og flottur bíll. Rafmagn, leður og topplúga og fl. og fl. Verð 590.000. Ath. öll skipti. Uppl. í s. 895 8873.


MMC 3000 GT Twin turbo 1 með öllu, 400 hö. Tilboð óskast, 600 þús. kr. lán getur fylgt. Sími 659 8272.


VW Polo 1400 til sölu. Nýskr. 04/01. Ek. 46 þús. km. Bsk. Sumar- og vetrardekk, cd, fjarstýring. Verð 750 þ. Uppl. í s. 866 7701.


Toyota Corolla '98 ekin 158þ Mikið endurnýaður s.s.tímareim,vatnsdæla og hemlar. fallegur bíll S 8455007


Vel með farinn VW Polo '00, ek. 91 þús. km, 1,4 cc. Toppl, spoiler, filmur, kastarar. Tilb. óskast. S. 698 0553.


Honda Accord '97, ek. 98 þús. sjálfs., 2.0 L, vetrar- og sumard. fylgja. Verð 680 þús. Uppl. í s. 696 1390.


Toyota Yaris Sol '99, ek. 67 þús., 5 dyra, engin skipti. Uppl. í s. 898 4568.


Honda Civic '98 V-tech. Ekinn 102 þús., 5 gíra, CD, heilsársdekk, spoiler, ný yfirfarinn. Ekkert áhvílandi. Ásett verð 500 þús. Góður afsl. gegn stgr. Uppl. í s. 698 4555.


Til sölu Avensis árg. '98, ek. 102 þús., ný tímareim, bremsur nýyfirfarnar, ný vetrardekk, sumardekk. Ásett verð 750 þús. Uppl. í síma 849 6103.


Volvo S 40 árg '99, ek. 93 þ. Svartur vel með farinn. Verð 790 þ. S. 847 3242.


BMW 320d 2002 árg toppbíll í mjög góðu ástandi áhvílandi 1.930 þús, tilboð 500þús út og yfirtaka á láni. Upplýsingar í síma 820 5151

VW Bora 2.0 árg. 2000 svartur, sjálfsk. ek. 85 þús. Verð 850 þús. S. 844 8674.

## 1-2 milljónir


**Tilboð 1.690 þús.**
Vegna flutnings, frábær bíll fyrir veturinn. Subaru Impreza WRX árg. 2001, ek. 84.000 km, 2000cc, 218 hö. AWD. Ný heilsársdekk. Þjófavörn. Góðar græjur. Topp eintak. Mjög vel með farinn. Verð aðeins 1.690 þ. Uppl. í s. 892 0734.


M. Benz 230 E 96 árgerð til sölu ek. 106 þús km. ssk. cd. Topplúga. Verð 1390 þús. Mjög vel með farinn bíll. Uppl. í síma 866 3316.


RAV 4 VVTi árgerð 2001, ekinn 40.000, 2000cc, slagrými verð 1.450 þús. enginn skipti. simi 8697619/8676653


Kr. 1.990 þús. Santafe 4x4, 2003. Grár, spoiler, litað gler o.fl. 56.000 km. Fallegur bíll. Uppl. í s. 866 0530 & 586 1033.


Volvo XC70 Turbo 193ha 4x4, 02/98,ek.77þ,ssk,leður,CD,16,þjón.sk. Brimborg frá upph Verð TILBOÐ Uppl.s.8931231 eða isnes@isnes.is


Volvo XC 4x4 árg. '00. Einn með öllu. Toppviðhald, ek 130 þ. Bein sala 1.990 þús. Sími 898 4433.

## 2 milljónir +


PONTIAC GTO 2004,V8 5,7.Einn með öllu.Ásett verð 4.690 þús, góður afsláttur.Tilboð óskast.Sími:820-8215


Óska eftir nýlegum jeppling í skiptum fyrir húsbíl. Er tilbúinn að borga í kringum 1 millj. á milli, en húsbíllinn er 1,8 millj. virði. S: 663 2969


Hyundai Santa Fe V6 2,7 skrd. 11.'04 ek. 17 þús. Sjálfskiptur, dráttarkr., sumar og vetrardekk. Verð 2.390 þús. S. 895 1009.


Chevrolet Tahoe Z-71. Árg. '02. 8 cyl, 5,3 L vél, leður, rafmagn í sætum, rúðum og fl. nagla og sumard. á felgum. Verð 3.990.000. Ath skipti á ódýrari. Uppl. í s. 895 5577.


Audi Quattro Turbo ek. 18 þús. km. árg. '02. Einn með öllu. Staðgr. verð 2.650 þús. Engin skipti. Uppl. í s. 899 2857.


**HHR/Hotroad 2006**
Til sölu Chevrolet HHR/ hotroad árg. 2006. Nýr bíll, sjálfskiptur. Sá eini á landinu! Uppl. í s. 896 0015. Til sýnis á bílasölu Íslands.


Til sölu Nissan Murano árg. 2003. Engin skipti. Upplýsingar í s. 861 4377.


Accord executive '04, ek. 84 þús., einn með öllu, ath sk. á ód. Verð 2,5 m. Áhv. lán 2 m. Uppl. í s. 663 5237.


Toyota Avensis 2005, 3ja mán. gamall. ek. 3000. Áhv. 1,7 m. Ásett verð 2,2 m. Skúli steinn s. 868 3269.


Chrysler Town and Country Limited '01. Ekinn 101 þús. Sk. '06. Einn með öllu. Skipti á ódýrari. Upplýsingar í síma 897 5650.

## BÍLAR TIL SÖLU


**Bílabankinn**
Sími 588 0700 • www.bilabankinn.is

VW Golf Comfortline 6/2004, ek. 62 þús., km. 5 gíra. Ásett verð 1790 þús, b.lán 1420 þús.

VW Golf Comfortline 2000 ek. 110 þús, km. 5 gíra, 17" álfelgur, CD. Ásett verð 790 þús.

Toyota Landcrusier 90 VX 1998, ek. 128 þús., km, 7 manna, ssk, 33" breyttur. Litur vel út. Ásett verð 1990 þús.

Galloper TDi 2000 ek. 116 þús., km. 5 gíra. Litur vel út. Ásett verð 1150 þús. Tilboð 890 þús, b.lán 700 þús.

Honda Civic 1600 VTI 4/1997, ek. 171 þús., km. 2Xspoiler. Spoiler kitt. Topplúga. CD. Ný skoðaður '06. Ásett verð 750 þús. Tilboð 450 þús !!!!

Opel Vectra 1600, 1998, ek. 112 þús., km. CD, Spoiler, álfelgur, ný skoðaður '06. Litur vel út. Ásett verð 690 þús. Tilboð 490 þús 100% lán. Fyrsta afborgun Feb '06.

Honda Civic 1989 Sjálfskiptur ek. 158 þús., km, 3 dyra, sk. '06. Tilboðs verð 99 þús stgr .

Subaru Legasy 2.5 GX Sedan 4/2003, ek. 52 þús., km, ssk. Leður. Topplúga. Fallegur bíll. Ásett verð 1990 þús, b.lán 1707 þús.

VW Passat Basicline STW 4/1998, ek. 87 þús., km. Einn eigandi. 5 Gíra. Verð 790 þús. B.lán 600 þús, 11 þús á mán.

Opel Vectra STW ssk, ek. 95 þús 4/1999. dráttarkúla CD. Verð 690 þús b.lán 460 þús.

**Erum með úrval af ársgömlum bílaleigubílum á dúndurtilboði**

**Opnunartími:**
mán - fös kl 10-18 • lau kl 12-16 • Sími 588 0700 • www.bilabankinn.is

**Bílakjarninn • Breiðhöfða**



HEKLA **VÉLASVIÐ**

**M. BENZ. ACTROS 41.40**
Árgerð 1998.
ekinn 340.000 km.
4. öxlabíll með palli.
VERÐ 4.7 millj.

**SCANIA 164 580**
Árgerð 2002,
ekinn 430.000 km.
Bíll með kassa og kælivél.
Bíll í toppstandi.
VERÐ 7.5 millj.

**M. BENZ. 18.34**
Árgerð 1994,
ekinn 297.000 km.
6 hjóla bíll með kassa,
lyftu og loftfjöðrun
að aftan.
VERÐ 1.450.000.-

**CATERPILLAR 442 D**
Árgerð 2003,
ekinn 2600 tíma.
Hraðtengi, gaflar
og 3 skóflur.
VERÐ 5.4 millj.

**OK MH PLUS**
Árgerð 1999,
ekinn 5000 tíma.
Hraðtengi tvær skóflur.
VERÐ 4.3 millj.

**CATERPILLAR 305 CR**
Árgerð 2005.
5.3 tonna smágrafa með
3 skóflum og hraðtengi.
Ný vél.

**CATERPILLAR M 315.**
Árgerð 2001
ekinn 6200 tíma.
Hraðtengi og tiltskófla.
VERÐ 6.2 millj.

**HEKLA VÉLASVIÐ**

**Klettagörðum 8-10**
**www.hekla.is/velasvid**
**Sölumaður 825-5736**

## Bílar óskast

LEXUS '00-'02.BMW & Benz koma einnig til greina. Stgr. frá 1,5-2m.kr. S.849 8373.

Óska eftir bíl á 30-60 þús. Ekki eldri en '94, má þarfnast viðgerðar. Uppl. í s. 690 0598.

Óska eftir bíl, sjálfskiptum, dísel '93-'95 í skiptum fyrir frímerkjasafn að verðmæti 400 þús. Uppl. í s. 695 8145.

## Jeppar




Nýja eða nýlega jeppa færðu ódýrara hjá Islandus.com. Útvegum frá öllum helstu framleiðendum langt undir markaðsverði. Öflug þjónusta, allt að 5 ára ábyrgð og bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á BílaUppboði Islandus.com. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com




Jeep Grand Cherokee 2005 með nýja laginu frá kr. 2.650.000! Valinn Jeppi ársins 2005 af bílablöðum í USA. Splúnkunýjir eða næstum nýjir lítið eknir Jeep bílar langt undir markaðsverði. Útvegum einnig frá öðrum framleiðendum, t.d. Ford og Hummer. Allt að 5 ára ábyrgð og bílalán fæst á alla bíla frá Islandus.com. Nýjir og nýlegir bílar langt undir markaðsverði. Sími 552 2000 www.islandus.com



Til sölu Nissan Patrol Elegance 4/2003, ek. 74 þús. 33", ssk., vel búinn bíll. Uppl. í s. 898 2720.






Isuzu Trooper 3.0 nýskr. 09/00 EK. 105 þús Verð kr. 1.850.000. uppítaka mögu-leg. upphækkaður, góð nagladekk, og nýleg aukadekk á álfelgum Jeppi í góðu standi. S. 8976770.



Toyota landc vx100 árg 2001 ek 85 þ.7manna leður tems fjarstart uppl s 8627902



Land Cruiser '94, 242 þús. km, sprautaður 2005, ný 35" nagldekk, 2.390 þús. S. 691 1849.



Navigator '01. Alvöru lúxus jeppi, ekinn 65 þ. hlaðinn gæðum og aukabúnaði. Leður, loftpúðafjöðrun, hiti og kæling í sætum. O.fl. o.fl. Ný 33" negld vetrardekk á 16" álfelgum og sumardekk á 17" álfelgum. Verð 3.200 þ. Áhv. 2.350 þ. Uppl. í s. 899 0410.



Gullfalegur Escape ek. 20 þ.km. V6, ssk., hraðastillir o.m.fl. Bíllinn er í óaðfinnanlegu ástandi. Verð aðeins 2,6m., stgr. Stendur hjá bill.is s. 577 3777.



Til sölu Toyota Land Cruiser árg. '85. Verð 250.000 kr. Uppl. í s. 617 1359.



Til sölu vel með farinn Terrano Luxury skr. jan. '02, diesel, ek. 80 þús. km. Krómgrind, dr. kúla, sóllúga, spoiler. Verð 2,2 m. Áhv. 950 þús. Uppl. í s. 898 8116 & 565 8586.



Nissan Terrano Luxury, disel 04/2002, ekinn 64 þ. Sjálfsk., 7 manna, topplúga, fallegt eintak. Verð 2.300 þús. Bein sala. Uppl. í síma 552 4414 & 844 4765.




Glæsilegur G Cherokee LTD. árg. 2000 ek. 75 þ., aðeins 2.1 m. ákv. 840 þ. Uppl. í s. 899 9046.



Ford Escape XLS 4x4 árg. 11/'04, ek. 13 þ. Umboðsb. Listav 2.480 þ. Stgr. 2.190 þús. s/v dekk. S. 861 6035.

Til sölu Toyota Hi-lux árg. '90, ek. 280 þús., ca 150 þús. á vél., nýtekinn í gegn, góð dekk. Verð ca 300 þús. Uppl. í s. 869 9140.



**Ekinn aðeins 7 þús. km**

Til sölu Ford Excursion Limited árg. 2003, 6 l. túrbó dísel, ekinn aðeins 7 þús. km, 35" breyting, grind að framan, dráttarkrókur, leðurinnrétting, 4 Captain stólar, 7 manna. Einn með öllu. Gott bílalán getur fylgt. Uppl. í s. 896 0015. Til sýnis á Bílasölu Íslands s. 510 4900.

Hilux D/C árg. '96, ek. 104 þús. 31" dekk, plasthús. Verð 790 þús. Uppl. í s. 869 7565.



Nissan Terrano 2003, ek. 49 þús. km. dísel, bsk., 3,0L. Ásett verð 2.640 þús. Áhv. 2.050 þús. Ath. skipti á 600 þús. kr. bíl. S. 891 9365.



Ford 250 1999 7,3 dísel. Bíllinn er í toppviðhaldi. Verð 1.990 þús.áhv. 1.600 þús. Uppl. í s. 891 9365.

Nissan Patrol með reynslu, mikið breyttur. Árg. '86. Uppl. í s. 660 2349.

Terrano 2,4 SE árg. 11/"98, ek. 115 þ. Grænn/silfur. Vel með farinn-smurbók. V. 1.150 þ. S. 897 9131.

4 herb. íbúð óskast í jan '05. Reyklaus, reglusöm, góð meðmæli. Til greina kemur heimilishjálp sem hluti af leigu. S: 8937035/8680550

## Pallbílar



GMC Sierra 2500 Duramax TD árg. '02, ek. 64 þús. km, ABS hemlar, armpúði, auka tankur, brettakantar, dráttarkúla, driflæsingar, fjarstýrðar samlæsingar, geislaspilari, GPS staðsetningartæki, handfrjáls búnaður, hiti í sætum, hraðastillir, höfuðpúðar aftan, Intercooler, kastaragrind, kastarar, leðuráklæði, litað gler, líknarbelgir, loftdæla, loftkæling, plasthús, rafdrifin sæti, rafdrifnar rúður, rafdrifnir speglar, reyklaust ökutæki, samlæsingar, segulband, símalögn, stigbretti, talstöð, upphækkaður, útvarp, veltistýri, vökvastýri, þakbogar, breyttur fyrir "44, 2x loftdælur, loftlæstur framan og aftan, fjarstýrður kastari, spilbiti framan aftan og framan með rafmagnstengjum, loft úrtak framan og aftan, mótorhitari, aukatankur. Uppl. í s. 896 0015.

## Sendibílar



Benz Sprinter Maxi 2002 árg. Keyrður 120.000 km. Verð 1.900.000 kr án VSK Uppl. í síma 893 5699 & 861 6099.

Óska eftir sendibíl gömlum, ódýrum en gangfærum, ekki dýrari en 30 þús. S. 869 9766.

Til sölu Man 8.153L árg '96. Bíllinn er með 5. metra kassa og 1500 kg lyftu. Þarfnast smá lagfæringar. uppl. s-892-5201

## Húsbílar



Til sölu Ford Econoline 6.9 D árg. '88 35" dekk, loftpúðar að framan, innréttaður sem húsbíll, gas og vaskur, upphækkaður toppur með skápum og gólf með heilsoðnum dúk. Skipti möguleg. Uppl. s. 861 4737.



Econoline 350 '99, 15 manna. Hópleyfisskoðaður '06. Krókur. Ekinn 60.000 km. 5,4 bensín, Áhv. um 1.350 þ. Afb. 31.000.- Yfirtaka láns + 50.000. Uppl. 899 0410.



**BLUCAMP árg. 2006.**

Sky 400 Ford 137 hestafla, commandrail diesel, 6 gíra, afturdrif og tvöföld dekk lengd 7,13 svefnpláss fyrir 7 manns loftkæling (aircondision) stór ísskápur, eldavél og ofn, góður fyrir stærri fjölskyldur. Samlæsingar og rafdrifnar rúður, rafdrifnaspegla með hita geislaspilari og útvarp með fjarstýringu hæðastillanlegt bílstjórasæti verð: 5,3 skráður og skoðaður. Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 0045-40110007 eða 0045-74608877 www.bílexport.dk

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 98,9 Bylgjan FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Göngustafir í jólapakkann.
**Útilíf.**

Fékkst þú Fréttablaðið heim í morgun?
Ef ekki, láttu okkur vita í síma 550-5000.
**Fréttablaðið.**

Inniskór í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Vertu með í milljónapotti.
**Lottó.is**

Gjafavörur.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Ránið eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur
**Útgefandi.**

Leðurjakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Stígvél í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Lene-Bjerre auglýsir!
20% afsláttur af jóladúkum og jólaskrauti.
**Lene-Bjerre, Bæjarlind 6.**

Auðvitað vilja börn bækur.
**Bókabúð Máls_og_Menningar..**

Nýjasti diskur Bergsveins á 1699.
**Hagkaup.**

Öðruvísi blómaskreytingar.
**Blómaversktæði-Binna**

Fjöldi nýrra geisladiska á 1699.
**Hagkaup.**

Mundu eftir milljónunum.
**Lottó.**

Nú er rétti tíminn til að klára jólakortin til vina og vandamanna.
30 prósent afsláttur af öllum jólakortum.
**Blómaval.**

Opið til 22 öll kvöld til jóla í Smáralind, Skeifu og Kringlu.

Jólin eru komin í frönsku búðinni. Opið frá kl. 10-22 í Kringlunni.
**Franska búðin du pareil au meme, Laugavegi og Kringlunni.**

Kjúklingapíta.
**Pítan Skipholti.**

40% afsláttur af öllu jólaskrauti.
**Hagkaup.**

Nýjasti diskur Ragnheiðar Gröndal á 1699.
**Hagkaup.**

Nýjasti diskur Óskars Péturssonar á 1699.
**Hagkaup.**

Max-Mara. Svartir sportmax kjólar.
**Max-Mara, Hverfisgötu 6**

Öll verk á netinu.
Galleri Lind, Bæjarlind.
**Galleri-Lind.is**

Opið laugardag
**Herrafataverslun Birgis.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Frábær þjónusta á skíðasvæðinu í Tindastól.
**Sauðárkróksbakarí, skagafjordur.is**

Jólaskreytingar.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Opið til 22 til jóla.
**IKEA.**

Björn Thoroddsen, Sellóhópurinn og Nina Cente á aðventutónleikum í Neskirkju í kvöld kl. 20. Miðasala við innganginn.
**Íslandsdeild Amnesty international.**

Góðar gjafir þurfa ekki að kosta mikið.
**IKEA.**

Gönguskór í jólapakkann.
**Útilíf.**

Nýjasti diskur Ellenar og KK á 1699.
**Hagkaup.**

Glæsileg undirföt fyrir jólin frá Vanity-Fair. Persónuleg þjónusta.
**Ynja, Hamraborg.**

Machintosh og jólatrésdúkur fylgir öllum jólatrjám um helgina.
**Blómaval.**

Jólavörur
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Opið í Elko til kl. 22 alla daga til jóla.
**Elko Smáratorgi og Skeifunni 7.**

Öll jólakort með 30 prósent afslætti.
**Blómaval.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

Leikur lánið við þig fyrir jól?
Prófaðu jólahappaþrennuna á næsta sölustað.

Veldu góða skó.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Full búð af nýjum vörum.
Opið frá kl. 10-22 í Kringlunni.
**Franska búðin du pareil au meme, Laugavegi og Kringlunni.**

Jólin þín byrja í IKEA.

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Auðvitað vilja börn bækur.
**Penninn-Eymundsson.**

Nýjasti diskur Matta á 1699.
**Hagkaup.**

Bach, Distler, Snorri Sigfús Birgisson, Leonard Berstein, VIlla Lobos og fleiri í Neskirkju í kvöld kl. 20. Miðasala við innganginn.
**Íslandsdeild Amnesty international.**

Jólatré og kaupauki um helgina.
**Blómaval.**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

Vegas, skemmtilegur staður.
**Vegas.**

Vegas, opið öll kvöld.
**Vegas.**

**KONUR HLUSTA**

**83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.**

**Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

### Vantar þig góða vinnu eftir áramót?

Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. **Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048.**

### Leikskólinn Laufásborg, Laufásvegi 53-55.

Óskar eftir að ráða aðstoðarmanneskju í eldhús í framtíðarstarf. Vinnutími frá kl. 8-14. **Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 551 7219.**

### Leikskólinn Jöklaborg

Leikskólakennari/leiðbeinandi óskast til starfa á leikskólann Jöklaborg. Jöklaseli 4. Rvk. **Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 557 1099.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Þarf ekki að huga því í tíma hvernig á að borga jólavísareikninginn. Ef þú hefur áhuga og 2 klukkutíma, hringdu þá í 699-1114

Óska eftir undirverktaka eða mannskrafti við uppsteypu á fjölbíli og geta byrjað STRAX, vinsamlega hafið samband í síma 8961074

### Hrói Höttur

Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki í allar stöður. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Aldur 18 skilyrði. Fólk eldri en 30 ára sérstaklega velkomið. Uppl. í s. 849 4756 og umsóknareyðublöð á staðnum.

Starfsmenn vantar á bónstöð í hlutastarf í Desember. Góð laun fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 899 4443.

### Komdu að vinna hjá okkur

Óskum eftir vönum beitingamönnum sem allra, allra fyrst! Uppl. í síma 899 1667.

Húsameistarinn ehf. óskar eftir verkamönnum vönum byggingavinnu. Uppl. í s. 865 2954.

Óskum eftir að ráða fólk til starfa við hreingerningar og ræstingar á flestum tímum sólarhringsins. Nánari upplýsingar á www.bgthjonustan.is eða hjá Sherry í s: 533 5000

Ræstingar. Óskum eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar, vinnutími frá 08-17. Upplýsingar í síma 699 8403 Bónbræður ehf.

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur duglega smiði og verkamenn í hópinn. Mikil vinna framundan. Uppl. á skrifstofu s. 511 7050 eða thorsafl@thorsafl.is

### Rútubílstjóri

Vantar rútubílstjóra til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 566 7420 & 892 3102.

### Vantar þig vinnu með skóla?

Okkur vantar fólk í afgreiðslu í verslun okkar Green apple á laugaveginum. Snyrtimennska og lífsgleði ásskilin. Uppl. í s. 693 3780.

Sól Gallerí Grænatúni 1 200 Kóp. óskar eftir starfsfólki í fastar kvöld og helgarvaktir. Uppl. á staðnum.

## Atvinna óskast

Útvega pólskt starfsfólk. Erum ekki starfsmannaleiga. S. 894 7799 og adam1@visir.is

Get bætt við mig verkefnum í allri almennri trésmíði. Uppl. í s. 869 9633.

Húsasmíðmeistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 897 5347.

Maður vanur pípulögnum óskar eftir vinnu. Uppl. í s. 690 5308.

### Tímasetningar

... mig rámar í varðeld, ljósker, vini og fjendur, annan líkama en minn eigin, fyrsta kossinn, lakkrísbragð - og ákafar hendur
**Margrét Lóa Jónsdóttir Bókaútgáfan Salka**

### Viltu kynnast fólki?

Fólk með sömu þarfir og þú er akkúrat núna að að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynnast góðu fólki. Einkamal.is

Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi ! www.makalaus.is Partý og matarklúbur á síðunni.

### Símadömur óskast!

Vegna mikillar aukningar leitar Rauða Togið samastarfs við “spennandi” símadömur. Frekari uppl. á vef, www.raudatorgid.is (Atvinna í boði > Símadömur) og í s. 552-3349.

# FASTEIGNIR

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Netfang: fastmark@fastmark.is - http://www.fastmark.is




**Tjaldhólar nr. 26, 30 og 32, Selfossi.**

## Ný raðhús á einni hæð
## Sölusýning í dag frá kl. 14-16

Þrjú ný 4ra herb. raðhús á einni hæð við Tjaldhóla á Selfossi. Um er að ræða 162 fm endahús og 156,0 miðjuhús með innbyggðum flísalögðum bílskúr og skiptast í forstofu, hol/stofu, opið eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi og þvottaherbergi. Geymsla innaf bílskúr. Húsin eru timburhús, klædd að utan og afhendast fullbúin með vönduðum innréttingum. Baðherbergi afhendist flísalagt. Eikarparket og flísar á gólfum. Eikarhurðir. Gólfhiti og halogenlýsing í loftum.

**Húsin eru til afhendingar við kaupsamning.**
**Verð: Endahús 25,9 millj., miðjuhús 24,9 millj.**

HÚSIN VERÐA TIL SÝNIS Í DAG, LAUGARDAG, FRÁ KL. 14-16



## TILKYNNINGAR

## Einkamál




## Tilkynningar

### Hið árlega jólaball Sniglanna

verður haldið í sal lögreglufélagsins Brautarholti 30 í kvöld 10. des. Fjörið hefst kl. 20.00. Miðaverð 1500 kr. Allur ágóði rennur til styrktar góðu málefni.
**Sjá nánar á sniglar.is**

## Ýmislegt

### Tímasetningar

... auðvitað getur guð skilið mennina, mennina sem drepa börnin hans - guð skilur allt
**Margrét Lóa Jónsdóttir Bókaútgáfan Salka**

**RE/MAX STJARNAN**















## Selvogsgata 12
## 220 Hafnarfjörður

Opið hús **sunnudag 11. des.** kl. 16:00 – 17:00

**Verð: TILBOÐ**
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1946
Brunabótamat: 7,1 millj.

Staðsetning og ástand:
Íbúðin er á besta stað í Hafnarfirði rétt við miðbæinn og Flensborg. Húsið er í toppstandi. Íbúðin hefur öll verið endurnýjuð þ.e. nýtt baðherbergi, nýtt eldhús, nýtt parket og hiti í gólfum. Allt nýtt nema útveggir.
Nánari lýsing:
Forstofa með flísum, baðherbergi m/ tengi f/ þvottavél, sturtu og flísum á gólfi. Eldhús með fallegri eikar innréttingu, góð stofa / borðstofa, eikar parket á gólfum, halogen lýsing, innihurðar úr plexigleri. Sérinngangur, sér bílastæði, góður garður.
Risloft yfir allri íbúðinni sem gerir möguleika á stækkun, hægt að gera útgengi úr íbúð út í garð.
Íbúð með stórkostlega möguleika.
*Áhvílandi er 10.700.000,- með 4,15% vöxtum sem hægt er að taka yfir, afb.per.mán. 47.000,-*
*** Íbúðin er laus ***

**RE/MAX STJARNAN**
517 3629



Rúnar S. Gíslason hdl.
lögg.fasteignasali



Lóa
Sölufulltrúi
698 8733
loa@remax.is










# paradís á jörð

**Í dag, laugardaginn 10. desember,** verður **Fasteignastofan í Hafnarfirði** með opið hús og kynningu á eignum við Miðjarðarhafsströnd Tyrklands á skrifstofu sinni **að Reykjavíkurvegi 60.**

**Húsið verður opið frá kl. 13 til 16.**
**Boðið verður upp á léttar og hollar veitingar.**

**Í stuttu máli:**
Glæsilegar fullbúnar íbúðir
Tyrkneska rívíeran
330 sólardagar á ári
Stutt á strönd
Stutt á glæsilegt golfsvæði
Stutt á skíðasvæði á veturna

***Frábært tækifæri fyrir einstaklinga og fjárfesta.***
***Mikið úrval eigna. Hagstætt verð.***

**Vertu velkominn, við tökum sérstaklega vel á móti þér að Reykjavíkurvegi 60, í dag á milli kl. 13 og 16.**

HOLIDAY·INVEST
FASTEIGNASJÓNVARPIÐ
FASTEIGNASTOFAN

www.godverk.is

## SJÓNARHORN



Caroline Rós og Liselotte Emelie á Þingeyri með dúkkurnar sínar í sleðaferð.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SKEMMTILEGAST/LEIÐINLEGAST

## *Taka FIFA einum of alvarlega*

**Skemmtilegast?**
Það er afskaplega margt sem mér finnst skemmtilegt að gera svo sem að hanga með fjölskyldu og vinum, borða góðan mat og þess háttar. En talandi um vini, þá finnst okkur félögunum stundum gaman að lúðast svolítið þegar við hittumst nokkrir og keppum hver við annan í FIFA-fótboltaleikjunum. Það er óneitanlega skemmtileg upplifun þegar nokkrir tapsárir einstaklingar koma saman og spila íþróttatölvuleiki og stundum taka menn þessu óþarflega alvarlega en það er bara hluti af góðri kvöldskemmtun.

**Leiðinlegast?**
Ég er smá áhugamaður um golf (mellufær) og finnst ótrúlega gaman að slá til dæmis með pabba eða vinum. Eins og mér finnst þetta nú skemmtileg íþrótt þá fer það alveg svakalega í skapið á mér þegar veðrið er leiðinlegt. Ef það er rigning og vindur eða eitthvað verra þá læt ég það fara óþarflega mikið í skapið á mér og hitti svona einn bolta af tólf (ekkert grín). Ég enda oftast þá í neðsta sæti af þeim sem ég spila með. Ekki gaman!




Heiðar Austmann útvarpsmaður með meiru.

## VISSIR ÞÚ...

...að Kristófer Kólumbus fann Ameríku 1492?

...að hann þurfti að bíða í 4 vikur á Kanaríeyjum vegna logns.

...að Bahamas var fyrsti partur Ameríku sem Kólumubs sá?

...að þegar leiðangur Kólumbusar sigldi norður fyrir Kúbu strauk Martín Alonso Pinzón, skipstjóri Pinta, með skipið í leit að gulleyju?

...að flaggskip Kólumbusar, Santa Maria, strandaði á kóralrifi á aðfangadag 1492?

...að Santa Maria sökk svo næsta dag, jóladag?

...að Kólumbus notaði brak úr skipinu til að byggja virki við ströndina?

...að virkið kallaði hann La Navidad?

...að La Navidad þýðir jól?

...að án flaggskips síns gat Kólumbus ekki tekið alla menn sína heim með sér?

...að 40 skipverjar neyddust til að gera La Navidad að heimili sínu?

...að Kólumbus hitti Pinzón á Pinta á leiðinni heim í janúar? Skipin tvö skildust að í miklum stormi.

...að Kólumbus kom heim 15. mars 1493, nokkrum dögum á undan Pinzón?

...að Pinzón hélt að honum yrði tekið sem hetju en sá heiður hafði þegar fallið Kólumbusi í skaut?

...að Pinzón lést nokkrum dögum síðar?

...að Kólumbus hélt aftur til Ameríku 1493 en í þetta skiptið með 17 skip og yfir 1000 menn?

...að þetta var í fyrsta sinn sem evrópsk húsdýr (hestar, kýr og kindur) komu til Ameríku?

...áður en yfir lauk fór Kólumbus í tvær aðrar ferðir til Ameríku?

...að Kólumbus lést 5. maí 1506 í Valladolid á Spáni?

Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn



VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Jól í heiðni og kristni

**HVERNIG FÓRU HEIÐIN JÓL FRAM?**

Engar samtímaheimildir eru til um heiðið jólahald. Elstu lýsingar eru skráðar af kristnum höfundum tveim öldum eftir að heiðinn siður var afnuminn. Ekki er þorandi að treysta á að þær lýsingar séu með öllu óhlutdrægar. Norræn jól voru í öndverðu skammdegishátíð, en þær hafa þekkst um víða veröld og gegna andlegri þörf fyrir mannfagnað í vetrarmyrkrinu.



Í HEIÐNUM SIÐ VORU JÓLIN TÍMI VEISLUHALDA.

**Veisluhöld og ástarleikir**

Elsta vísbending um jólahald er í kvæði um Harald hárfagra sem talið er frá 9. öld. Þar er hann sagður vilja ‚drekka jól úti‘ og ‚heyja Freys leik‘. Þetta virðist annars vegar merkja veislu og hins vegar einhvers konar ástarleik. Þess sést getið á öðrum stað að Freysgöltur mikill sé leiddur inn í veislusalinn, menn leggja hendur á burst hans og strengja heit. Freyr var frjósemisgoð líkt og Satúrnus hjá Rómverjum og átti göltinn Gullinbursta, en svínið er víða notað sem frjósemistákn sakir hinnar miklu viðkomu. Alkunna er að kynferðislegir helgileikir þekkjast meðal fólks sem býr í náinni snertingu við náttúruna og telur að frjósemi í mannlífinu kalli á frjósemi í náttúrunni. Oft er talað um að blóta ‚til árs og friðar‘ á jólum þar sem ‚ár‘ merkir árgæska.

**Jólaöl**

Sagnir sem eiga að gerast á heiðnum tíma minnast varla á jól nema í sambandi við veisluhald. Í fornum norskum lögum er mönnum skylt að brugga og eiga öl til jóla. Ástæðan er að konungar ferðuðust oft milli þegna sinna um jólaleytið og þágu hjá þeim veislu. Allt bendir til þess að menn hafi blátt áfram komið saman á jólum til að éta, drekka og vera glaðir.

Um önnur atriði í veisluhaldinu er helst frá því greint sem hafði sögulegar afleiðingar, til dæmis ef drukknir veislugestir strengdu þess heit að efna til herferðar næsta sumar, brjóta haug fjölkunnugs víkings eða ræna konungsdóttur – og reyndu að standa við það.

**Hátíð í svartasta skammdeginu**

Í Heimskringlu segir að Hákon konungur Aðalsteinsfóstri hafi um miðja 10. öld fært jólahald Norðmanna frá einhverri ‚hökunótt‘, sem enginn veit hvenær var, til sama tíma og kristnir menn héldu fæðingarhátíð Frelsarans. Líklegast er að tímasetning hinna fornu jóla hafi ekki verið á neinum vissum degi eftir okkar almanaki, heldur þegar vel stóð á tungli í svartasta skammdeginu.

**Óskipulegt trúarkerfi**

Víst má telja að mikill meirihluti íslenskra landnámsmanna hafi verið ókristinn, altjent þeir sem mestu réðu. Óvíst er á hinn bóginn hvort nokkurt skipulegt trúarkerfi var um allt landið, því þeir komu úr ýmsum áttum, einkum frá Noregi og skosku eyjunum. Ekki er vitað um neina trúarmiðstöð eða sérstakan heiðinn trúarhöfðingja. Óvíst er að Ásatrú sú sem lýst er í Snorra Eddu hafi verið iðkuð nema á takmörkuðu svæði. Þar er Óðinn talinn æðstur guða, en hans gætir lítið í eldri heimildum eða örnefnum. Þór, Freyr, Freyja og Njörður eru þar miklu fyrirferðarmeiri. Í fornum eiðstaf segir: „Hjálpi mér svo Freyr og Njörður og hinn almáttki ás“, en ekki er ljóst hver sá er, Óðinn eða Þór.

**Allir tóku þátt í jólaveislunni**

Skammdegishátíðin jól var á sínum stað hvað sem trúariðkun leið og tilgangur hennar var án efa öðru fremur að lífga sálaryl. Í sögum þeim sem eiga að gerast fyrir eða um kristnitöku og geta geymt ýmis forn minni eru nokkur atriði sameiginleg þegar minnst er á jólahald. Mest ber á því að stórbændum hefur verið það metnaðarmál að halda veglegar jólaveislur, láta brugga jólaöl, tjalda skála sína sem best og bjóða fjölmenni til fagnaðarins. Á fyrstu öldum byggðar var loftslag enn nógu milt til að víða væri unnt að rækta nokkurt korn til ölgerðar, auk þess sem menn gátu fengið í kaupskipum. Þess má einnig geta að allir heimilismenn virtust taka þátt í jólaveislum, þrælar jafnt sem aðrir og enginn hafður útundan.

*Árni Björnsson, dr. phil. í menningarsögu.*

**AF HVERJU HÖLDUM VIÐ JÓLIN Í DESEMBER EF SAGT ER AÐ JESÚ HAFI FÆÐST Í JÚLÍ?**

Ekki er vitað hvenær Jesús fæddist en þó er ljóst að það var ekki 25. desember. Jól voru haldin hátíðleg í Róm til forna (Saturnalia-hátíðin) og tengd heiðnum sólarguði, það er að segja að menn héldu upp á að daginn fór að lengja á ný. Dagana 17.-23. desember gáfu Rómverjar hver öðrum gjafir. Heiðnir norrænir menn héldu sömu hátíð á svipuðum árstíma tíma og hét hún, líkt og nú, jól.

Þegar kristni varð að ríkistrú hjá Rómverjum með Konstantínusi mikla árið 324, yfirtók kirkjan smám saman forna helgidaga og með tímanum festist 25. desember sem fæðingardagur Jesú. Sá siður skaut rótum undir aldamótin 400. Dagurinn var einnig tengdur fæðingardegi keisarans og þar sem Jesús var hinn eini sanni keisari fékk hann sína fæðingarhátíð. Jesús tók því bæði sæti sólarguðsins, keisarans og hátíðargleðinnar. Á 5. öld var jólahátíðin orðin miðlæg um alla kristnina sem fæðingarhátíð Jesú. Í vesturkirkjunni hafa jól fengið jafnmikið vægi og páskarnir sem eru mesta hátíð kristninnar.

*Sigurjón Árni Eyjólfsson, stundakennari í guðfræði við HÍ.*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Er guðlast bannað með lögum, hvernig myndast snjókorn, þekktist samkynhneigð á víkingatímanum, hvað er sjónblekking, eru samtöl (eigindlegar rannsóknir) vísindi, og hvað er og hvernig verkar penisillín? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is






JÓLAMARKAÐURINN
FELLSMÚLA
JÓNSBÓK
EINAR KÁRASON
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 5.990,- 3.894,-
Thorsararnir
AUÐUR · VÖLD · ÖRLÖG
Guðmundur Magnússon
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 5.990,- 3.894,-
GUNNAR HERSVEINN
GÆFU SPOR
GILDIN Í LÍFINU
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 3.980,- 2.587,-
John Lennon
Ævisaga
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 4.280,- 2.782,-
NORRÆN SAKAMÁL
2005
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 4.750,- 3.088,-
HERRA ROKK
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 4.880,- 3.172,-
AFMÖRKUÐ STUND
INGÓLFUR MARGEIRSSON
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 4.280,- 2.782,-
Jörundur
hundadagakonungur
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 4.280,- 2.782,-
Zorró
Isabel Allende
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 4.690,- 3.049,-
DÆTUR HAFSINS
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 4.480,- 2.912,-
Draumar marglyttunnar
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 3.660,- 2.379,-
ÚTKALL
HERNAÐAR LEYNDARMÁL
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 4.490,- 2.919,-
Enid Blyton
ÆVINTÝRAfjallið
35% AFSLÁTTUR
Bókatíðindaverð: 2.390,- 1.554,-
JÓLABÆKUR • HEIMILISTÆKI • HLJÓMTÆKI • LEIKFÖNG • BÚS
JÓLAPAPPÍR • JÓLASVEINAR • JÓLAHÚS • JÓLAHANDKLÆÐI • JÓLAK

# 20-35% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM NÝJU JÓLABÓKUNUM TIL JÓLA!

### OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 11-19




Bókatíðindaverð: 3.990,- 2.594,-




Bókatíðindaverð: 4.690,- 3.049,-




Bókatíðindaverð: 4.990,- 3.244,-




Bókatíðindaverð: 4.690,- 3.049,-




Bókatíðindaverð: 3.990,- 2.594,-




Bókatíðindaverð: 2.990,- 1.944,-




Bókatíðindaverð: 2.990,- 1.944,-




Bókatíðindaverð: 2.990,- 1.489,-




Bókatíðindaverð: 4.680,- 3.042,-




Bókatíðindaverð: 4.680,- 3.042,-




Bókatíðindaverð: 4.680,- 3.042,-




Bókatíðindaverð: 2.980,- 1.937,-




Bókatíðindaverð: 4.980,- 3.237,-

*Afsláttur á bókunum í auglýsingunni gildir um helgina og miðast við Bókatíðindaverð.

ÁHÖLD • JÓLADISKAR • JÓLATRÉ • JÓLAKÚLUR • JÓLASKRAUT

ERTI • JÓLASTYTTUR • JÓLAKRANSAR • JÓLAKONFEKT • JÓLAGRENI

# Af valdatafli og samkvæmisleikjum

Íslensk menningarumfjöllun er á villigötum segir **Sigurður Gylfi Magnússon** og bendir á **Eirík Guðmundsson,** sem hristi höfuðið og svaraði fullum hálsi þegar *Bergsteinn Sigurðsson* atti þeim saman.

## Gætið ykkar

Þegar jólabókaflóðið skall á skerjum landsins í fyrra lá Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur á sjúkrabeði að jafna sig eftir skurðaðgerð á öxl. Á meðan hann var rúmfastur gafst honum tækifæri til að fylgjast vel með íslenskri menningarumræðu. Fullvel, að mati Eiríks Guðmundssonar, bókmenntafræðings og umjónarmanns menningarþáttarins Víðsjár á Rás eitt til langs tíma.

Afrakstur sjúkralegunnar birtist í lokakafla nýútkominnar bókar Sigurðar Gylfa, *Sjálfssögur – Minni, minningar og saga*. Þar gagnrýnir hann íslenska menningarumfjöllun harðlega, sér í lagi téðan Eirík.

„Mér finnst menningarrýnin hafa orðið undir hér á landi, eins og hún hafi lent í einhvers konar hringiðu sem hún ræður ekki við,“ segir Sigurður Gylfi. „Það eru sérkennilegir hlutir að gerast í umfjöllun um rit og bækur og mikil átök um athyglina og það hvarflar ekki að mér annað en að menningarrrýni sé hluti af þeim átökum og valdablokkum sem hafa myndast.

### Eiríkur brást

Í *Sjálfssögum* er Sigurður Gylfi á svipuðum slóðum og í *Fortíðardraumum*, sem kom út í fyrra, þar sem fjallað er um sjálfsbókmenntir eins og sjálfsævisögur, endurminningarit, samtalsbækur, ævisögur þær settar í margvíslegt samhengi, til dæmis menningarlegt, pólitískt og efnahagslegt.

Í Fortíðardraumum fjallaði Sigurður Gylfi um „Stóra-Hannesarmálið“, sem hann kallar svo og vísar til umræðunnar um fyrsta bindi ævisögu Halldórs Laxness eftir Hannes Hólmstein Gissurarson.

„Í því var tekist á um Nóbelsskáldið og þar komu inn fjölmargir þættir sem höfðu ekkert með verkið sem slíkt að gera, til dæmis að Hannes Hólmsteinn er pólitísk fígúra og í vinfengi við þáverandi forsætisráðherra. Inn í þetta blandast líka fræðileg sjónarmið sem vissulega skipta mál, en þegar litið er á „Stóra Hannesar-málið“ og meðferð þess er ljóst að það sprakk í höndunum á menningarrýnunum.“

Sigurður veltir því fyrir sér hvers vegna Eiríkur Guðmundsson hafi lýst því yfir opinberlega í fyrra að Hannesarmálið væri orðið óáhugavert og í raun dautt.

„Á sama tíma var ævisaga Halldórs Laxness eftir nafna hans Guðmundsson að koma út – mótvægi við bók Hannesar. Bók Halldórs var hafinn upp til skýjanna og fékk lof sem hún stóð engan veginn undir að mínu viti. Þetta er dæmigerð íslensk ævisaga; vissulega vönduð, en fjarri því að vera tímamótaverk eins og haldið var fram. Þarna var verið að takast á um hvernig maður eins og Halldór Laxness varð til, hvernig mann við vildum lesa um og hvernig hans yrði minnst. Þá lýsir Eiríkur Guðmundsson því yfir að málið sé steindautt, þegar það var sprellifandi bara í þessum tilteknu atriðum.“

### „Bravó Bragi!“

Þá er umfjöllun um skáldsögu Braga Ólafssonar, *Samkvæmisleiki*, sem kom út í fyrra, Sigurði hugleikin og enn beinir hann spjótum sínum að Eiríki. „Menningarrýni á að hefja sig yfir dægurþras um þýðingarlaust fyrirbæri á borð við markaðsverðlaun bókaútgefenda og beina henni inn á ný svið. Eiríkur gerðist hins vegar sérlegur málsvari þess að bók Braga ætti skilið tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og mætti í spjallþætti þar sem hann sparaði ekki lýsingarorðin.“

Sigurður kveðst ekki gera athugasemdir við það að Eiríkur hafi verið hrifinn af *Samkvæmisleikjum*; umfjöllunin hafi hins vegar ekki verið gagnrýnin.

„Umfjöllunin gekk öll út á upphrópanir á borð við „Bravó Bragi!“ og hneykslan yfir að hún skyldi ekki vera tilnefnd til verðlauna. Eiríkur átti að fjalla um verkið á krítískum nótum því það býður upp á mikla umræðu um menningarlegt, fagurfræðilegt og bókmenntafræðilegt efni hennar. Það var látið vera en umræðunni hins vegar beint í undarlega farveg.“

Á þessum tímapunkti fannst Sigurði Eiríkur vera farinn að ganga erinda einhverra ótiltekinna afla í samfélaginu. „Það er algengt að menn falli í þessa gryfju og það geta verið mörg sjónarhorn sem ráða, fagurfræði, pólitík eða hagsmunir bókaforlaga svo fátt sé nefnt, en það þýðir að tiltekin verk eru lesin með ákveðnum gleraugum og útkoman kemur lesandanum ekkert endilega við.“

### Hvað er í gangi?

Það er ekki ofrausn, að mati Sigurðar, að persónugera íslenska menningarrýni í Eiríki Guðmundssyni.

„Ég geri það vegna þess að ég hef mesta trú á honum. Ég varð hins vegar fyrir vonbrigðum með Eirík á þessum tímapunkti og hugsaði með mér að ef hann væri að bregðast væri kominn tími til að standa upp og benda á það.“

*Ég hefði ekki starfað hjá Rás eitt í átta ár ef ég væri sjúkur í völd.“*



*Ég er bara að segja: Gætið ykkar! Ekki lenda í hringiðu sem þið ráðið ekki við.*

*Ég varð hins vegar fyrir vonbrigðum með Eirík á þessum tímapunkti og hugsaði með mér að ef hann væri að bregðast væri kominn tími til að standa upp og benda á það.“*

Enn nefnir Sigurður bók Halldórs Guðmundssonar um Laxness máli sínu til stuðnings.

„Ég get skilið að að margir hafi hrifist af bókinni, en hún stóð ekki undir miklu af því lofi sem hún fékk og þegar ekki heyrist ein gagnrýnisrödd vil ég að maður á borð við Eirík staldri við og spyrji; Hvað er í gangi? Við þurfum menningarrýni sem þorir að taka á hlutunum og sneiða fram hjá valdabaráttunni, hvar sem hún liggur. Þess vegna finnst mér mikilvægt að gera kröfu til manns eins og Eiríks um að hann skapi sér sjálfstæða rödd eins og hann hefur gert lengst af. Ég er ekki rétti maðurinn til að koma með praktíska lausn á vandanum. Ég er bara að segja: Gætið ykkar! Ekki lenda í hringiðu sem þið ráðið ekki við.“

## Tebollaskjálfti

„Mér finnst þetta óttalegur tebollaskjálfti,“ segir Eiríkur Guðmundsson bókmenntafræðingur. „Ég skil ekki alveg hvað hangir á spýtunni því ef Sigurður Gylfi hefur einhvern áhuga á því sem mestu skiptir, ætti hann að vita að íslensk samtímaumræða í fjölmiðlum er ekki næringaríkasta fæða í heimi. Það er dapurlegt ef hámenntaður maður eins og Sigurður hefur ekki áhuga á öðru en menningarlegum yfirráðum og hann vera kominn býsna langt frá bræðrunum á Ströndum, þeim Halldóri og Nilla, hverra dagbækur hann gaf út fyrir fáeinum árum, og var sómi af. Þar var sannarlega eitthvað sem skipti máli.“

Það er ekki öfundsvert hlutskipti að fá ævisögu eftir Hannes Hólmstein á heilann, telur Eiríkur.

„Það var búið að sýna fram á að vinnubrögðum Hannesar var ábótavant og ríflega það og hann meira að segja sjálfur búinn að viðurkenna mistök. Það var til einskis að þjarka áfram á opinberum vettvangi um aðferðir, hugtök og heiti í sagnfræði. „Stóra-Hannesarmálið“, sem Sigurður Gylfi kallar svo – nafngiftin ein og sér er pínulítið hlægileg – var dautt þegar ég sagði að það væri dautt. Háskólinn átti að taka á því máli og leiða það til lykta en það er ekki hægt að segja að um ævisögu Hannesar hafi sprottið frjó umræða.“

### Það sem máli skiptir

Eiríkur viðurkennir að hafa vissulega þótt leitt að Samkvæmisleikir Braga Ólafssonar skyldu ekki hafa verið tilnefndir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í fyrra.

„Það er auðvitað fánýt umræða út af fyrir sig að karpa um slíkt, en það er ekki hægt að líta fram hjá því að verðlaunin fá mikla athygli. Það er bagalegt að horfa upp á afglöp eins og í fyrra við veitingu verðlauna sem kenna sig við Íslensku bókmenntaverðlaunin og til vitnis um að þau skipta ekki lengur miklu máli í íslensku bókmenntalífi. Á það vildi ég benda.“

Eiríkur minnir á að hann vinni á fjölmiðli og það sé hluti af hans starfi að taka þátt í umræðu dagsins og hann líti á það sem skyldu sína að benda hlustendum á það sem honum þyki vel gert.

„Mér finnst að menningarumfjöllun eigi að snúast um það sem máli skiptir, að greina kjarnann frá því hismi sem fjölmiðlum er svo gjarnt að hampa, stundum í fullgóðri samvinnu við bókaútgefendur. Í þeim efnum styðst ég við eigin dómgreind og er engum háður, hvorki bókaútgefendum né öðrum, engum bundinn nema minni eigin sannfæringu.“

Það skýtur hins vegar skökku við, að mati Eiríks, þegar Sigurður Gylfi sakar hann um að hafa hampað Samkvæmisleikjum án rökstuðnings, því sjálfur segi Sigurður fátt markvert um þá sögu í sinni bók.

„Hann talar um að í verkinu orki margt tvímælis, siðferðilega, fagurfræðilega og jafnvel bókmenntafræðilega, en fer ekki frekar út í þá sálma. Samkvæmisleikir er skáldsaga sem fjallar á mjög áleitin hátt um siðferðileg efni, um ofbeldi, misnotkun, og hún gerir það á þann hátt sem skáldskapurinn einn getur gert – ekki sagnfræðin – og hún er þess eðlis að það er erfitt að taka efni hennar til umfjöllunar án þess að eyðileggja reynslu væntanlegra lesenda. Mér finnst Sigurður Gylfi satt best að segja kominn á hálan ís ef hann þykist geta breitt þekkingu sína á þröngu sviði yfir óskyld svið tilverunnar. Hannes Hólmsteinn er auðvitað mjög gott dæmi um slíkt, þegar hann réðst í það að skrifa ævisögu Halldórs Laxness. Með afleiðingum sem ekki er þörf að ræða frekar.“

*„Stóra-Hannesarmálið“, sem Sigurður Gylfi kallar svo – nafngiftin ein og sér er pínulítið hlægileg – var dautt þegar ég sagði að það væri dautt.*

### Svimandi ímyndunarafl

Eiríkur er efins gagnvart þeirri vegtyllu Sigurðar Gylfa að persónugera menningarumfjöllun landsins í honum.

„Sigurður Gylfi beitir þessum frábæru vopnum, það er aðferðafræði póst-módernismans eða póst-strúktúralismans sem snýst ekki síst um vald og valdabaráttu. En frumkvöðlar á því sviði hafa yfirleitt skrifað um vald á breiðari grundvelli en manns sem tekur stundum til máls í útvarpinu. Það er dálítið eins og að nota geimskip til að fljúga til Egilsstaða.“

Þá telur Eiríkur að á köflum láti Sigurður ímyndunaraflið hlaupa með sig í gönur.

„Hann notar sem dæmi að það kom mynd af mér í Séð og heyrt löngu fyrr – hálfur út úr mynd ef ég man rétt – og segir líka að ég hafi gerst „viljugur talsmaður Braga Ólafssonar rithöfundar og einhverra ótilgreindra markmiða í menningunni“. Þá líkir hann mér við sjálfan Jón Steinar Gunnlaugsson og til þess þarf svimandi ímyndunarafl! Ég hefði ekki starfað hjá Rás eitt í átta ár ef ég væri sjúkur í völd.“

Hann bendir líka á að Sigurður Gylfi hefji sig ekki svo auðveldlega yfir valdabaráttuna sem er honum svo hugleikin.

„Hann talar um að um þessar mundir séu átökin um menningarleg yfirráð hér á landi harðari en nokkru sinni fyrr. Það er dálítið stór fullyrðing, og á kannski engar rætur aðrar en í því sjóngleri sem Sigurður Gylfi skoðar veröldina í gegnum. Hann segir að helsta áskorunin fyrir þá sem leggja eitthvað til málanna í samtímaumræðunni sé að forðast skotlínu slíkra átaka. Sjálfur gengur hann beinustu leið fyrir næstu byssukúlu undir lok bókar sinnar, með umfjöllun sinni um mig, Halldór Guðmundsson og fleiri. Og það hvarflar ekki að mér að veitast að honum fyrir það. Menn eiga að segja eitthvað sem máli skiptir, og hafa fyrir því sannfæringu. Sú valdabarátta sem ég tek þátt í snýst um fagurfræðileg viðmið, ekki um aðferðarfræði í sagnfræði. Hún snýst um að hampa bókmenntum, fyrirbæri sem virðist ekki eiga allt of auðvelt uppdráttar nú um stundir.“ ■




NÝJAR BARNAMYNDIR Á DVD
TILVALIN JÓLAGJÖF FYRIR YNGSTU KYNSLÓÐINA
Bubbi Byggir
Á KAFI Í SNJÓ
ÍSLENSKT TAL
DVD
Bjarni
Aðfangadagskvöld
DVD
ÆVINTÝRA FERÐIN
ÍSLENSKT TAL
DVD
FRÁ HÖFUNDUM MYNDANNA
PÖDDULÍF & HERKÚLES
BÚI & SÍMON
LEIÐIN TIL GAYU
SMÁAR HETJUR STÓRT ÆVINTÝRI
ÍSLENSKT TAL
MYNDFORM
www.myndform.is
Trönuhrauni 1, 220 Hfj
Sími 534-0400
DVD
VIDEO

## ÞEKKTUSTU STÚLKNABÖNDIN



**THE RONETTES** Stofnuð í New York 1959. Helsta verkefni Phil Spectors sem síðar giftist aðalsöngkonunni. Helstu slagarar: Be My Baby og Baby, I Love You.

**THE SUPREMES** Stofnuð 1961 í Detroit. Var upphaflega kvartett undir nafninu The Primettes. Þrátt fyrir að vera ekki endilega besta söngkonan var Díönu ýtt fremst af Berry Gordon, yfirmanni Motown útgáfunnar, sem varð síðar elskhugi hennar. Helstu slagarar: Stop! In the Name of Love, You Can´t Hurry Love og You Keep Me Hanging On.





**SHANGRI-LAS** Stofnuð 1963 í Queens í New York af eineggja tvíburasystrunum Marge og Mary Ann Ganser. Unnu náið með Shadow Morton. Helstu slagarar: Leader of the Pack, I Can Never Go Home Anymore og Give Him A Great Big Kiss.



**SISTER SLEDGE** Stofnuð 1971 í Philadelphiu af fjórum systrum. Líklegast þekkasta stúlknasveit diskótímabilsins. Helstu slagarar: We Are Family og He´s the Greatest Dancer.



**THE BANGLES** Stofnuð 1981 í Los Angeles. Var ekki bara söngvasveit, Þær sömdu og spiluðu öll lög sín sjálfar á hljóðfæri. Engu að síður stærsta stúlknasveit níunda áratugarins. Helstu slagarar: Walk like an Egyptian, Eternal Flame og Manic Monday.



**SPICE GIRLS** Stofnuð árið 1993 í London sem kvenkynssvar við Take That. Lögð var mikil áherslu á að allir liðsmenn fengju jafn mikla athygli og boðuðu Girl Power. Þrjár breiðskífur og ein kvikmynd. Helstu slagarar: Wannabe, 2 Become 1, Say You´ll Be There og Spice Up Your Life.



**ALL SAINTS** Stofnuð 1993 í London en náði ekki vinsældum fyrr en fjórum árum seinna. Miklar deilur innan sveitarinnar ollu því að ferill þeirra var skammlífur. Helstu slagarar: Never Ever, Under the Bridge og Lady Marmalade.

**DESTINY´S CHILD** Stofnuð 1990 sem kvartett í Houston. Pabbi Beyoncé Knowles, sem er prestur, var svo stoltur af dóttur sinni að hann ákvað að afhenda heiminum hana á háum hælum, í stuttum latexpilsum og brjóstahaldara. Ein stærsta stelpusveit allra tíma, enda nóg af hæfileikum hér. Helstu slagarar: Independent Woman part 1, Survivor, Bootylicious og Lose my Breath.





**SUGABABES** Stofnuð 1998 í London þegar liðsmenn voru aðeins 15 ára. Neita að dansa á sviði og eiga virkan þátt í lagasmíðum. Helstu slagarar: Freak Like Me, Hole in the Head og Push the Button.



**NYLON** Stúlknasveitin Nylon stefnir á erlenda grund.

# Á Nylon séns í Bretlandi?

**Birgir Örn Steinarsson fer yfir sögu stúlknabanda og veltir því fyrir sér hvort Nylon eigi möguleika á mikilli velgengni í Bretlandi.**

Það þarf engan kjarnorkusérfræðing til þess að reikna það út að falleg fljóð syngjandi popptónlist hafa gífurlegt aðdráttarafl. Þetta hafa plötuútgefendur vitað í um 70 ár.

Söluhæsta stúlknasveit fyrri helmings síðustu aldar var The Andrew Sisters. Þær ögruðu karlmönnum frá árinu 1938 með lokkandi sírenusöng og öfgafullri notkun á krullujárni.

Á fimmta áratugnum ögruðu The Chordettes ögn meira með því að blanda svörtum doo-wop áhrifum inn í hvíta söngtónlist. Lagið Mr. Sandman er gott dæmi. Það má kalla þær afsprengi plötufyrirtækis, því þeim var raðað saman af eiginmanni einnar söngkonunnar stuttu eftir að hann stofnaði útgáfufyrirtækið Cadence.

### Spector kastar sprengjum

Geðsjúklingurinn og snillingurinn Phil Spector kastaði svo fram næstu stúlknasveitasprengju. Hann kom plötufyrirtæki sínu, Philles Records, á kortið með The Crystals í lok árs 1961. Það samstarf entist í þrjú ár og færði okkur m.a. slagarann And Then He Kissed Me. Eftir að Spector var orðinn leiður á þeim uppgötvaði hann aðrar betri, The Ronettes. Þær þóttu mjög ögrandi, notuðu meiri ælæner en sést hafði áður og tvöfölduðu höfuðstærð sína með því að binda hárið upp. Bragðbesti ávöxtur þeirra var Be My Baby sem gerði allt vitlaust 1964.

Annar snillingur var Shadow Morton, sem samdi og hljóðritaði The Shangri-Las. Þær ögruðu með frábærum textum um dauða sakleysis. Textar um ástarsorgir, dauða mótorhjólatöffara og að flýja að heiman.

Vinsælasta stúlknatríó sjöunda áratugarins var þó án efa The Supremes með Díönu Ross í aðalhlutverki. Tamla Motown útgáfa Berrys Gordy lagði sérstaka áherslu á feril þeirra og Díana Ross varð ein skærasta stjarna Bandaríkjana fyrir vikið.

### Safnað saman í hljómsveitir

Áður fyrr var það nær alltaf hlutverk upptökustjórans að koma sveitunum í samband við lagahöfunda og plötufyrirræki. Þær fluttu allar upprunaleg lög, en aldrei eldri slagara eins og tíðkast í dag. Allar þessar stúlknasveitir voru líka sjálfssprottnar en ekki hugarfóstur plötufyrirtækja. Það þótti ekki sjálfsagt fyrr en Spice Girls ruddust fram á sjónarsviðið.

Það var upphafið að því fyrirbrigði sem stal nafninu „stúlknasveit“. Og það var eftir þeirri formúlu sem Einar Bárðarson stofnaði Nylon.

Við getum þakkað umbanum Maurice Starr fyrir þessa þróun mála. Pirraður fékk hann þá flugu í höfuðið að honum myndi ganga betur með hvítum úthverfapiltum en New Edition sem hann hafði starfað með í áraraðir. Hann hélt áheyrnarpróf í Boston árið 1984 og fann þar liðsmenn New Kids on the Block.

Sex árum síðar fékk Nigel Martin Smith sömu hugmynd í Bretlandi og bjó til Take That. Fram að því hafði það verið óskrifuð hefð í Bretlandi að sveitir þyrftu að vera sjálfssprottnar til þess að halda trúverðugleika almennings.

Kryddpíurnar fimm svöruðu allar sömu auglýsingu sumarið 1993 og var raðað saman af umboðsmanni eftir áheyrnarprufur. Þær gerðu fljótlega uppreisn, sögðu kauða upp og réðu Simon Fuller sem síðan þá hefur verið ranglega titlaður „faðir breskra stúlknasveita“. Spice Girls ögruðu með slagorðinu Girl Power og slógu nær öll sölumet. Breskar stúlknasveitir spruttu upp sem gorkúlur eftir það. Stærstu fylgifiskarnir hafa verið All Saints, Sugababes og Girls Aloud.

Stærsta bandaríska stúlknasveitin er Destiny´s Child en hún er sjálfssprottin og á því lítið skylt við Nylon eða Spice Girls.

### Saklausar sveitastelpur

Í febrúar bætir Nylon sér í hóp nýrra stúlknasveita sem keppast um bresku krúnuna. Nýstofnað útgáfufyrirtæki Einars Bárðasonar, Believer, gefur út en Right Track dreifir.

Í ljósi vinsælda stúlknasveita þar síðustu 10 ár er þetta vissulega bjartsýnt verkefni. Það fyrsta sem Bretanum verður boðið upp á er útgáfa af Rolling Stones laginu Have You Seen Your Mothers Baby?

Eiga þær séns? Ekkert erlent stúlknaband hefur hingað til náð að brjóta breska poppmarkaðinn sem er alfarið stjórnað af plöturisunum þar. Þetta verður því fyrsta íslenska sveitin sem reynir fyrir sér þar sem getur ekki stólað á að það hjálpi að koma frá svölustu eyju veraldar.

Allar vinsælustu stúlknasveitir Breta hafa gefið út frumraunin sínar undir tvítugu. Þetta er viljandi gert. Hlustendahópurinn er að mestu samansettur af stelpum undir 14 ára og útgefendur óttast að börn eigi erfiðara með að tengja sig við konur. Önnur ástæða er sú að plötufyrirtækin vonast eftir því að ein eða fleiri, innan sveitarinnar, nái síðar að hefja sólóferil. Breski poppbransinn er harður og miskunnarlaus, konur yfir 25 ára aldri fá sjaldnast möguleika. Tími Nylon er því að renna út.

Breska poppið hefur orðið glysgjarnara með ári hverju og mikið spilað á kynþokka. Ímynd Nylon er mjög saklaus. Í Bretlandi ná flestar stúlknasveitir vinsældum, fáklæddar, í gegnum karlatímarit á borð við GQ og Esquire. Ekkert stúlknaband hefur náð árangri án þess að vera ögrandi.

Það sem vinnur með Nylon er íslensk náttúrufegurð, sönghæfileikar og að það er ágætis lagahöfundur innanborðs. Einar hefur gott eyra fyrir poppmelódíum. Vinsælustu stúlknasveitirnar eru þær sem bjóða aðallega upp á upprunalegar lagasmíðar. Nokkrar þeirra hafa þó leikið sama leik og Nylon og byrjað á þekktu tökulagi. Það svínvirkaði t.d. fyrir All Saints að flytja slagara Red Hot Chili Peppers, Under the Bridge.

Stúlkurnar eru án efa að hoppa inn í hörðustu hlið tónlistarbransans og þær þurfa svo sannarlega að hafa bein í nefinu ef þær ætla að ná árangri. Hingað til hefur ferill þeirra vaxið með hverju skrefi en í fyrsta skiptið fara þær núna á móti straumi. Spennandi tímar framundan. biggi@frettabladid.is

AMNESTY INTERNATIONAL

Aðventutónleikar
Amnesty
International

Neskirkju við
Hagatorg laugardagskvöldið
10. desember kl. 20.00

Tríó Björns Thoroddsen
Sellóleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands
Sönghópurinn Rinacente

Ágóði af tónleikunum rennur til mannréttindastarfs Amnesty International.
Miðaverð er 1.500 kr. Forsala aðgöngumiða á skrifstofunni Hafnarstræti 15 og Tónastöðinni, Skipholti 50d.
Miðapantanir í síma 551 6940 eða amnesty@amnesty.is.

LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is

# Jólaboð

## Fjölbreytt úrval af gjafavörum



### Joe Boxer

Sloppur og náttbuxur á herrann.

3.690 kr.

6.390 kr.



2.263 kr.

### I Coloniali

Hágæða bað- og líkamsvörur frá Ítalíu.
Hreinn unaður fyrir líkama og sál.
Inniheldur náttúruleg efni.



1.990 kr.

### Origins

Day & night. Night-A-Mins næturkrem, 30 ml,
Make A Difference, 30 ml.
Verð aðeins 1.990 kr., verð áður 4.750 kr.



1.830 kr.

### Joe Boxer

Skemmtileg nærföt á strákana.

### L'Oréal húðvörur



1.329 kr.

Gelkornamaski fyrir líkama sem skrúbbar og mýkir.

959 kr.

Húðmjólk sem gerir húðina mjúka og áferðarfallega.



5.490 kr.

### Nuddpúði

Láttu þér líða vel. Frábær, einfaldur nuddpúði fyrir fætur og bak. Rafhlöður fylgja ekki með.



2.589 kr.

### Tendenza

Van Gils gjafakassar henta herrum á öllum aldri.



### Úrval geisladiska

frá 1.699 kr.

Núna eru komin tónlistarhorn í allar verslanir Lyfju. Þar færðu alla nýjustu og vinsælustu geisladiskana.
Gefðu tónlistargjöf um jólin eða finndu þér eitthvað skemmtilegt að hlusta á.

12 Tónar

Plan B

**Komdu í Jólaboðið og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.**



GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRU

GJAFAPOKI FYLGIR

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS LYF 30481 12/2005



Jólamyndirnar eru ekki síður mikilvægar fyrir kvikmyndahúsin en sumarsmellirnir.

# LEGGUR KING KONG ALLT UNDIR SIG?

Þegar myndirnar um Hringadróttinssögu voru í kvikmyndahúsunum báru þær höfuð og herðar yfir keppinauta sína. Það lék stundum vafi á því hvort fyllti almenning meiri tilhlökkun; jólapakkarnir eða ævintýri Fróða og Sáms. Nú heyrir þríleikurinn sögunni til og aðrir fá tækifæri til að reyna sig við jólin. Peter Jackson þykir líklegastur til að vera jólasveinninn í ár með sinni risavöxnu og rándýru górillu.

**King Kong**
**Frumsýnd 14. desember**

Endurgerð Peters Jackson á King Kong vakti strax athygli. Myndin er fyrsta verkefni hans eftir að Hringadróttinssögu lauk og eru gagnrýnendur því spenntir að sjá hvernig honum tekst til. Velgengni myndarinnar tryggir honum öruggan sess meðal þeirra bestu í kvikmyndageiranum.

Jack Black fer með hlutverk leikstjórans Carl Denham sem býður Ann Darrow hlutverk í kvikmynd sem hann hyggst gera á eyjunni Skull Island eða Hauskúpueyjunni. Með í för er leikskáldið Jack Driscoll sem verður ástfanginn af leikonunni. Þegar hópurinn kemur á svæðið sér hann að goðsögnin King Kong lifir góðu lífi meðal risaeðlna og mannæta. Þetta reynist vatn á myllu Carls sem tekur herlegheitin upp á filmu. Í von um að auglýsa myndina sem best lokkar leikstjórinn górilluna stóru í gildru og flytur með til New York með það fyrir augum að King Kong trekki að. Górillan lítur hins vegar svo á að hún eigi í harðvítugri baráttu við Driscoll um ást leikkonunnar.

Jackson hefur fengið mikið hrós fyrir val sitt í leikhópinn. Þar má finna gæðaleikarann Adrien Brody sem varð heimsfrægur á einni nóttu fyrir túlkun sína á Wladyslaw Szpilman í The Pianist. Sprelligosinn Jack Black fer með hlutverk leikstjórans Carl Denham og þykir minna óþægilega á Orson Welles. Naomi Watts, sem Ann Darrow, fær það erfiða hlutverk að heilla bæði mann og apa.

**KOSTIR:** Jackson beitir sömu tækni og þegar Gollum varð til. Andy Serkis hefur náð fullkomnum tökum á henni og gæðir górilluna lífi. Jackson fer einnig þá leið að hafa söguviðið árið 1933 sem gerir hið klassíska atriði á Empire State-byggingunni mun trúverðugra.

**GALLAR:** Efasemdarraddir hafa heyrst hjá kvikmyndahúsagestum hvað risaeðlurnar varðar. Þá má einnig spyrja sig hvort Jack Black og Jamie Bell ráði við hlutverk í mynd af þessari stærðargráðu.

**Narnía: Ljónið, nornin og skápurinn**
**Frumsýnd 26. desember**

Narnía eftir CS Lewis á sér ekki síður marga aðdáendur en Harry Potter. Sjónvarpsþættirnir sem byggðir voru á sögunum nutu mikilla vinsælda hér á landi. Leikstjórinn Andrew Adamson hefur ágætis reynslu af ævintýrum en hann er maðurinn á bak við græna



skrýmslið Shrek.

Peter, Susan, Edmund og Lucy fara í pössun til hins aldraða prófessors Digory Kirke í seinni heimsstyrjöldinni. Þar á að ríkja ró og friður og börnin mega ekkert snerta né láta á sér bera. Þegar þau fara í feluleik komast þau yfir fataskáp sem í fljótu bragði virðist eins og hver annar skápur. Á bak við dyrnar er hins vegar ævintýraheimur Narníu og börnin sogast inn í atburðarrás þar sem landinu er ógnað af Hvítu galdranorninni sem vill leggja þau örlög á landið að þar verði vetur allan ársins hring.

**KOSTIR:** Þetta er mjög fjölbreyttur ævintýraheimur og það skortir ekkert á spennuna. Ímyndunaraflið fær að njóta sín og ótrúlega flottar persónur prýða myndina. Þá lofa myndbrotin mjög góðu og senurnar virðast ekkert ætla að gefa Hringadróttinssögu eftir.

**GALLAR:** Hún gæti lent í því að vera borin saman við Hringadróttinssögu og það kann að reynast dýrkeypt þegar á hólminn er komið. Þá er spurning hvernig aðdáendur sögunnar taka henni. Það hefur alltaf þótt áhættusamt að láta krakka bera uppi heila kvikmynd. Þeim verður að takast vel upp.


# Hönnun og tækni



Tæknikubbasettin frá Learning Recources efla nýsköpun barnsins og styrkja hagnýta þekkingu þess

Vefverslun á www.skola.is

Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is




**The Grimm Brothers**
**Frumsýnd 6. janúar**

Terry Gilliam er einhver allra sérstakasti leikstjóri Hollywood. Hann ætlaði að festa sögu Cervantes, Don Kíkóta, á filmu en lítill áhugi framleiðanda og ógöngur urðu til þess að því verkefni hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Ef einhver gæti gert mynd um hjartgóða riddarann sem berst við vindmyllur þá er það Terry Gilliam. Það kom mörgum í opna skjöldu að leikstjórinn skyldi ganga til liðs við Weinstein-bræðurna þar sem þeir hafa hingað til framleitt örugga smelli og eru fulltrúar fyrir „ekta" Hollywood-framleiðslu, eitthvað sem Gillian hefur óbeit á.

Jake og Will Grimm eru svikahrappar af Guðs náð. Þeir ferðast þorpi úr þorpi til að vernda íbúa fyrir nornum, göldrum og illum álögum. Eini vankanturinn á atvinnu bræðranna er sá að þetta er allt í plati. Grimm-bræðurnir komast þó í hann krappann þegar þeir lenda í klónum á alvöru álögum, ekta galdranorn og ósviknum ævintýrum en það eru Matt Damon og Heath Ledger sem leika svikarana.

**KOSTIR:** Nafn Terry Gilliam ætti auðvitað að vera nóg til að fá sanna kvikmyndaunnendur til að flykkjast í bíó. Þá hefur Matt Damon stungið æskuvin sinn Ben Affleck af og landað aðalhlutverkum í hverri stórmyndinni á fætur annarri.

**GALLAR:** Þegar stórir Hollywoodlaxar og utangarðsmaður eins og Gillian mætast þá getur útkoman orðið ansi hæpin. Weinstein-bræðurnir eru þekktir fyrir afskiptasemi og nú er spurning: Var Gilliam bara að leikstýra þessari mynd til að geta fjármagnað Don Kíkóta?



**Hostel Frumsýnd 6. janúar**

Eli Roth sló í gegn fyrir þremur árum með kvikmyndinni Cabin Fever. Hugmyndina að myndinni fékk leikstjórinn þegar hann var að vinna á sveitarbýli við Selfoss. Hann er nú mættur aftur með kvikmyndina Hostel en hún var heimsfrorsýnd á Októberbíófest að viðstöddu fyrirmönnum þessa lands. Margir héldu ekki út enda þykir myndin ansi blóðug. Partídýrið Óli gæti trekkt að og myndin hefur fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum.

Þrír bakpokaferðalangar ferðast um Evrópu í leit að kynlífi og svalli. Þeir lenda í miklum ógöngum þegar þeim er rænt af glæpahyski til þess eins að pynta þá til dauða. Eyþór Guðjónsson leikur stórt hlutverk í myndinni en aðrir eru minna þekktir hér á landi.

**KOSTIR:** Eli Roth er í framvarðarsveit bandarískra hryllingsmyndaleikstjóra sem vilja endurvekja þetta form. Hostel vakti mikla athygli á Torontohátíðinni og ekkert síður í Háskólabíói. Hún er blóðug, ódýr og ógeðsleg.

**GALLAR:** Blóðug, ódýr og ógeðsleg. Varla þau þrjú orð sem fólk vill heyra um jólin.



**A Little Trip to Heaven**
**Frumsýnd 26. desember**

Baltasar Kormákur er einn af vonarstjörnum evrópskrar kvikmyndagerðar. 101 Reykjavík og Hafið nutu mikilla vinsælda á meðal Evrópubúa og erlendir framleiðendur fylgjast vel með hvernig nýju myndinni reiðir af. Myndin var sýnd á Torontokvikmyndahátíðinni þar sem hún fékk misjafna dóma. Baltasar hefur unnið töluvert í myndinni síðan og Little Trip var boðið á Sundance sem er töluvert heiður í heimi kvikmyndanna.

Myndin segir frá tryggingarannsóknarmanninum Holt sem er fenginn til smábæjarins Hasting til að rannsaka dularfullt andlát manns sem er með milljón dollara líftryggingu. Á vegi hans verður hin dularfulla Isold sem á að fá peningana og Holt grunar að þar sé maðkur í mysunni. Forest Whitaker, Julia Stiles og Jeremy Brenner eru í aðalhlutverkum.

**KOSTIR:** Myndin er leikstýrð, skrifuð og framleidd af Íslendingum. Myndir Baltasars hafa alltaf notið mikilla vinsælda og hlotið lof gagnrýnenda hér á landi. Ef að líkum lætur verður Little Trip ein af vinsælustu myndum þessara jóla.

**GALLAR:** Variety gaf myndinni ekki góða dóma og aðrir rýnar hafa líkt henni við Fargo eftir Cohenbræðurna nema það vanti húmorinn. Baltasar er að feta sig inn á nýjar brautir með



Hollywoodstjörnum í aðalhlutverkum. Það má ekkert klikka.

**Family Stone**
**Frumsýnd 14. desember**

Mörgum finnst mjög þægilegt að koma sér í jólaskapið með góðri fjölskylduskemmtun í kvikmyndahúsum. Þetta tilheyrir jafnvel verslunarferðinni á Þorláksmessu.

Leikhópurinn gefur ástæðu til bjartsýni. Luke Wilson og Diane Keaton eru í burðarhlutverkum auk Rachel McAdams sem var stórskemmtileg í Wedding Crashers. Myndin segir frá Stonefjölskyldunni sem hefur mjög fastmótaða jólahefð. Það verður því uppi fótur og fit þegar eftirlætissonurinn kemur heim með ofursnobbaða kærustu í þeim tilgangi að biðja hennar. Fjölskyldan tekur verðandi tengdadóttur ekkert allt of vel sem í örvæntingu sinni fær systur sína sér til aðstoðar.

**KOSTIR:** Myndin gerist í kringum jólahaldið sem ætti að kæta marga. Hugljúf og rómantísk, rétt eins og hátíð ljóss og friðar.

**GALLAR:** Hún er frumsýnd sama dag og King Kong. Dómar á erlendum vefmiðlum gefa enga sérstaka ástæðu til bjartsýni.

freyrgigja@frettabladid.is







LAMPI
VERÐ KR. 7.500



LAMPI
VERÐ KR. 7.400



BLAÐAGRINDUR
VERÐ FRÁ KR. 4.900

VIÐ BJÓÐUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR

# VAXTALAUSAGREIÐSLUDREIFINGU

Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI - OG FYRSTA GREIÐSLA Í FEBRÚAR 2006*

## FJÖLMÖRG JÓLATILBOÐ!

* TILBOÐIÐ STENDUR TIL ÁRAMÓTA OG GILDIR EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN 90.000 KR.

TEKK
COMPANY

OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 18

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS


ALI HAMBORGARHRYGGIRNIR
BÁÐIR FÁST Í BÓNUS MEÐ
30% AFSLÆTTI VIÐ KASSANN!
Opið til sjö í
Ali
30%
afsláttur
við kassann
Ribena
SOLBÆR
SÓLBERJASAFT
358
1 LÍTRI
KR.
C-VITAMIN
Íslenskt grænmeti
GULRÆTUR SNAKK
279
250g
KR.
Rauðkál
NIÐURSKORIÐ RAUÐKÁL
259
350g
KR.
Unnin af GESTGJAFANUM
fyrir Bónusverslanirnar
KÓKKIPPA og
998kr.
uppskriftabók
í KAUPBÆTI!
Tröllа tilboð!
Coca-Cola
FERSK AMERÍSK
KALKÚNABRINGA
BEINLAUS OG STEIKT
PERDUE
Oven Roasted
Amerískar kalkúnabringur
2184
KR.
KÍLÓVERÐ
HEILL KASSI:
349
2,3 KÍLÓ
KR.
ROLLSINN Í KLEMENTÍNUNUM!
Robin
BÓNUS



kvöld í Bónus!
Meira að stæltustu vöðvabúnt kikna í hnjánum fyrir SYKURPÚÐATENÓRUNUM dásamlegu!
Sykurpúðatenórarnir 1799 KR. DISKURINN
IL DIVO - tenórarnir ÓVIÐJAFNANLEG TÓNLIST!
Ave Maria
O holy night
Unchained melody
Feelings
Ti amero
Mama
IL DIVO í Bónus!
TAÐREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI 1919 KR. kg Merkt verð 2399kr.
TAÐREYKT ÚRBEINAÐUR FRAMPARTUR 1439 KR. kg Merkt verð 1799kr.
20% afsláttur við kassann
KJÚKLINGUR GRILLAÐUR 798 KR. KÍLÓVERÐ
Grillaður heill kjúklingur með PEPSI MAX 2ja lítra í kaupbæti!
FETAOSTURINN FRÁ MJÓLKU FÆST Í BÓNUS!
KRYDDFETI 195 KR. 200g
FORSOÐNAR ÍSLENSKAR PARÍSARKARTÖFLUR
2x 300grömm 359 KR. 600g
Kjúklingatilboðið góða!
Fullsteiktar fiskibollur - aðeins 1% fita!
STEIKTAR FISKIBOLLUR 299 KR. 430g
Danskt eðalkaffi 199 KR. 500g
Hangiframpartsbitar með beini frá Kjarnafæði
HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI 595 KR. kg
Merkt verð 699kr. 15% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
EKKERT BRUÐL
Vinsælasta hangikjötið í Bónus!
Danskt eðalkaffi
www.bonus.is
BÓNUS
bonus.is
ERAN/Landlist











## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 9 | 6 | 8 | 3 |
| 5 | 6 | 2 | 4 | 3 | 8 | 9 | 1 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 7 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 6 | 1 | 3 | 2 |
| 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 5 | 6 | 9 |
| 6 | 5 | 1 | 3 | 9 | 2 | 7 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 6 |
| 2 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 9 | 5 |
| 3 | 7 | 9 | 6 | 4 | 5 | 8 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 6 | 1 | | 8 | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 3 | | | | 8 | | | 1 | 9 |
| | | | 1 | | 8 | | | 4 |
| 8 | | 1 | | | | 5 | | 6 |
| 6 | | | 5 | | 7 | | | |
| 7 | 6 | | | 9 | | | | 8 |
| | | | | | | 7 | | |
| | | 3 | | 7 | 2 | 6 | | |






# STUÐ MILLI STRÍÐA Jólaglúgg, glúgg, glúgg

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** BER VIÐ GLÁMSKYGGNI AF GLAGGARÞAMBI.



Ég hélt ég væri endanlega að bugast undan skammdeginu nú fyrir skemmstu. Sólin kemur ekki upp fyrr en rétt fyrir hádegi. Hverfur aftur á braut rétt eftir hádegi og ef maður er það óheppinn að síminn hringir akkúrat meðan sólin hangir á lofti þá bara missir maður af dagsbirtunni.

Þannig að ég var farin að stynja af skammdegisleiða og mændi út í myrkrið til að reyna að koma auga á gleðina. Þá barst mér tölvupóstur. Ekki einn. Heldur margir. Og allir sama efnis. Boðað er til glaggar. Greinilegt að allar skemmtinefndir landsins hafi hugsað með sér „þessa helgi skal haldin glögg“. Og þar við sat. Mín er því á leið í þrjú boð á sama kvöldi. Eitt með familíunni, annað með vinnufélögunum og hið þriðja með fyrrverandi vinnufélögum. Á öllum stöðum verður borðað og á öllum stöðum verður glögg. Sem mun væntanlega leiða af sér mikið glúgg og glámskyggni eftir glaggarþamb.

Ég er samt spennt og búin að gera tímaplan fyrir kvöldið, hversu lengið verður glúggað í hverri glögg. Fékk líka uppskrift að eigin jólaglögg til að ferðast með á milli staða sem er svohljóðandi ... einn lítri vodka, ein pínuponsu rúsína, allt hrært saman, hitað vel og skreytt með greni. Góð kona benti mér samt á að uppskrift þessi væri kannski ekki heillavænleg þar sem rúsínur valda stundum vindverkjum. Hef ég því ákveðið að sleppa rúsínunni.

En mikið er ég glaggarglöð. Skammdegið mun því væntanlega hrökklast undan skínandi gleði minni á komandi glaggarskemmtunum. Bara vonandi að ég verði nógu glögg að hitta á stólinn þegar ég sest og girði ekki pilsið ofan í sokkabuxurnar.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Íslensk tónlistarjól

**OPIÐ til kl. 22**
í Skeifu, Smáralind, Kringlu, Spöng og á Akureyri.

ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 15:00



2.499 kr

BJÖRGVIN HALLDÓRS - Ár og öld

ÁRITAR Í SKEIFUNNI KL. 15:00 ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 17:00



1.699 kr

BERGSVEINN - September

ÁRITAR Í SKEIFUNNI KL. 17:00 ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 19:00



1.699 kr

MATTI - Ólýsanleg

ÁRITAR Á AKUREYRI KL. 15:00



1.699 kr

ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein

ÁRITAR Í SMÁRALIND KL. 15:00



1.999 kr

SVALA BJÖRGVINS - Bird of Freedom

ÁRITA Í KRINGLUNNI KL. 16:00 ÁRITA OG SPILA Í SMÁRALIND KL. 14:00



1.999 kr

NYLON - Góðir hlutir

ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 15:00



1.999 kr

GARÐAR THOR CORTES - Cortes

ÁRITA Í SMÁRALIND KL. 13:00 ÁRITA Í SKEIFUNNI KL. 14:00



1.999 kr

GERÐUR G. & RAGNHEIÐUR - Jólakveðja

ÁRITA Í SMÁRALIND KL. 16:00



1.699 kr

GUÐRÚN & FRIÐRIK - Ég skemmti mér

ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 17:00



1.999 kr

HELGI BJÖRNS - Yfir Esjuna

ÁRITAR Í KRINGLUNNI KL. 18:00



1.999 kr

JÓN SIGURÐSSON - Til þín

ÁRITA Í KRINGLUNNI KL. 14:00 ÁRITA Í SKEIFUNNI KL. 16:00



1.999 kr

KK & ELLEN - Jólin eru að koma

ÁRITA Í KRINGLUNNI KL. 19:00



1.999 kr

SKÍTAMÓRALL - Má ég sjá

UPPÁKOMA Í KRINGLUNNI KL. 13:00 OG Í SMÁRALIND KL. 18:00



1.999 kr

KÁTIR KRAKKAR & TRÖLLAPÉTUR

ÁRITA Í SMÁRALIND KL. 12:00 ÁRITA Í SMÁRALIND KL. 20:00



1.999 kr

SPARK - Lífið er leikur

ÁRITAR Í SKEIFUNNI KL. 13:00 ÁRITAR Í SPÖNGINNI KL. 14:00



1.999 kr

LEONE TINGANELLI - Volo libero



1.999 kr

KUNG FÚ - Í sannleika sagt



1.699 kr

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL - After the rain



1.699 kr

MAGNÚS ÞÓR - Hljóð er nótt

ALLUR ÁGÓÐI RENNUR TIL RAUÐA KROSS ÍSLANDS



1.499 kr

ÚR VÍSNABÓK HEIMSINS

Gildir til 12. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla


Machintosh og
jólatrésdúkur
fylgir öllum
jólatrjám
laugard.-sunnud.
Quality Street
Jólatré






Geta jólin
byrjað
betur?

...einungis
úrvalsflokkur



Opið til
22.00
öll kvöld
í Skútuvogi

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind




ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20
GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

# Hera á Grænlandi

Söngkonan og lagasmiðurinn Hera Hjartardóttir spilar á tónleikum í Ammassalik í Grænlandi í kvöld.

Hera flýgur til Kulusuk í dag og þaðan er ferðinni heitið með þyrlu til Ammassalik þar sem hún mun spila í Tasiilaq Skole um kvöldið. Hera hefur nýlokið tónleikaferð um landið til að kynna nýjustu plötu sína Don't Play This þar sem hún heimsótti þrjátíu staði víðs vegar um landið og spilaði fyrir nálægt 2000 aðdáendur sína hér á landi.

„Mig hefur mjög lengi langað til að koma til Grænlands og hlakka sérstaklega mikið til að fara í hundasleðaferð," segir Hera. Hún man vel eftir myndum og sögum frá því þegar foreldrar hennar fóru þangað fyrir mörgum árum og komust ekki til baka vegna veðurs. „Við litli bróðir minn áttum selskinnsinniskó úr þeirri ferð sem fóru upp í hillu eftir að við uxum upp úr þeim og eru þar enn, píííínulitlir," segir Hera. ■



**ENGIR TVEIR SYNGJA EINS** Hera Hjartardóttir heldur tónleika á Grænlandi í kvöld.

# Diddú syngur víða

Sigrún Hjálmtýsdóttir stendur í ströngu þessa dagana og syngur á tvennum ólíkum aðventutónleikum núna um helgina.

Í dag kemur hún fram á hinum árlegu aðventutónleikum í Skálholtskirkju ásamt bróður sínum Páli Óskari, en þar syngur einnig Skálholtskórinn og barna- og kammerkór Biskupstungna auk þess sem Monika Abendroth leikur á hörpu og strengjasveit leikur undir stjórn Hjörleifs Valssonar fiðluleikara. Tónleikarnir verða klukkan 17 og aftur klukkan 20.

Annað kvöld kemur Diddú síðan fram á aðventutónleikum í Bústaðakirkju með Guitar Islancio og kór Bústaðakirkju, sem einnig er árlegur viðburður. Þar ræður sveiflan ríkjum og flutt verða jólalög, þjóðlög, negrasálmar, gospel og klassík.

Á miðvikudaginn í næstu viku kemur Diddú síðan fram á tónleikum í Mosfellskirkju, sem einnig er árviss viðburður, þar sem hún syngur ásamt Blásarasveit Mosfellsbæjar.



**DIDDÚ** Syngur með Páli Óskari í dag, með Guitar Islancio á morgun.

BORGARLEIKHÚSIÐ



| Stóra svið | Nýja svið/Litla svið |
|---|---|
| **Salka Valka** | **Lífsins tré** |
| Su 11/12 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20 | Su 11/12 kl. 20 Síðasta sýning! |
| **Woyzeck** | **Þrjár systur e. Tsjekhov** |
| Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21 | Nemendaleikhúsið Aðeins sýnt í desember<br>Í kvöld kl. 20 Þr 13/12 kl. 20<br>Fö 16/12 kl. 20 Lau 17/12 kl. 20<br>Su 18/12 kl. 20 |
| **Kalli á þakinu** | **Manntafl** |
| Su 11/12 kl. 14 Má 26/12 kl. 14<br>Su 8/1 kl. 14 | Mi 28/12 kl. 20 |
| **Leikhópurinn Perlan** | **Alveg brilljant skilnaður** |
| Frumsýnir Jólasveinasögu í leikgerð eftir sögu Bergljótar Arnalds. Su 11/12 kl. 15. Miðaverð1000 kr. Aðeins þessi eina sýning | Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING<br>Fö 30/12 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar |
| **Carmen frumsýnt í janúar 2006** | **Jólagleði Kramhússins 2005** |
| Forsala í dag frá 12 til 20<br>Miðaverð í forsölu 2.600, almennt miðaverð 3.600. Milli 14 og 16 verða sýnd atriði úr Carmen í forsal Borgarleikhússins.<br>Kaffi og piparkökur í boði. Allir velkomnir. | Í kvöld kl. 20:30, miðaverð 1.800- kr.<br>Fjölþjóðleg dans- og skemmtiatriði<br>Veitingar og dans í forsal eftir formlega dagskrá |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Classic ROCK SPORTBAR Ármúli 5

Það er hljómsveitin **Pub-lick** sem mun spila um helgina föstudaginn 9 og laugardaginn 10

TÓNLISTARHÁTÍÐ Á JÓLAFÖSTU Í HALLGRÍMSKIRKJU 2005

JOHANN SEBASTIAN BACH

Jólaóratórían I-VI

BWV 248



*Fyrsti heildarflutningur á Íslandi með barokkhljóðfærum*

**Hulda Björk Garðarsdóttir** sópran
**Sesselja Kristjánsdóttir** alt
**Eyjólfur Eyjólfsson** tenór
**Ágúst Ólafsson** bassi
**Schola cantorum**
**Alþjóðlega barokksveitin frá Den Haag í Hollandi**
Stjórnandi: **Hörður Áskelsson**

| | |
|---|---|
| **10. des.** Laugardagur kl. 17 | Kantötur I-III |
| **11. des.** Sunnudagur kl. 15 | Kantötur I-III |
| **11. des.** Sunnudagur kl. 18 | Kantötur IV-VI |

**Miðaverð: 3000 / 2500 kr.** • Jólaóratóríutvenna (fyrir þá sem vilja heyra Jólaóratóríuna alla): 5000 kr.
Miðasala í Hallgrímskirkju • sími 510 1000

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

FRUMSÝNT Í JANÚAR




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FORSALA LAUGARDAGINN 10. DES. Í BORGARLEIKHÚSINU

Atriði úr Carmen verða sýnd í forsal milli kl. 14–16.
**Allir velkomnir.**
Miðaverð í forsölu 2.600 kr. – almennt miðaverð 3.600 kr.

KB BANKI BORGARLEIKHÚSIÐ

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

7 8 9 **10** 11 12 13

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

- 16.00 **Kvennakór Reykjavíkur** og **Karlakórinn Þrestir** halda þriðju og síðustu jólatónleika sína í ár í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði.
- 17.00 **Skálholtskórinn** og **Barna- og kammerkór Biskupstungna** kemur fram á aðventutónleikum í Skálholtskirkju ásamt einsöngvurunum **Sigrúnu Hjálmtýsdóttur** og **Páli Óskari Hjálmtýssyni**, hörpuleikaranum **Moniku Abendroth** og strengjasveit undir stjórn **Hjörleifs Valssonar**. Organleikari er **Kári Þormar** og stjórnandi **Hilmar Örn Agnarsson**.
- 20.00 **Skúli Sverrisson, Hilmar Jensson, Jóhann Jóhannsson, Hildur Guðnadóttir** og **Ólöf Arnalds** koma fram í Jólaseríu Tilraunaeldhússins, Nýlistasafninu.
- 20.00 Á alþjóðlegum mannréttindadegi efnir **Íslandsdeild Amnesty International** til aðventutónleika í Neskirkju við Hagatorg með sellósveit hljóðfæraleikarara úr Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt **Ingibjörgu Guðjónsdóttur** söngkonu, **Tríó Björns Thoroddsen** og tónlistarhópurinn **Rinascente**.
- 20.00 **Skálholtskórinn** og **Barna- og kammerkór Biskupstungna** kemur öðru sinni fram í dag á aðventutónleikum í Skálholtskirkju ásamt **Sigrúnu Hjálmtýsdóttur** og **Páli Óskari Hjálmtýssyni**, hörpuleikaranum **Moniku Abendroth** og strengjasveit undir stjórn **Hjörleifs Valssonar**.
- 20.30 **Egill Ólafsson** syngur einsöng með **Samkór Svarfdæla** á tónleikum í Glerárkirkju á Akureyri. Stjórnandi er **Petra Björk Pálsdóttir** en **Helga Bryndís Magnúsdóttir** leikur með á píanó.
- 23.00 Hljómsveitin **Hjálmar** leikur í Sjallanum á Akureyri.
- Hljómsveitin **Stjórnin** kemur aftur fram á veitingahúsinu Nasa við Austurvöll.
- Hljómsveitin **Sign** efnir til tónleika á Gauk á Stöng.

### FYRIRLESTRAR

- 14.00 **Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir** þjóðfræðingur flytur fyrirlestur um jólaköttinn í Fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.

### FUNDIR

- 14.00 **Páll Þórhallsson, Þorvaldur Kristinsson** og **Hrefna Friðriksdóttir** kynna frumvarp ríkisstjórnarinnar um réttarstöðu samkynhneigðra og svara spurningum fundargesta á opnum fundi í félagsheimili Samtakanna 78, Laugavegi 3.








**Skínandi kinnbein**

*Strjúktu glitrandi Guerlain-púðri létt á kinnbeinin. Það lífgar upp á útlitið í skammdeginu og er líka einstaklega glæsilegt og jólalegt.*

# útlit

SMEKKURINN: ELVA DÖGG ÁRNADÓTTIR EIGANDI GLAMÚR

## Lifir og hrærist í tísku á hverjum degi

**Spáir þú mikið í tískuna?** Já, það má nú heldur betur segja það. Ég á náttúrlega tískubúð og ég lifi og hrærist í tísku á hverjum degi. Ég er einnig áskrifandi að Vogue.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Stíllinn minn er frekar pæjulegur en samt ekki þannig að það fari yfir strikið. Ég er mjög hrifin af sérstökum flíkum sem enginn annar á og þar af leiðandi er ég mikið fyrir notuð föt.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Ég er mjög hrifin af Roberto Cavalli og Karl Lagerfeld. Það má kannski segja að minn stíll sé dálítil blanda af báðum.

**Flottustu litirnir?** Í fataskápnum eru svartur og gylltur mjög áberandi. Ég er einnig mjög hrifin af ferskjulituðum.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Ég er mjög veik fyrir öllu sem glansar og glitrar sem og loðfeldum og loðkrögum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Það var hvítur kanínuloðfeldur sem ég fékk í Glamúr.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Hnéhá leðurstígvél, fjólubláar gallabuxur og loðfeldur er flott dress.

**Hvað ætlar þú að kaupa fyrir veturinn?** Mig vantar einna helst einhverja góða og hlýja hanska, helst háa leðurhanska sem eru loðnir innan í.

**Uppáhaldsverslun?** Það er náttúrlega Glamúr, enda eru nánast öll fötin mín þaðan. Ég kíki yfirleitt líka í H&M þegar ég fer til útlanda. Þar er alltaf hægt að finna eitthvað skemmtilegt.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Það er mjög misjafnt, stundum engu og stundum miklu.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Ætli það séu ekki svartar gallabuxur sem ég nota mjög mikið.

**Uppáhaldsflík?** Rauður kimono sem ég keypti á markaði í New York.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Ég myndi fara til New York og ég er einmitt að fara þangað. Þar fæst allt sem hugurinn girnist.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Þegar ég hugsa til baka er margt ljótt sem ég hef átt en mér fannst það allt flott þá. Ég er vanalega mjög góð í að kaupa mér föt og kaupi eiginlega aldrei neitt sem ég nota ekki.





MÓÐUR VIKUNNAR

> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

## Með svarta spöng í hárinu

Þegar ég mætti í vinnuna í gærmorgun var 75% kvenkyns vinnufélaga minna (í minni deild) með svarta spöng í hárinu. Ég var þar meðtalin og fannst því frekar spaugilegt að líta yfir hópinn. Þegar ég fór að spyrja kynsystur mínar hvernig stæði á þessu voru svörin mismunandi. Einni fannst taglið koma betur út ef hún væri með spöng í hárinu, fannst það gefa fallegt „sixtís“ yfirbragð. Önnur sagðist nota spöngina á vondum hárdögum. Það var nefnilega það. Ég var einmitt með spöng þennan dag til að bjarga hárinu. Í fyrra var ég með topp eins og örugglega 60% ungra kvenna en núna er ég að safna honum. Það er eiginlega ógerningur nema að vera með spöng sem bjargar málunum. Hún er reyndar svo góð hækja að ég óttast að hún muni gróa föst við hárið á mér á næstunni ef þetta heldur svona áfram.

Svona er þetta sumsé með flestallar tískubylgjur, það koma alltaf timburmenn þegar trendið líður undir lok og þá er gott að geta bjargað sér. Þessvegna er önnur hver stelpa með spöng núna sem skartaði flottum toppi í fyrra. Merkilegt hvernig tískubylgjurnar svífa yfir og hrifsa fólk með sér.

Það er þó eitt sem truflar mig við það að hafa spöng í hárinu. Hún meiðir mig pínulítið bak við eyrun sem gerir það að verkum að ég færi hana alltaf aftar og aftar þangað til hún dettur. En það er líka annað. Ég lít út fyrir að vera í sjöunda bekk. Ég var nefnilega heilmikið með spöng í hárinu í Selásskóla og því minnir spöngin mig óhjákvæmilega á þann tíma. Það eina góða er að núna þarf ég ekki að hafa áhyggjur af að vinnufélagar mínir rífi spöngina úr hárinu á mér eins og tíðkaðist oft í tíu ára bekknum.






Perlufestar fara dásamlega vel við hvítt.





KJÓLL FRÁ OASIS

KJÓLL FRÁ KAREN MILLEN

## Kremhvít jól

Þegar svarti liturinn hefur haft yfirhöndina er góð tilfinning að sjá glitta í hið hvíta. Hann verður einmitt einn af aðaljólalitunum í ár. Þá er alveg sama hvort liturinn er skjannahvítur eða kremaður, hvort tveggja gengur upp. Það má lýsa innreið hvíta litarins sem ljósi í myrkri eða bjartari tíð. Mikið er um ljósa liti á sparifötum enda sómir liturinn sér vel í blúnduefni, silki, satíni og öðru slíku. Mikið er um kjóla í ljósum lit en líka toppa, pils, skyrtur, skó og peysur. Kjólarnir eru allt frá því að ná niður á miðja kálfa upp í „aðeins fyrir ofan hné“. Hlíralaust kemur alltaf inn á þessum árstíma og þá er um að gera að klæðast fallegum bóleróermum við eða vera í litlum krúttlegum jakka. Það er hátíðlegt að vera í hvítu frá toppi til táar en það er líka dásamlega drottningarlegt að klæðast ljósum blúndukjólum, vera með gullfestar um hálsinn og jafnvel hvítt kanínuskinn til að skreyta ennþá meira. Munið bara að svartar 40 den sokkabuxur eru ómögulegar við hvíta kjóla.



HRINGUR FRÁ HENDRIKKU WAAGE.



**DÖMULEGIR** Spariskór frá Karen Millen.



FATNAÐUR FRÁ CENTRUM KRINGLUNNI





**ÞAÐ ER ENGIN EIN** kjólasídd vinsælli en önnur, allt er leyfilegt, bara spurning um að finna það sem klæðir hvern og einn.



**ANDREA OG BIRTA** í júniform blanda skinni saman við blúndur.



TOPPUR FRÁ OASIS



# Í flatbotna skóm á verðlaunahátíðum

Leikstýran Sofia Coppola hefur einstaklega fallegan fatastíl en einnig afar einfaldan. Hún klæðist mikið svörtum og dökkum litum og virðist ekki vera hrifin af skærum litum. Hún er ein af þeim heppnu sem líta alltaf töff út en um leið virðist hún hafa óskipt lítið fyrir því og jafnvel virðist það vera alveg óvart. Hún er orðin tískufyrirmynd fyrir slysni.

Hárið á henni er náttúrulegt og hún notar afar lítinn farða, enda er hún falleg frá náttúrunnar hendi. Hún er þó ekki falleg á hefðbundinn hátt heldur er andlitsfall hennar afar sérstakt. Einnig notar hún fáa skartgripi og hikar ekki við að klæðast flatbotna skóm á fínum verðlaunahátíðum.

Stíllinn hennar á það til að vera örlítið vandræðalegur og oft kemur hún fram eins og lítil óörugg skólastúlka sem veit ekki alveg hvernig hún á að vera. En um leið er hún mjög töff. Þetta óörugga og örlítið nördalega lúkk elskar hönnuðurinn Marc Jacobs enda eru þau góðir vinir og oftar en ekki klæðist hún fötum frá honum.

Hún er þó ekki hrifin af því að tala um stílinn sinn og vill ekki að hann fái mikla athygli. „Sem betur fer eru orðin leikstjórar og tíska sjaldan notuð í sömu setningu,“ segir hún. Þegar hún var spurð hvers vegna hún hefði komið á flatbotna skóm á Golden Globe-hátíðina segir hún:

„Ég nota stundum háhælaskó en mér finnst flatbotna skór þægilegri.“ ■



**MARY KATE** Hún er ekki ókunnug reykförðuninni og sparar sjaldan augnskuggann.

# Nú er tíminn

Veturinn er tími hins dökka augnfarða og ættu konur að nýta sér það og vera óhræddar við að bera lit á augnlokin. Smokey-augnförðun getur fengið hvaða konu sem er til að finnast hún dýrðlega kynþokkafull. Gott er að nota fallega litaða augnskugga eins og fjólubláan, blágrænan eða brúnan. Svartur er aðeins of dökkur og alls ekki auðvelt að mála augun í þessum stíl með svörtum augnskugga án þess að útkoman verði hörmung ein. Gott er að nota annan lit en augnlit viðkomandi í augnskugga því þá verða augun meira áberandi. Fjólublái liturinn fer vel við græn augu og brún.

Varast ber þó að nota dökkan varalit við dökkan augnskugga því enginn vill nú líta út eins og Morticia Addams. Þegar þessir litir eru notaðir við augnförðun er fínt að skella á sig fallegu glossi í náttúrulegum lit eða ljósum varalit og púðra andlitið með sólarpúðri. Einnig má setja örlítinn kinnalit á kinnbeinin til að fá fallegan heildarsvip á andlitið og til að framkalla frískleikann. Dökkur augnfarði og föl húð fara að sjálfsögðu ekki vel saman. ■



**AUGNSKUGGAR**
Gott er eiga ágætt úrval lita sem henta augnlit viðkomandi. Fjólublár hentar vel fyrir þessa förðun og fer best við græn og brún augu.



**Jólaleikur fyrir Snilldarkortshafa**




# Láttu ljós þitt skína

og taktu þátt í hugmyndasamkeppni á **snilld.is!**

**Glæsileg verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar:**

1. **verðlaun**
   *50 þúsund króna gjafabréf í einhverri af eftirtöldum verslunum: BT, Sautján, Smash, Deres, GS skór, Centrum, Topshop eða Útilíf.*
2. **verðlaun**
   *25 þúsund króna gjafabréf í einhverri af ofantöldum verslunum.*
3. **verðlaun**
   *15 þúsund króna gjafabréf í einhverri af ofantöldum verslunum.*

Taktu þátt fyrir 14. desember en þá hefst netkosning milli bestu hugmyndanna á **snilld.is**.

Hægt er að sækja um Snilldarkort SPRON á **snilld.is**.

spron SnilLD.is

**FULLKOMIN HELGI: SIGRÚN BENDER**

# Lexíurnar ganga fyrir

Sigrún Bender, sem eitt sinn skartaði titlinum Ungrú Reykjavík, þarf að beita sjálfa sig járnaga þessa helgina því hún er á endasprettinum í lokaprófum í bóklegu námi við Flugskóla Íslands. „Svo ég geri ekki ráð fyrir að það verði nokkur tími til að líta upp úr bókunum þessa helgi.“

Prófin þreytir Sigrún í tveimur törnum sem hvor telur sex próf. Hún hefur nú lokið þremur prófum af seinni törninni og á því jafnmörg eftir, sem hún lýkur í næstu viku. „Ég býst við að mæta í Þjóðarbókhlöðuna eins og alla aðra daga. Ég er yfirleitt mætt um leið og er opnað klukkan rúmlega átta og fer ekki fet fyrr en það er búið að loka,“ segir hún og viðurkennir að það sé erfitt að fara snemma á fætur í dimmasta skammdeginu. Hún lætur sig þó hafa það að fara í Þjóðarbókhlöðuna á hverjum degi því hún hefur enga eirð í sér til að læra heima. „Ég fer stundum að dytta að ólíklegustu hlutum og taka til og það er auðvelt að festast við sjónvarpstækið ef það er einhver agalega skemmtilegur þáttur á dagskrá.“

Næsta próf er á sviði sem Sigrún kallar því fróma heiti „Radio Navigation“ og snýr að flugleiðum eftir vitum sem senda frá sér útvarpsbylgjur. „Það gengur ágætlega að læra fyrir það. Þyngstu prófin eru að baki þannig að róðurinn er farinn að léttast.“

Sigrún segir það ósköp mismunandi hvernig hún verji helgunum þegar hún er ekki að læra fyrir próf. „Mér finnst gaman að fara út og skemmta mér í góðra vina hópi þótt ég sé ekki brjálaður djammbolti. Það er fínt í hófi.“



**SIGRÚN BENDER** Ætlar að læra um helgina.








KING KONG
FJÖLSKYLDUTILBOÐ
FYRSTU 50 MÁLTÍDUNUM FYLGJA MIDAR FYRIR TVO Á FORSÝNINGU KING KONG Í HÁSKÓLABÍÓI 13. DESEMBER
TVÆR BIG KING MÁLTÍÐIR
+ TVÆR BARNAMÁLTÍÐIR
1.999-
KONG BOLTI
ÖSKUR KONG
LOGANDI LJÓS KONG
SEGUL KLIFUR KONG
HREYFIARMA KONG
ANN DARROW DUKKA
BURGER KING
6 ÆVINTÝRALEG LEIKFÖNG
EIN MEÐ HVERRI BARNAMÁLTÍÐ
SMÁRALIND • ESSO ÁRTÚNSHÖFÐA • ESSO FOSSVOGI
BÍLALÚGA Á ESSO STÖÐVUNUM



# VELKOMIN

*Fjölskylduskemmtu*

**LAUGARDAGUR**

13-14 Lifandi jólatónlist

14:00 Kalli á þakinu og jólasveinarnir

## OPNUNARTÍMI TIL JÓLA

LAUGARDAGUR 11. desember opið til kl. 18
SUNNUDAGUR 12. desember opið til kl. 18

FRÁ OG MEÐ MÁNUDEGINUM 12. DESEMBER
ER OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 22.

ÞORLÁKSMESSA OPIÐ TIL KL 23.
AÐFANGADAGUR OPIÐ TIL KL. 13.

Fífa
ALLT FYRIR BÖRNIN

Bakarameistarinn

KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI



Heppnir gestir í Húsgagnahöllinni um helgina fá miða á Kalla á Þakinu

KALLI Á ÞAKINU

Sýningar á Kalla á Þakinu
í Borgarleikhúsinu í desember:

Sunnudag 11. des.
Annan í jólum, 26. des.

# Í HÚSGAGNAHÖLLINA

*n um helgina*

| | |
|---|---|
| 15-16 | Myndataka með jólasveininum |
| 16-17 | Jólasveinar skemmta |
| 17-18 | Myndataka með jólasveininum |

**SUNNUDAGUR**

| | |
|---|---|
| 14-15 | Jólasveinar á ferðinni |
| 17-18 | Lifandi jólatónlist |

INTER SPORT

HÚSGAGNAHÖLLIN

GOLFVERSLUN NEVADA BOB

Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík










# FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn Jack Black mun leika ofurhetju í væntanlegri mynd. „Í myndinni er ég geimfari sem fer of nálægt sólinni. Þegar ég kem aftur til jarðar er eitthvað mikið að mér en þegar sólin skín á mig verð ég gáfaðasti maður í heiminum. Drepfyndið!“ sagði hinn hógværi Black.



Reese Witherspoon er reið út í leikstjórann Robert Luketic, sem hefur látið hafa eftir sér að hún sé óviðráðanleg og erfitt hafi reynst að vinna með henni við gerð Legally Blonde-myndanna. „Ég skil ekki hvað hann er að meina með þessu. Og ef honum leið svona, af hverju beið hann þá í fimm ár með að tala um það? Hann hefði getað hringt í mig,“ sagði hún hneyksluð.



Leikarinn Leonardo DiCaprio ætlar að gera heimildarmynd um vandamálin sem herja á jörðina og um það hvað fólk getur gert til að bjarga henni. Pókerjöfurinn Doyle Brunson mun leggja fjármagn í myndina auk þess að skrifa handritið með Leo. „Ég þurfti ekkert að hugsa mig um þegar Leo bað mig um að taka þátt. Ég veit að okkur mun takast að vekja athygli á vandamálunum sem heimurinn þarf að berjast við dags daglega,“ sagði Brunson.



Leikstjórinn Peter Jackson hefur losað sig við heil 32 kíló á aðeins tíu mánuðum. Segir Jackson að erfiðisvinnan við myndina King Kong hafi að nokkru leyti hjálpað sér að grennast. „Ég varð bara þreyttur á að vera feitur og úr formi svo ég breytti mataræðinu. Skipti úr hamborgurum yfir í jógúrt og múslí og það virðist hafa virkað. Ég hætti bara að borða ruslfæði,“ sagði Jackson.












JOHN LENNON

# Lennon heiðraður

Aðdáendur jafnt sem tónlistarmenn heiðra nú minningu Johns Lennon. Eins og flestir vita voru á fimmtudag 25 ár liðin síðan hann var skotinn til bana af Mark David Chapman fyrir utan íbúð sína á Manhattan í New York að kvöldi 8. desember 1980. Nokkrar poppstjörnur komu saman í Abbey Road hljóðupptökuverinu og sungu lög eftir Lennon sem síðan var útvarpað beint á BBC Radio 2 á milli 8 og 11 í gærkvöldi. Meðal þeirra sem heiðruðu Lennon með söng sínum voru Katie Mehlua, Paul Weller, The Sugababes og Jamie Cullum. Í Bandaríkjunum fór einnig sams konar útvarpssending fram á útvarpsstöðinni Sirius sem sendir út í New York. Listamenn sem sungu þar í beinni útsendingu voru meðal annarra Dave Matthews og Daryl Hall. Þá var einnig haldin minningarathöfn á Jarðarberjavöllum eða Strawberry Fields í Central Park, nálægt Dakota-byggingunni þar sem Lennon lést. Minningarathafnir voru einnig haldnar í Liverpool á Englandi, heimabæ Lennons. Þá var hvítum blöðrum sleppt í Britannia-garðinum á hafnarsvæðinu á hádegi í gær. Að lokum var einnar mínútu þögn í öllum verslunum Virgin-hljómplötuverslananna í Bretlandi klukkan 11 í gærmorgun. ■



## Skrifar undir á mánudag

Garðar Gunnlaugsson mun skrifa undir samning við skoska úrvalsdeildarfélagið Dunfermline á mánudaginn, en Valur hefur náð samkomulagi við Dunfermline um kaupverð á leikmanninum. Garðar sagðist þó engu ætla að fagna fyrr en hann væri búinn að skrifa undir samninginn.

**sport**

sport@frettabladid.is

POWERADE-BIKARKEPPNI KVENNA: ÚRSLITALEIKUR HAUKA OG KEFLAVÍKUR Í DIGRANESI

# *Ágúst og Anna María fjarri góðu gamni*





Úrslitaleikurinn í Powerade-bikarkeppni kvenna fer fram klukkan tvö í dag á óvenjulegum stað en leikurinn fer fram í Digranesi þar sem fáir stórleikir í körfubolta hafa farið fram. Það eru Keflavík og Haukar sem mætast en það kemur ekki á óvart þar sem þetta eru sterkustu lið landsins ásamt Grindavík.

Haukar mæta til leiks án þjálfarans síns Ágústs Björgvinssonar, sem er í leikbanni, en Keflavík verður án gömlu kempunnar Önnu Maríu Sveinsdóttur sem þurfti að leggjast undir hnífinn vegna hnémeiðsla og leikur því ekki meir á árinu.

"Ég má vera í stúkunni og mun reyna að láta lítið fyrir mér fara," sagði Ágúst Björgvinsson en hann mun treysta aðstoðarþjálfara sínum, Ingva Gunnarssyni, fullkomlega fyrir verkefninu. "Það verður erfitt að sitja á sér en ég verð að vera stilltur að þessu sinni," sagði Ágúst, sem er nokkuð sáttur við íþróttahúsið þó hann hefði frekar viljað leika á parketti en dúki.

Liðin mættust í Keflavík í vikunni og þá gerðu Haukastúlkur sér lítið fyrir og sigruðu, 60-75. "Það er skarð fyrir skildi að Anna María geti ekki verið með. Annars eru allar hinar stelpurnar í fínu standi," sagði Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari Keflavíkur. "Við eigum harma að hefna síðan þær komu hingað og sigruðu okkur. Þá spiluðum við illa en við lofum að gera betur núna og vonandi verður þetta skemmtilegur leikur fyrir áhorfendur."

## > Stjórnin styður Atla

Það er óhætt að segja að yfirlýsing Atla Eðvaldsonar í Fréttablaðinu í gær hafi vakið mikil viðbrögð. Formaður Þróttar, Kristinn Einarsson, staðfesti að stjórn félagsins hefði ekki lesið yfirlýsingu Atla áður en hann sendi hana frá sér enda væri það ekki í hennar verkahring að stýra því hvað fólk segði. "Ég vil ekki ræða mínar persónulega skoðanir á greininni," sagði Kristinn í gær en hann segir stjórnina standa að baki þjálfara sínum. "Við stöndum á bak við Atla og það hefur ekkert breyst."



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

7 8 9 **10** 11 12 13

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 14.00 **Haukar** og **Keflavík** mætast í úrslitum Fyrirtækjabikars kvenna.
- 16.15 **Stjarnan** og **Afturelding** mætast í DHL-deild karla.
- 16.15 **HK** og **Fylkir** eigast við í DHL-deild karla í handbolta.
- 17.30 **Víkingur/Fjölnir** og **Fram** mætast í DHL-deild karla.

### SJÓNVARP

- 13.55 **Fyrirtækjabikarinn í körfubolta** á RÚV.
- 15.20 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Bein útsending.
- 16.05 **Íslandsmótið í handbolta** á RÚV.
- 18.50 **Spænski boltinn** á Sýn.

# Kemur til greina að hætta

**Páll Einarsson, fyrrum fyrirliði Þróttar, íhugar það þessa dagana hvort hann ætli að halda áfram í fótbolta eða leggja skóna á hilluna.**

**FÓTBOLTI** Atli Eðvaldsson, þjálfari Þróttar, fór ekki fögrum orðum um Pál í yfirlýsingu sem birt var í Fréttablaðinu í gær og Páll segir að sér hafi verið verulega brugðið.

„Ég vissi að Atli myndi skýra sitt mál en ég átti ekki von á að hann myndi gerast svona persónulegur," sagði Páll og bætti við að öllum í kringum hann hefði brugðið. „Það var upplausn á mínu heimili og þetta fór ekki vel í fjölskylduna."

Páll ætlar að nota helgina til þess að íhuga hvort hann ætli yfir höfuð að halda áfram í fótbolta en hann hefur verið í viðræðum við nokkur félög síðustu daga.

„Nú slakar maður aðeins á og svo sér maður til. Það kemur vel til greina að hætta í fótboltanum fyrir fullt og allt. Ég er búinn að láta flest liðin sem ég hef talað við vita að ég ætli að hugsa minn gang. Maður þarf tíma til þess að jafna sig á þessu því það var svolítið áfall að lesa yfirlýsinguna," sagði Páll, sem ætlar að svara Atla ítarlegar síðar.

henry@frettabladid.is



**PÁLL EINARSSON** Ætlar að nota helgina til þess að spá í framtíð sína en hann segir vel koma til greina að leggja skóna á hilluna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Spenna í Þýskalandi:

# Riðlar á HM

**FÓTBOLTI** Það var mikil spenna í loftinu gærkvöld þegar dregið var í riðla fyrir HM í Þýskalandi.

Englandingar voru nokkuð sáttir með sinn drátt en athyglisvert verður að fylgjast með hvernig Sven Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englands, mun taka á löndum sínum Svíum en þeir lentu með Englendingum í B- riðli.

Heimsmeistarar Brasilíumanna lentu frekar auðveldum F-riðli.

Riðlarnir eru eftirfarandi. **A-Riðill**: Þýskaland, Ekvador, Pólland, Kostaríka. **B-Riðill**: England, Paragvæ, Svíþjóð, Trínidad og Tóbagó. **C-Riðill**: Argentína, Fílabeinsströndin, Holland, Serbía. **D-Riðill** Mexíkó, Angóla, Portúgal, Íran. **E-Riðill**: Ítalía, Gana, Tékkland, Bandaríkin. **F-Riðill**: Brasilía, Ástralía, Króatía, Japan. **G-Riðill**: Frakkland, Tógo, Sviss, Suður-Kórea. **H-Riðill:** Spánn, Túnis, Úkraína, Sádí Arabía.




GEFÐU SKEMMTILEGA
DVD JÓLAPAKKA!
WILL FERRELL ROBERT DUVALL
KICKING & SCREAMING
AMERICAN PIE BAND CAMP
LAND OF THE DEAD
the ring two
Fear comes full circle
Surviving Christmas
CARLITO'S WAY RISE TO POWER
KING KONG
Meet the Fockers
Meet the Parents
the interpreter
SAHARA
BACK TO THE FUTURE
SEX AND THE CITY
The Complete Series
Joey
JURASSIC PARK
THE ULTIMATE COLLECTION
SAM MYNDIR

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Only one is a wanderer; two together are always going somewhere.“**

Svar: Madeleine úr kvikmyndinni Vertigo frá árinu 1958

# dagskrá

## Í TÆKINU JULIANNE MOORE LEIKUR Í THE HAND THAT ROCKS THE CRADLE Í SJÓNVARPINU KL.00.15

# *Margtilnefnd leikkona*



Julianne Moore fæddist í Norður-Karólínu árið 1960. Faðir hennar var dómari herdómstólsins en móðirin skoskur ríkisstarfsmaður. Julianne eyddi uppvaxtarárunum á yfir 24 stöðum víðsvegar um heiminn og útskrifaðist meðal annars út menntaskóla í Frankfurt í Þýskalandi. Lokst settist hún þó að í Boston og lauk þaðan B.F.A. gráðu í leiklist. Eftir útskrift flutti hún til New York og vann myrkranna á milli í leikhúsi. Eins og margar aðrar leikkonur níunda áratugarins féll Julianne í sápuóperur. Hún lék meðal annars hálfsysturnar Frannie og Sabriunu í sápunni As the World Turns en fyrir það fékk hún Daytime Emmy-verðlaunin árið 1988. Í framhaldinu lék hún í ómerkilegum myndun sem fáir muna eftir.
Myndin Tales from the Darkside: The Movie frá árinu 1990 kom Julianne loks á kortið. Smám saman fékk hún stærri og meira krefjandi kvikmyndahlutverk. Fyrsta aðalhlutverk Julianne var í myndinni Safe árið 1995. Hún fékk góða gagnrýni fyrir leikinn og hlaut meðal annars tilnefningu til Independent Spirit-verðlaunanna. Árið 1995 fór hún í rómantískar gamanmyndir og lék á móti Hugh Grant í Nine Months. Eftir það lék hún í mörgum góðum myndum og hefur hlotið fjölmargar tilnefningar, meðal annars til Golden Globe-, Akademísku- og Óskarsverðlaunanna.

**Þrjár bestu myndir Julianne:** **Boogie Nights** – 1997 **Magnolia** – 1999 **The Hours** – 2002



**20.10** *Gaman*

SPAUGSTOFAN



**21.35** *Kvikmyndir*

THE STEPFORD WIVES



**22.00** *Spenna*

HEX



**21:00** *Keppni*

MISS WORLD 2005



**18.50** *Fótbolti*

SPÆNSKI BOLTINN

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís **8.08** Kóalabræður **8.19** Fæturnir á Fanney **8.32** Franklín **8.58** Konráð og Baldur **9.15** Gormur **9.38** Gló magnaða (28:52) **10.00** Kóalabirnirnir (14:26) **10.25** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (9:24) **10.30** Stundin okkar **11.15** Kastljós **11.45** Veira í paradís

**13.20** Landskeppni í karate **13.55** Fyrirtækjabikarinn í körfubolta **15.45** Handboltakvöld **16.05** Íslandsmótið í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (35:51) **18.25** Frasier

**18.50** **Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (10:24)**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Hljómsveit kvöldsins**
▶ **20.10** **Spaugstofan** Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**20.40** **Skólastjórinn** (Ahead of the Class) Splunkuný bresk sjónvarpsmynd byggð á sönnum atburðum sem gerðust 1995. Leikstjóri er Adrian Shergold og meðal leikenda eru Julie Walters, Inday Ba, Reece Dinsdale, Michelle Fairley, Danny Nussbaum og Anton Lesser.
**22.20** **Illt gengi** (Bad Company) Bandarísk hasarmynd frá 2002. Leikstjóri er Joel Schumacher og meðal leikenda eru Anthony Hopkins, Chris Rock og Peter Stormare.

**0.15** Barnfóstran (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **2.00** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## 2 (STÖÐ 2)

**7.00** Jellies **7.10** Ljósvakar **7.20** Músti **7.25** Pingu **7.30** Kærleiksbirnirnir (54:60) **8.10** Með afa **9.05** Galdrabókin (9:24) **9.15** Kalli á þakinu **9.40** Benjamín dúfa **11.10** Jesús og Jósefína (10:24) (e) **11.30** Home Improvement 3 (7:25)

**12.00** Hádegisfréttir **12.15** Bold and the Beautiful **14.55** Idol – Stjörnuleit 3 **15.35** Eldsnöggt með Jóa Fel (7:8) **16.10** Amazing Race (14:15) **17.00** Sjálfstætt fólk **17.35** Oprah (16:145) **18.20** Galdrabókin (10:24)

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.15** **George Lopez (12:24)** (Friends Don't Let Friends Marry Drunks)
**19.40** **Stelpurnar (15:20)**
**20.05** **Bestu Strákarnir**
**20.35** **Það var lagið**
▶ **21.35** **The Stepford Wives** (Stepford-eiginkonurnar) Bráðskemmtileg og gráglettin gamanmynd með lúmskum ádeilubroddi sem skartar í aðalhlutverkum nokkrum að stærstu leikkonum í Hollywood; Nicole Kidman,Glen Close og Bette Midler auk leikara á borð við Matthew Broderick, ChristopherWalken og Jon Lovitz. Leikstjóri: Frank Oz. 2004. Bönnuð börnum.

**23.10** The Good, the Bad and the Ugly (Stranglega bönnuð börnum) **1.45** The Majestic **4.10** Stranger Inside **5.40** Fréttir Stöðvar 2 **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**17.10** Ford fyrsætukeppnin 2005 **17.40** Party at the Palms (3:12) **18.05** Friends 5 (6:23) (e)

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Game TV**
**19.30** **Fabulous Life of (4:20)**
**20.00** **Friends 5 (7:23) (e)**
**20.25** **Friends 5 (8:23) (e)**
**20.50** **Sirkus RVK (6:30)**
**21.20** **Ástarfleyið (8:11)**
▶ **22.00** **HEX (10:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Cassie erfeimin ung stelpa sem uppgötvar einn daginn að hún hefur hættulega krafta sem hafa gengið í gegnum ætt hennar, kynslóð eftir kynslóð. Það sem hún veit ekki enn er að einhver vill hana feiga og mun gera allt til þess að takast það. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn í Bretlandi.
**22.45** **Idol extra 2005/2006**

**23.15** Girls Next Door (6:15) **23.40** Joan Of Arcadia (23:23) **0.25** Paradise Hotel (23:28) **1.10** Bush's Brain

## SKJÁREINN

**9.45** Spurningaþátturinn Spark – lokaþáttur (e) **10.15** Popppunktur (e) **11.15** Rock Star: INXS (e) **11.40** Rock Star: INXS (e)

**13.00** Miss World 2005 **15.00** Íslenski bachelorinn (e) **16.00** Jamie Oliver's School Dinners (e) **17.00** Survivor Guatemala (e) **18.00** Fasteignasjónvarpið

**19.00** **Will & Grace (e)**
**19.30** **The O.C. (e)**
**20.30** **The King of Queens (e)** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Carrie er að verða 35 ára og er óörugg með útlitið á sér.
▶ **21.00** **Miss World 2005** Í ár verður keppnin um Miss World háð í 55. sinn. Að þessu sinni verður keppnin verður haldin í Sanya, Kína og sýnir SkjárEinn keppnina í beinni útsendingu. Búast má við miklu sjónarspili enda um að ræða stærstu árlegu sjónvarpsútsendingu í heimi, með rúmlega 2 milljarða áhorfenda. Aldrei hafa fleiri glæsilegir keppendur tekið þátt og nú fá áhorfendur tækifæri til að kjósa þá sem þeim líst best á.

**23.00** New Tricks – lokaþáttur **23.55** C.S.I. (e) **0.50** Law & Order: SVU (e) **1.35** Boston Legal (e) **2.30** Ripley's Believe it or not! (e) **3.15** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.45** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**9.00** A1 Grand Prix samantekt **9.55** A1 Grand Prix **12.00** Ítölsku mörkin **12.30** Ensku mörkin

**13.00** Spænsku mörkin **13.30** Meistaradeildin með Guðna Bergs **14.15** Race of Champions – 2005 Highlights **15.20** Meistaradeild Evrópu í handbolta – Barcelona og Magdeburg **16.55** World Supercross GP 2005

**17.50** Fifth Gear **18.20** Spænsku mörkin
▶ **18.50** **Spænski boltinn** (Spænski boltinn 05/06) Bein útsending frá 15. umferð í spænska boltanum. Meðal liða sem mætast í þessari umferð eru: Barcelona – Sevilla, Betis – Espanyol, R. Sociedad – Villarreal, Valencia – Athletic, Malaga – Real Madrid o.fl.
**21.00** **Target World Challenge 2005** Bein útsending frá Target World Challenge. Mótið er skipulagt af Tiger Woods en hann velur keppendurna á mótinu.

**23.30** Enski boltinn

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Clockstoppers **8.00** Valerie Flake **10.00** Hey Arnold! The Movie **12.00** Top Gun **14.00** Clockstoppers **16.00** Valerie Flake **18.00** Hey Arnold! The Movie **20.00 Top Gun** **22.00 The Fourth Angel** (Fjórði engillinn) Spennumynd Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Lucky Numbers (Bönnuð börnum) **2.00** The Transporter (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Fourth Angel (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Most Shocking Moments in... **13.00** 101 Most Shocking Moments in... **14.00** It's Good To Be **14.30** The Soup UK **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Uncut **17.00** The E! True Hollywood Story **19.00** E! News Weekend **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Dr. 90210 **23.00** The Soup UK **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Taradise **0.30** Taradise **1.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**12.35** Liverpool – Middlesbrough (b) **14.40** Á vellinum með Snorra Má (b) **15.00** Chelsea – Wigan (b) **17.00** Á vellinum með Snorra Má (framhald) **17.15** Newcastle – Arsenal (b)
**19.30** **Spurningaþátturinn Spark (e)**
**20.00** **Charlton – Sunderland** Leikur frá því í dag.
**22.00** **Bolton – Aston Villa** Leikur frá því í dag.
**0.00** Dagskrárlok




LEIKIR HELGARINNAR

LAUGARDAGUR 10. DESEMBER
12.35 Liverpool - Middlesbrough (b)
15.00 Chelsea - Wigan (b)
15.00 Charlton - Sunderland EB 2 (b)
15.00 Bolton - Aston Villa EB 3 (b)
15.00 Blackburn - West Ham EB 4 (b)
15.00 WBA - Man.City EB 5 (b)
17.15 Newcastle - Arsenal (b)

SUNNUDAGUR 11. DESEMBER
15.50 Man.Utd - Everton (b)

MÁNUDAGUR 12. DESEMBER
19.50 Tottenham - Portsmouth (b)

MIÐVIKUDAGUR 14. DESEMBER
19.50 Man.Utd – Wigan (b)
19.55 Everton - West Ham EB 2 (b)

ÍSLANDSMET Í DESEMBER

Á TÍMABILINU 3. DESEMBER TIL 4. JANÚAR SÝNUM VIÐ YFIR 60 LEIKI Í BEINNI ÚTSENDINGU Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI

actavis hagur í heilsu ICELANDAIR FRJÁLSI

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 800 7000, Á WWW.ENSKI.IS EÐA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS.

ENSKI BOLTINN

ENNEMM / SÍA / NM19607

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Það var lagið — Stöð 2 **kl. 20.35**

### *Sumargleðin saman á ný*

***Hemmi Gunn fær Sumargleðina í heimsókn***



Sannkölluð gleðitíðindi munu eiga sér stað í kvöld þegar saman kemur kjarninn úr hinni einu sönnu gömlu og góðu Sumargleði. Það mun gerast í skemmtiþættinum þegar Hemmi Gunn tekur á móti góðvinum sínum og óumdeilanlega hressustu mönnum landsins, þeim Ragnari Bjarnasyni, Ómari Ragnarssyni, Þorgeiri Ástvaldssyni og Magnúsi Ólafssyni. Þessir söngelsku félagar ætla að sameinast í söng, eða öllu heldur etja kappi í söng; Raggi Bjarna og Ómar Ragnars á móti Þorgeiri Ástvalds og Magga Ólafs. Oft hefur verið glatt á hjalla hjá Hemma en að þessu sinni tekur gleðin öll völd!

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur **10.03** Laugardagsmorgunn

**12.10** Hádegisútvarpið **13.00** Bókmennaþátturinn **14.00** Úr skríni **15.03** Glópagull og gisnir skógar e **16.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **17.03** Frjálsar hendur Illuga e. **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Bílaþáttur e. **20.00** Laugardagsmorgunn e. **22.00** Hádegisútvarpið e. **23.00** Bókmenntaþátturinn e.

**0.00** Úr skríni e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.55** Bæn **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Bókaþing **11.00** Í vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Púsl **14.40** Vítt og breitt **15.30** Með laugardagskaffinu **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.28** Í kvöld um kaffileytið **19.00** Ópera mánaðarins: The Midsummer Marriage **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturvörðurinn

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsd. **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartans. **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielss. **3.00** Rósa Ingólfs **4.00** Kjartan G. Kjartanss. **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**11.00**
*Spjall*

HELGIN – MEÐ EIRÍKI JÓNSSYNI

## NFS

**10.00** Fréttir **10.10** Sögur af fólki – með Helgu Völu Helgadóttur
**11.00** Helgin – með Eiríki Jónssyni

**12.00** Hádegisfréttir/Fréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna/Skaftahlíð-Maður vikunnar. **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.15** Frontline **14.00** Endurteknir þættur frá því fyrr um daginn. **16.00** Fréttir **16.10** Morgundagskrá e.

**18.00** Veðurfréttir og íþróttir
**18.30 Kvöldfréttir**
**19.10 Helgarþættir NFS e.**

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.45** Ski Jumping: World Cup Harrachov **14.30** Bobsleigh: World Cup Igls **15.30** Biathlon: World Cup Hochfilzen Germany **16.30** Swimming: European Championship Italy **18.00** Cross-country Skiing: World Cup Vernon Canada **18.45** Ski Jumping: World Cup Harrachov **19.30** Cross-country Skiing: World Cup Vernon Canada **20.45** Snooker: UK Championship York **23.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **23.30** Curling: European Championship Germany

**BBC PRIME**

**12.30** Passport to the Sun **13.00** Doctors **13.30** Doctors **14.00** Doctors **14.30** Doctors **15.00** My Hero **15.30** Yes Prime Minister **16.00** Top of the Pops **16.35** Top of the Pops 2 Specials **16.55** The Weakest Link **17.40** Strictly Come Dancing **18.40** Casualty **19.30** Strictly Come Dancing **20.00** What I Wish I'd Known When I Was 20 **20.30** How to Be a Prince **21.30** Growing Up and Up **22.30** Top of the Pops **23.05** Top of the Pops 2 Specials **23.25** The League of Gentlemen **0.00** Meet the Ancestors **1.00** The Private Life of a Masterpiece **2.00** Discovering Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds From Disaster **13.00** Megacities **14.00** Megastructures **15.00** When Expeditions Go Wrong **16.00** Seconds From Disaster **17.00** Air Crash Investigation **18.00** The Longest River **19.30** The Death of Aryton Senna **20.00** Murder Dolls? **21.00** TBC **23.00** Dambusters **0.00** Most Amazing Moments **1.00** Most Amazing Moments

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Miami Animal Police **13.00** Greatest Wildlife Show on Earth **14.00** Making Animal Babies **15.00** Monkey Business **15.30** Meerkat Manor **16.00** Big Cat Diary **16.30** Predator's Prey **17.00** Crocodile Hunter **18.00** Britain's Worst Pet **18.30** Animal Planet at the Movies **19.00** The Lost Elephants of Timbuktu **20.00** Face to Face with the Polar Bear **21.00** The Bear Whisperer **22.00** Wolves of the Sea **23.00** Maneaters **23.30** Predator's Prey **0.00** Britain's Worst Pet **0.30** Animal Planet at the Movies **1.00** Face to Face with the Polar Bear **2.00** The Bear Whisperer

**DISCOVERY**

**12.05** The Greatest Ever **13.00** Journey to the Centre of the Earth **14.00** Big, Big Bikes **15.00** Big, Big Bikes **16.00** Reel Race **17.00** Ray Mears' World of Survival **17.30** Ray Mears' World of Survival **18.00** Super Structures **19.00** Man Made Marvels **20.00** American Chopper **21.00** Rides **22.00** Street Racing **23.00** Trauma **0.00** The 50 Stone Woman **1.00** FBI Files **2.00** Big, Big Bikes

**VH1**

**12.00** Smells Like the 90s **12.30** So 80s **13.00** The Fabulous Life of... **14.00** The Fabulous Life of... **15.00** The Fabulous Life of... **16.00** The Fabulous Life of... **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Hogan Knows Best **18.30** Making the Video **19.00** The Fabulous Life of... **20.00** VH1 All Access **21.00** MTV Unplugged **22.00** Viva la Disco **0.30** Flipside **1.00** Chill Out **2.00** VH1 Hits


# GOTT ÍSLENSKT EFNI




**Yfirlit helstu frétta ársins 2004 af innlendum vettvangi.**
Til viðbótar er mikið af spennandi aukaefni.
- **Í brennidepli:** Fjórar vandaðar fréttaskýringar úr þættinum
- **Spaugstofan:** Vel valin atriði með Davíð Oddssyni í aðalhlutverki
- **Íþróttaannáll 2004**

Boðið er upp á enskan og íslenskan skýringartexta sem gerir efnið aðgengilegra stærri hóp.
**Lengd: 135 mín.** *Verð: 2.990*




Ísland og áhugaverðir samferðamenn njóta sín vel í tveimur þáttum af Vestfjörðum í nýrri útgáfu af **Stiklum** hins eina sanna Ómars Ragnarssonar. Stiklurnar heita:
- **Hornbjarg úr djúpinu rís**
- **Gömul saga og ný**

Meðal viðmælenda eru Steingrímur Hermannsson og Davíð Oddson sem koma eftirminnilega við sögu hvor í sínum þætti.
Fáanlegar á VHS, væntanlegar á DVD
**Lengd: 108 mín.** *Verð: 2.990*




Úrval úr þáttaröð Gísla Einarssonar þar sem hann ræðir við fólk úr öllum landshornum. Þættir þessir hafa verið á dagskrá Sjónvarpsins undanfarin ár og notið mikilla vinsælda.
**Lengd: 140 mín.** *Verð: 2.490*




Níu sígild ævintýri í flutningi Halldórs Gylfasonar. Ævintýrin hafa notið mikilla vinsælda í **Stundinni okkar**.
Þau eru m.a.:
- **Aladdín**
- **Mjallhvít**
- **Rauðhetta**
- **Svanirnir sex**

**Lengd: 111 mín.** *Verð: 1.990*

ÓMISSANDI Á HVERJU HEIMILI




Stórskemmtileg atriði með hinum vinsælu **Birtu** og **Bárði** í Stundinni okkar.
**Lengd: 89 mín.** *Verð: 1.990*

Pöntunarsími: 515 3792

SJÓNVARPIÐ

verslun.ruv.is

RÚV RÍKISÚTVARPIÐ



## HRÓSIÐ

*...fær Sigríður Arnardóttir fyrir að hafa stýrt þættinum Fólk með glæsibrag undanfarin fimm ár og öðlast á þeim tíma ótalmarga dygga áhorfendur.*

## NÚNA — BÚIÐ



**Ísbirnir** Þeir sýna enga vægð. Og þeir eru að deyja í hrönnum úti á ísnum út af matarskorti. Ó nei !



**Treflar** Það veitir ekki af menningarpostulum þessa dagana þegar hnakkinn tröllríður öllu.



**Fléttur** Ekki bara fyrir 8 ára stelpur. Passaðu bara að hafa þær ekki of stífar og snyrtilegar.



**Mörgæsir** Myndin sýndi fram á það að þetta eru vitlaus og tilgangslaus dýr. Nei takk.



**Hnakkar** Þeir eru komnir í bækur, sjónvarp og tónlist. Hnakkavæðingin er algerlega að drekkja öllu. Nóg.



**Sléttujárn**
Hver vill vera með straujað hár? Leyfum lokkunum að flæða villt og galið.



**LÁRÉTT** **2** erindi úr sálmi **6** klafi **8** lítill stallur **9** meðvitundarleysi **11** gelt **12** flugfar **14** fet **16** ambátt **17** gljúfur **18** örn **20** drykkur **21** skemmast af frosti.

**LÓÐRÉTT** **1** grasþökur **3** skammstöfun **4** gunga **5** hallandi **7** efnasamband **10** hald **13** sarg **15** bæli **16** ris **19** á fæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** vers, **6** ok, **8** hak, **9** rot, **11** gá, **12** flaug, **14** skref, **16** þý, **17** gil, **18** ari, **20** te, **21** kala.
**LÓÐRÉTT:** **1** torf, **3** eh, **4** raggeit, **5** ská, **7** kolsýra, **10** tak, **13** urg, **15** flet, **16** þak, **19**

allt
atvinna
Alla sunnudaga

**NEMENDUR Í LHÍ:** BÓK SEM FJALLAR UM KYNLÍF MANNA MEÐ ÁLFUM

# Liggja allsber í mosanum

Kynlíf manna með álfum er umfjöllunarefni bókarinnar Please yoursELF sem nokkrir nemendur úr Listaháskóla Íslands gefa út um helgina. „Við erum að vinna að samstarfsverkefni með Háskólanum í Reykjavík undir yfirskriftinni „Ný sýn í ferðamálum“ og okkur langaði ógurlega mikið að vinna með eitthvað sem tengdist álfum. Hugmyndin varð til yfir bjór á Sirkus og okkur datt í hug að markaðssetja kynlíf með íslenskum álfum. Okkur þótti það til dæmis mun jákvæðara en að markaðssetja íslenskar konur,“ segir Hallgerður Hallgrímsdóttir.

Í bókinni er að finna margar litlar sögur af kynlífi manna með álfum, viðtöl við fólk sem hefur stundað kynlíf með álfum auk þess sem bent er á nokkur atriði sem hafa ber í huga þegar slíkt kynlíf er stundað. „Við erum í rauninni að hvetja fólk til að fara út í íslenska náttúru, ekki í hópum heldur frekar eitt eða tvö saman og í raun njóta náttúrunnar eins og hún er. Liggja í mosanum og það helst allsber, finna kraftinn og leyfa álfunum að koma. Sögurnar í bókinni eru misgrófar, sumar hreint ekkert grófar heldur alls kostar rómantískar. Álfarnir sjálfir eru misjafnir og þeir vita alveg hvað maður vill og finna hverju maður hefur áhuga á. Þeir gera ekkert sem fólk vill ekki að þeir geri,“ segir Hallgerður ákveðin og bætir við að í bókinni megi einnig finna myndir af íslenskri náttúru og af fólki sem er í þann veginn að fara að stunda kynlíf með álfum. „Einnig teljum við upp álfategundir og erum með kort af stöðum þar sem maður getur hitt álfa.“

Að sögn Hallgerðar verða prentuð þúsund eintök af bókinni og verður hægt að kaupa hana í Hafnarhúsinu um helgina þar sem sýning á verkefnunum fer fram.



**HALLGERÐUR HALLGRÍMSDÓTTIR** Ein þeirra sem gefa út bókina Please yoursELF sem fjallar um kynlíf manna með álfum. Bókina verður meðal annars hægt að nálgast á sýningu á samstarfsverkefnum nemenda Listaháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík í Hafnarhúsinu um helgina.

„Eftir það mun hún fást í Dogma og Nakta apanum og vonandi á fleiri stöðum. Bókin er á ensku því hún er bæði fyrir Íslendinga og erlenda túrista. Auk þess er hægt að lesa fleiri sögur á bloggsíðunni www.elftruths.blogspot.com og þar verður einnig hægt að panta bókina.“

hilda@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** þykir mjög sigurstrangleg í keppninni Ungfrú Heimur sem fram fer í kvöld í Kína. Mestar líkur eru taldar á því að Ungfrú Filippseyjar verði krýnd en fast á hæla hennar kemur Ungfrú Kanada.
Unni Birnu er síðan spáð þriðja sætinu og það er því nokkuð ljóst að spennan verður rafmögnuð þegar úrslitin verða kynnt. Reyndar hafa veðbankar alltaf verið Íslendingum hliðhollir í alls kyns keppnum og nægir þar að nefna Eurovision-keppnina en hana erum við yfirleitt búin að vinna áður en haldið er af stað. Unnur hefur nú verið tæpan mánuð í Alþýðulýðveldinu og ber sig víst nokkuð vel. Henni hefur tekist að heilla innfædda upp úr skónum en það er orðið ansi langt síðan við Íslendingar áttum Miss World. Síðast gerðist það 1988 þegar Linda Pétursdóttir kom með kórónuna heim og fetaði þar með í fótspor Hólmfríðar Karlsdóttur sem vann titilinn 1985.

**Eiríkur Jónsson** er kominn aftur á skjáinn og nú með fóstbróður sínum Reyni Traustasyni í morgunþættinum Helgin sem er á dagskrá NFS alla laugardagsmorgna klukkan ellefu. Eiríkur vakti óskipta athygli þegar hann var með þátt nefndan í höfuðið á sjálfum sér á Stöð 2 þar sem menn og málefni fengu oftar en ekki að finna til tevatnsins. Áhorfendum nýja þáttarins fannst þó umhverfið heldur leiðinlegt. Þeir félagar hafa því brugðið á það ráð að líkja eftir sviðsmynd Cosby-þáttanna sem sýndir voru á RÚV við miklar vinsældir fyrir margt löngu. Eiríkur og Reynir dvelja nú að mestu leyti í eldhúsi og öðru hvoru er brugðið upp mynd af húsnæðinu þar sem atburðirnir eiga sér stað. Það hefur þó ekki fengið staðfest hvort Eiríkur verði læknirinn Cliff Huxtable og Reynir lögfræðingurinn ráðagóði Clair. Til þess að bæta enn fjölskylduímynd þáttarins hafa einnig heyrst raddir um að blaðamannabörn þáttastjórnandanna, þau Jón Trausti hjá Mannlífi og Hanna Eiríks hjá Hér & nú, komi til með að bregða sér í hlutverk Theo og Denise en ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum.



STÓR HUMAR
RISARÆKJUR
HÖRPUSKEL
TUNFISKUR
SALTSÍLD
KRYDDSÍLD
OPIÐ ALLA LAUGARDAGA 10-14

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Maraþon hjá Íslandsdeild Amnesty

Í dag stendur Íslandsdeild Amnesty fyrir bréfamaraþoni í þágu mannréttinda. Er þetta í fyrsta skipti sem deildin stendur fyrir slíkri dagskrá en svipaðir viðburðir verða í þrjátíu öðrum löndum. Dagsetningin er engin tilviljun því í dag er alþjóðlegi mannréttindadagurinn. „Þetta hefur verið gert í nokkur ár hjá ýmsum mannréttindadeildum um allan heim en á rætur sínar að rekja til pólsku deildarinnar,“ útskýrir Torfi Geir Jónsson, verkefnastjóri Amnesty deildarinnar.

Gestum og gangandi verður gefinn kostur á því að skrifa bréf til þolenda mannréttindabrota, ríkisstjórna sem brjóta mannréttindi og mannréttindafrömuða víða um heim. Að sögn Torfa er ekki gerð nein krafa um sérstaka tungumálakunnáttu heldur eingöngu að hugur fylgi máli. „Fólk er að skrifa jólakveðjur til vina og vandamanna um þessar mundir og þetta fellur ágætlega inn í þá stemningu,“ bætir hann við. Honum finnst einnig tilvalið að fólk taki sér smá tíma á aðventunni og leiði hugann að þeim sem minna mega sín í þessum heimi. „Stutt kveðja frá Íslandi skiptir máli,“ segir hann en góður árangur hefur náðst með þessu átaki um allan heim.

Bréfaskriftirnar hefjast klukkan ellefu um morguninn í húsnæði Amnesty við Hafnarstræti 15 og standa til klukkan fimm en boðið verður upp á léttar veitingar. Klukkan átta um kvöldið verður síðan efnt til tónleika í Neskirkju en meðal þeirra listamanna sem koma fram eru Tríó Björns Thoroddsen, Sellóhópurinn og tónlistahópurinn Rinacente. Miðaverð er 1.500 krónur en allur ágóði rennur óskiptur til styrktar Amnesty International. „Á meðan mannréttindabrotum linnir ekki er þörf á þessu,“ segir Torfi.

- fgg




**TORFI GEIR JÓNSSON** Íslandsdeild Amnesty stendur fyrir bréfaskriftum í samvinnu við aðrar Amnesty-deildir á alþjóðlega mannréttindadeginum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# TIL HAMINGJU SÁLIN HANS JÓNS MÍNS!

## ÁRITUN Í SKÍFUNNI KRINGLUNNI Í DAG KL. 14 OG TEKUR Á MÓTI GULLPLÖTU






**EINA ÁRITUN SÁLARINNAR FYRIR JÓL!**

**Úrvalið er í Skífunni!**

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ; )

BaseCamp

Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000







BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Hár aldur*

Um daginn horfði ég á bandaríska fréttaskýringaþáttinn 60 mínútur. Hið vandaða innihald vakti jú athygli mína en það sem fékk mig einkum og sér í lagi til að velta vöngum var það hversu gamalt fréttafólkið er sem hefur umsjón með þættinum. Þetta eru allt ellismellir. Gráhært fólk með hrukkur. Mér fannst eins og ég væri að horfa á sjónvarp félags eldri borgara. Raddir orðnar rámar. Hárgreiðslan föst í áratugagömlu móti. Húðin leður.

**EN** viti menn. Þetta er einn besti fréttaskýringaþáttur í heimi, ef ekki sá besti. Þetta gæti mörgum Íslendingum fundist skrítið. Hér á landi þykir frekar til siðs að fólk sem sést mikið í sjónvarpi og á opinberum vettvangi sé eins og nýstroknir barnsrassar. Ungt fólk á uppleið. Gamlir refir eru jú einhverjir og þá helst uppi á RÚV. Fáir vita hvar. Gamalt fólk myndi alls ekki fá að hafa fréttaskýringaþátt. Það þætti bara bjánalegt. Gestur Einar var meira að segja tekinn af dagskrá, fimmtíu og fimm ára að aldri, og það í útvarpi.

**ÞESSI** hugsunarháttur, sem kalla má æskudýrkun, er leiðindaeinkenni á íslensku samfélagi. Stjórnendur eru afskaplega hræddir við að nýta sér reynslu og þekkingu fólks sem er komið yfir miðjan aldur. Líklega er þetta nýjungagirnin. Á sama hátt og við erum alltaf að kaupa okkur ný tæki og bíla teljum við ástæðu til þess að starfskraftar í lykilstöðum séu líka sem nýjastir. Svipað á við um stjórnmálin. Það eru engir aldraðir á Alþingi eins og í 60 mínútum. Samt óskar maður þess að stjórnmálin hér á landi einkenndust af álíka mikilli kunnáttu. Gott væri ef einhver reynslubolti með leðurhúð eins og Dan Rather (74 ára) tæki einstaka sinnum til máls niðri á þingi og segði mönnum svart á hvítu með djúpri röddu, markaðri af sögu áratuganna, hvernig á að gera hlutina.

**OG** Dan Rather er ekki sá elsti í 60 mínútum. Mike Wallace er 87 ára og búinn að vera í þættinum í 37 ár. Hann var handtekinn fyrir ólæti á almannafæri í New York fyrir ári síðan eins og hver annar unglingur. Pistlahöfundurinn Andy Rooney er 85 ára og hefur látið gamminn geisa síðan 1949. Sjálfur skapari þáttarins, Don Hewitt, verður 83 ára á miðvikudaginn og er ennþá að skipa fyrir í myndverinu. Svo eru þarna karlar eins og Morley Safer (74 ára), Ed Bradley (66 ára) og kvenskörungurinn Lesley Stahl sem verður 64 ára á föstudaginn. Til hamingju með það. Bráðefnileg kona.

**HÉR** á Íslandi þykir það róttæk hugmynd að stjórnmálamenn eins og Jón Baldvin og Jón Sigurðsson snúi aftur í pólitík vegna þess að þeir eru sagðir gamlir. Sá fyrrnefndi er 66 ára og sá síðarnefndi er 64 ára. Það er enginn aldur. Þetta eru kettlingar. Amma mín er 96 ára og enn í fullu fjöri. Ég sé ekki hvað er vandamálið. Ef þeir vilja fara í pólitík eigi þeir einfaldlega að kýla á það. ■

